

**Umsögn um frumvörp menntamálaráðherra til laga um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og menntunar og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla**

Almennt má segja um frumvörpin að flest horfir til framfara og bóta í skólastarfi. Vinnuferlið sem viðhaft var við samningu laga fyrir leik- og grunnskóla er til mikillar fyrirmyndar.

Það má helst gagnrýna að tækifærið til að mynda heildstæða sýn og orðræðu hefur ekki verið nýtt til fulls. Þegar lagarammi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla er endurskoðaður á sama tíma gefst tækifæri til að samræma áherslur og skipulag. Hér eru nefnd þrjú dæmi þar sem samræma mætti betur milli frumvarpanna þriggja.

- 1) Ákvæði um samvinnu milli skólastiga. Í frumvarpi til leikskólalaga er það verkefni sveitarstjórna að efla samvinnu milli leik- og grunnskóla (gr. 16.) en í frumvarpi að grunnskólalögunum er efling samvinnu leik- og grunnskóla verkefni skólanefndar og það er einnig verkefni skólanefndar að stuðla að samvinnu milli grunn- og framhaldsskóla (gr. 6). Ekkert er um samvinnu milli grunn- og framhaldsskóla í framhaldsskólalögunum.
- 2) Skipan foreldrasamstarfs. Hér væri til mikilla bóta að samræma skipulag foreldrasamstarfs leik- og grunnskóla. Bæði með tilliti til orðavals (foreldraráð/skólaráð) og sameiginlegra verkefna forelda og skóla svo sem umfjöllunar og umsagnarhlutverk. Einnig má nefna ákvæði um upplýsingamiðlun milli skólastiga.
- 3) Í athugasemdum vegna 21. og 23. greinar frumvarps til leikskólalaga er kveðið á um að starfslið sérfræðipjónustu sé með leikskólakennaramenntun (21. grein) og sérfræðikunnátta í málefnum leikskóla sé til staðar (23. gr). Í frumvarpi til laga um grunnskóla er ekki að finna sambærilegar athugasemdir eða ætlan löggjafans. Það orkar því tvímælis að halda þessum fyrirmælum inni í leikskólafrumvarpinu. Þessu til stuðnings má benda á skólaskrifstofur þar sem ekki er fyrir hendi sérþekking á málefnum leikskóla eða grunnskóla í því tilliti að starfsmenn eru hvorki með leikskólakennarapróf eða grunnskólakennarapróf. Þetta ákvæði mun því virka íþyngjandi fyrir sveitarfélög.

Ábendingar varðandi nokkrar greinar frumvarpanna.

X

**Frumvarp til laga um leikskóla**

21. og 22. gr. Í athugasemdum við greinarnar eru gefin vilyrði fyrir að sérfræðipjónusta eigi/geti farið fram innan leikskólans og að afla nauðsynlegrar þjónustu fyrir barnið. Hluti þeirrar sérfræðipjónustu sem leikskólabörn þarfnast er á forræði ríkisins/heilbrigðisþjónustu s.s. sjúkráþjálfun og iðjuþjálfun auk þess sem talmeið eru meðhöndluð af sjálfstætt starfandi sérfræðingum. Vald sérfræðipjónustu sveitarfélaga og leikskólastjóra til að skipuleggja störf þessara aðila er ekki fyrir hendi. Aðstaða til að veita umrædda þjónustu er heldur alls staðar í leikskólum landsins. Einnig má benda á að aðgengi að þessarri þjónustu er misjafnt eftir búsetu. Hér er því um íþyngjandi skyldur að ræða fyrir sveitarfélög ef vilji löggjafans gengur eftir. Einnig má spyrja þeirrar spurningar, hvort löggjafinn er að ganga of langt í að færa skyldur foreldra til opinbera aðila.

**Frumvarp til laga um grunnskóla**

20. grein. Það verða að teljast nokkuð mikið stýring í lögum að mæla fyrir um að við byggingu grunnskóla skuli hafa samráð við grenndarsamfélagið þrátt fyrir að það hafi gefist

vel í þeim tilvikum sem það hefur verið reynt. Það er nokkuð á skjön við sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga.

26. grein. Í athugasemd segir m.a.: *“gera þarf samning milli ríkis og sveitarfélaga um framkvæmdina þegar nemendur stunda samtímis nám í grunn- og framhaldsskóla.”* Það er nokkuð þungt í framkvæmd og því eðlilegra að ríkið setji vinnureglur fyrir framhaldsskólana og ákvæði í lög um framhaldsskóla um þessa samvinnu.

40. grein. Fram kemur í athugasemdum að fjallað verði sérstaklega um hvort ákvæði í frumvarpinu séu til kostnaðarauka. Ákvæðin í frumvarpinu gera ráð fyrir aukinni sérfræðiþjónustu og nýju hlutverki. Það getur verið flókið hlutverk að vera bæði ráðgefandi aðili og eiga síðan að meta árangur og tryggja rétta aðstoð. Sveitarfélögum er ætlað að stuðla að því að þjónusta annarra þ.e. ríkisstarfsmenn og sjálfstætt starfandi sérfræðingar veiti sína þjónustu innan veggja grunnskólans. Slíkt getur verið torsótt af ýmsum ástæðum eins og bent er á í athugasemd við leikskólafrumvarpið hér að framan. Sérfræðiþjónustunni/sveitarfélögum *“er einnig ætlað að veita starfsmönnum aðgang að sérfræðiþjónustu svo sem kennsluráðgjöf, handleiðslu eða öðru því sem lýtur að andlegri og líkamlegri velferð starfsmanna”* (bls. 50). Hér eru býsna miklar kröfur gerðar á hendur sveitarfélögunum og meira en hægt er sjá stað í hinum skólafrumvörpunum þ.e. gagnvart starfsfólki leikskóla að ekki sé minnst á starfsfólk framhaldsskólans. Merkir þetta að starfsfólk grunnskóla á ríkari kröfur á hendur sveitarfélögum varðandi andlega og líkamlega heilsuvernd en aðrir starfsmenn sveitarfélaganna?

### **Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.**

Athygli vekur að gerð er krafa um kennslureynslu eða viðbótarnám í stjórnun þegar leikskólastjórar og grunnskólastjórar eru ráðnir en engar slíkar kröfur eru fyrir hendi þegar skólastjórnandi er ráðinn við framhaldsskóla.

Akranesi 22. febrúar 2008

Helga Gunnarsdóttir  
sviðsstjóri fræðslu-, tómstunda- og íþróttasviðs Akraneskaupstaðar

Pingskjal 321 – 287. mál

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/1172*  
*komudagur 23.1.2008*

### Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla

#### Meginbreytingar sem felast í frumvarpinu

Allmörg nýmæli eru í frumvarpinu. Má nefna ákvæðið 7. gr. um þagnarskyldu starfsmanna leikskóla, 8. gr. um símenntun, 11. gr. um foreldraráð, 14. gr. um skólanámskrá og starfsáætlun, 15. gr. um Sprotasjóð skóla, 17.-20. gr. um mat og eftirlit, 27. gr. um gjaldtöku, 28. gr. um samrekstur skóla og 30. gr. um málskotsrétt. Einnig eru allmargar greinar ítarlegri en áður og má þar m.a. nefna 4. gr. um sveitarfélög, 6. gr. um starfslið leikskóla, 9. gr. um foreldra, 16. gr. um tengsl leikskóla og grunnskóla, 21.-22. gr. um skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu, 25. gr. um leyfi til reksturs leikskóla.

Þessar breytingar ættu að stuðla að auknum sveigjanleika, sjálfstæði, fjölbreytni og samfelli í skólastarfi, ef gætt verður hófs við setningu reglugerða sem menntamálaráðherra er heimilt að setja við margar greinar frumvarpsins.

Ljóst er að margar þær breytingar sem fram koma í frumvarpinu eru hugsaðar til þess að tryggja rétt og öryggi barnanna og vera leiðbeinandi um kæruleiðir foreldra vegna einstakra mála. Verður að ætla að þessar breytingar verði til bóta.

#### 2. Athugasemdir við einstakar greinar eða kafla

Um 4. gr. í greininni er gerð ítarlegri grein fyrir hlutverki og ábyrgð sveitarfélaga í leikskólalögum en í gildandi lögum og m.a. kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að setja almenna stefnu um leikskólalag og kynna fyrir íbúum. Akureyrarbær hefur þegar sett sér slíka stefnu og telur skólanefnd að greinin sé til bóta.

Um 6. gr. Skólanefnd bendir á að nokkurs misræmis gætir hér í frumvarpi til laga um leikskóla og frumvarpi til laga um grunnskóla. Hér er starfsheitið aðstoðarleikskólastjóri inni í lögum en í frumvarpi til grunnskólalaga er aðeins kveðið á um skólastjóra sem svo kemur með tillögu til sveitarstjórnar/skólanefndar um fyrirkomulag stjórnunar í skólanum. Full ástæða er til að ákvæðið um leikskólastjóra og stjórnun leikskóla sé með sama sniði.

Um IV. Kafla þar er fjallað um réttindi og skyldur foreldra sem og aðkomu samtaka þeirra að skólastarfi og stjórnun leikskóla. Skólanefnd bendir á að hér er ekki samræmi í frumvarpi til leikskólalaga við frumvarp til grunnskólalaga. Lagt er til í frumvarpi til grunnskólalaga að foreldraráð renni inn í svokölluð skólaráð sem er skólastjóra til ráðgjafar við stjórn skóla. Skólanefnd telur eðlilegt að skólaráð verði einnig sett á fót við leikskóla, en það getur verið fámennara en lagt er til í frumvarpi til grunnskólalaga.

Um 12. gr. Þessi grein endurspeglar miklar breytingar þar sem horfið er frá ítarlegri skilgreiningu á rýmisþörf barna í leikskóla. Þessi breyting á ekki að leiða til fjölgunar barna í leikskólum heldur er henni ætlað að auka á svigrúm stjórnenda og sjálfstæði við að laga nýtingu leikskólalátnæðisins á hverjum stað að þörfum barnahópsins á

hverjum tíma. Því verður að gæta hófs þegar reglugerð verður sett til þess að sjálfstæði leikskólastjóra til faglegra ákvarðana verði ekki skert, frá því sem þessi grein gefur tilefni til.

**Um 15. gr.** Skólanefnd fagnar þeirri breytingu að þróunarsjóðir einstakra skólastiga skuli sameinaðir í einn sjóða. Þannig ætti að skapast öflugri sjóður sem getur komið með myndarlegri hætti að þróunarstarfi en verið hefur. Mikilvægt er að samhliða þessari breytingu sé auknu fé veitt til sjóðsins svo hann standi undir væntingum.

**Um 16. gr.** Skólanefnd telur að 2. mgr. 16. gr. feli í sér mikilvægt nýmæli sem muni draga úr óvissu við meðferð persónuupplýsinga sem máli skipta þegar barn flyst úr leikskóla í grunnskóla. Er jafnframt eðlilegt að foreldrar séu upplýstir um miðlun slíkra upplýsinga milli skólastiga. Í reglugerð sem ráðherra verður heimilt að setja mætti þó einnig kveða á um hvenær megi eyða upplýsingum um nemendur (bæta lagastoð svo það verði heimilt).

**Um VII. kafla.** Í 17.-20. gr. er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs og er um nýmæli að ræða. Sambærileg ákvæði eru í frumvarpi til laga um grunnskóla. Skólanefnd er þeirrar skoðunar að mat á gæðum leikskólastarfs sé mikilvægt, en bendir á að aukið mat á skólastarfi mun ekki eitt og sér ná þeim markmiðum sem fram koma í 17. gr. um að auka gæði eða tryggja réttindi. Niðurstöður mats geta hins vegar verið mikilvægt tæki sem hafa má hliðsjón af við stefnumótun og getur lagt grunninn að ákvörðunum um þróun skólastarfs. Það er skoðun skólanefndar að ytra mat á leikskólastarfi eigi að mestu leyti að vera á ábyrgð menntamálaráðuneytisins sem ber ábyrgð á framkvæmd þessara laga. Það er hins vegar á ábyrgð sveitarfélaga að leikskólar vinni samkvæmt samþykktri stefnu sveitarfélagsins sem einnig byggir á lögum. Því tekur skólanefnd undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga um að 18. og 19. gr. frumvarpsins falli brott en að kaflinn verði svohljóðandi:

*17. gr. Mat á leikskólastarfi.*

Sveitarfélög skulu reglulega meta starfsemi leikskóla með tilliti til gæða og árangurs. Markmið mats er að stuðla að auknum gæðum leikskólastarfs og leiða í ljós hvort starfsemi leikskóla uppfylli ákvæði laga, reglugerða, aðalnámskrár og skólastefnu sveitarfélags.

Á grundvelli niðurstaðna mats skal nefnd skv. 4. gr. meta þörf fyrir úrbætur og hlutast til um að þær séu gerðar. Haft skal samráð við hlutaðeigandi leikskólastjóra, starfsfólk og foreldra um gerð umbótaáætlana.

Sveitarfélög skulu árlega láta menntamálaráðuneytinu í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.

*20. gr. (verður 18. gr.) Eftirlit menntamálaráðuneytis.*

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um starf leikskóla á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 17. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara, aðalnámskrár leikskóla og aðra þætti skólastarfs.

Ráðherra setur reglugerð um matsaðferðir sbr. 17. gr. og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Um VIII. kafla. Í 21.-23. gr. er fjallað um skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu og eru ákvæðin umtalsvert ítarlegri en ákvæði gildandi laga. Þar er að vísu hvergi sagt að sérfræðingar skuli hafa leikskólakennaramenntun, en sjálfsgætt er að hluti starfsmanna hafi hana.


Um IX. kafla. Í 24.-29. gr. er fjallað um stofnun og rekstur leikskóla. Er um verulegar breytingar að ræða miðað við ákvæði gildandi laga og almennt til mikilla bóta.

Mikilvægt nýmæli er í 28. gr. þar sem kveðið er á um samrekstur skóla. Þar er meðal annars opnað á að sveitarfélög reki í einni stofnun, og undir stjórn eins skólustjóra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Einnig eru ítarleg ákvæði um samvinnu sveitarfélaga um rekstur leikskóla. Loks er í 29. gr. nýtt ákvæði um þróunarleikskóla sem er til þess fallið að ýta undir fjölbreytni í leikskólastarfi.

Um 30. gr. Í greinni er kveðið skýrar á um málskotsrétt og um meðferð kærumála og má ætla að þessar breytingar verði til bóta.

Þannig samþykkt á fundi skólanefndar Akureyrarbæjar 21. janúar 2008.

F.h. skólanefndar



Gunnar Gíslason fræðslustjóri





*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/1381*  
*komudagur 12.2.2008*

Nefndasvið Alþingis  
Menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 11. febrúar 2008

### **Leikskólar 287. mál**

Umsögn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) um frumvarp til laga um leikskóla. Lagt fyrir 135. löggjafarþing 2007-2008.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) vill í upphafi taka fram að það tekur undir margt af þeim markmiðum og áherslum sem fram koma í frumvarpinu og athugasemdunum sem því fylgja og telur þær horfa til framfara. Þetta á m.a. við um:

- Markmið með leikskólastarfinu eins og þau eru sett fram í 2. gr. frumvarpsins.
- Skilgreiningu á rétti barna til sérfræðipjónustu og upplýsingaskyldu til foreldra.
- Áherslur á samráð og samstarf við foreldra leikskólabarna.
- Stuðning við þróunar- og nýbreytnistarf í leikskólum.

Ekki er ástæða til að fjölyrða um þessi markmið og áherslur endar er þeim gerð ágæt skil í frumvarpinu og athugasemdum með því.

Alþýðusamband Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við fjóra þætti sem varða frumvarpið og efni þess:

#### **1. Skortur á skýrum rétti barna og skyldum sveitarfélaga**

Í athugasemdum með frumvarpinu er greint frá því að Ísland sé eitt fárra landa þar sem leikskólastigið hefur verið skilgreint sem sjálfstætt skólastig. Hins vegar er ekki að finna skýr ákvæði í frumvarpinu um rétt barna (og foreldra þeirra) til þjónustu á þessu skólastigi eða skyldur sveitarfélaga í þeim efnum. Látið er nægja almennt orðalag um þetta efni í 4. gr. sem lítið verður byggt á.

Þessi staðreynd rýrir mjög gildi frumvarpsins og viðheldur ástandi sem einkennt hefur stöðu barna (og foreldra þeirra) víða um land í þessum efnum.

Eitt erfiðasta úrlausnarefni sem foreldrar standa frammi fyrir þegar lögbundnu fæðingarorlofi lýkur er að tryggja börnum sínum örugga og góða dagvistun og þroskavænlegar aðstæður þegar þeir fara aftur á vinnumarkaðinn. Allir þekkja fjölda dæma um það álag sem óvissan um það hvort og þá hvenær tekst að tryggja örugga dagvistun veldur foreldrum og börnum þeirra. Aðstæður sem geta varað svo mánuðum og misserum skiptir, eða þar til leikskóladvöl er tryggð.

Í frumvarpinu segir í 27. gr. að sveitarstjórnnum sé heimilt að ákveða gjaldtöku fyrir barn í leikskóla, sem þó má ekki nema hærri fjárhæð en nemur meðalraunkostnaði við dvöl hvers leikskólabarns í leikskólum á vegum sveitarfélagsins. Hér er að mati Alþýðusambandsins sveitarfélögum gefin alltof rúm heimild til gjaldtöku á þessu fyrsta skólastigi.

### **Tillaga Alþýðusambands Íslands**

Lagt er til að kveðið verði skýrt á um það í lögum um leikskóla að sveitafélögum skuli skylt að bjóða öllum börnum sem þar búa leikskóladvöl við hæfi að lágmarki frá 18 mánaða aldri.

Í bráðabirgðaákvæði með lögnum skal veita sveitarfélögum mjög takmarkað svigrúm í tíma til að uppfylla þessar skyldur, því stærð (og þar af leiðandi fjárhagsleg geta) einstakra sveitarfélaga má ekki verða til þess að sveitarstjórnir geti skert réttindi íbúanna með því að takmarka þjónustuna.

Lagt er til að sett verið inn í löginn ákvæði um að menntamálaráðherra skuli árlega ákveða með reglugerð hámark gjaldtöku sveitarfélaganna fyrir barn í leikskóla.

## **2. Starfsemi leikskólans og möguleikar foreldra til að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldábyrgð**

Á umliðnum árum hefur ítrekað komið fram af hálfu foreldra leikskólabarna að það skorti á að starfsemi leikskóla taki nægilegt mið af aðstæðum í samfélaginu og aðstæðum foreldra á vinnumarkaði. Nægir í því sambandi að benda á gagnrýni á lokun leikskólanna á virkum dögum vegna „starfsdaga“ o.þ.h. með tilheyrandi óhagræði fyrir foreldra á vinnumarkaði og röskun fyrir börnin. Þá er sjaldnast ef nokkurn tímann samræmi á milli skóladagatala leikskóla og grunnskóla á sama svæði, þrátt fyrir að bæði skólastigin séu á ábyrgð sveitarfélaganna, sem veldur foreldrum sem eiga börn á báðum skólastigum tvöföldum vanda.

Þar við bætist fyrirkomulag varðandi lokun leikskóla yfir sumarmánuðina sem oft skapar foreldrum á vinnumarkaði mikinn vanda.

## **Tillaga Alþýðusambands Íslands**

Lagt er til að dregið verði eins og kostur er úr röskun á þjónustu leikskóla vegna skipulagningar og annarra verkefna með það að markmiði að þeir haldi úti þjónustu á sama tíma og í samræmi við það sem almennt gildir í samfélaginu. Þá verði sérstaklega hugað að fyrirkomulagi varðandi skipulag sumarleyfa og lokun leikskóla yfir sumarmánuðina með það að markmiði að samræma eins og kostur er starfsemi þeirra og hagsmuni leikskólabarna og foreldra þeirra.

### **3. Starfsfólk leikskóla, annað en leikskólakennarar, og skortur á möguleikum til starfsþróunar og skortur á starfsöryggi**

Í þriðja kafla frumvarpsins er fjallað um „starfslið“ leikskóla og í því sambandi vísað til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Í frumvarpi til þeirra laga segir í 9. gr. „Að lágmarki  $\frac{2}{3}$  hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara“, sem samkvæmt frumvarpinu þurfa hér eftir að hafa lokið meistaraprófi (5 ára námi á háskólastigi). Þá er í 20. gr. að finna undanþágu frá þessari reglu ef ekki tekst að ráða leikskólakennara í starfið, þar sem heimilað er að lausráða einstakling í starfið að hámarki í eitt ár í senn og má ekki endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Í þessari umsögn verður ekki fjallað um efni framangreinds frumvarps um menntun kennara og hvort og þá hvaða rök eru til þess að lengja grunnám þeirra með þeim hætti sem þar er kveðið á um í stað þess að leggja ríka áherslu á menntunarmöguleika annarra starfsmanna leikskólanna og símenntun leikskólakennara. Um það er fjallað í sérstakri umsögn Alþýðusambandsins um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288 mál.

Alþýðusambandið gerir hins vegar strax alvarlegar athugasemdir við að  $\frac{2}{3}$  reglan verði bundin í lög eins og gert er í frumvarpinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg voru í upphafi árs 2007 rúmlega 42% starfsmanna leikskólanna menntaðir leikskólakennarar eða starfsmenn með aðra háskólamenntun. Aðrir starfsmenn hafa fjölbreytta menntun og reynslu sem nýtist vel í starfseminni. Þar má nefna fjölda starfsmanna sem hafa aflað sér mikillar þekkingar með ára og jafnvel áratuga reynslu af störfum í leikskólum. Þessir starfsmenn hafa flestir hverjir jafnframt aukið hæfni sína með því að sækja fjölda námskeiða á þessu sviði. Þá skal bent á að nú þegar hafa 74 einstaklingar lokið tveggja ára leikskólalíðanámi og 80 til viðbótar eru nú í því námi. Jafnframt hefur



komið í ljós að aðgangur að háskólanámi í leikskólakennslu er enn skilyrtur formlegu stúdentsprófi, þar sem margra ára starfsreynsla í leikskólum til viðbótar við sérhæft leikskólaliðanám hefur verið hafnað sem aðgangsgefandi.

Nú þegar mikil mannekla háir starfsemi leikskólanna virðist einsýnt að frekar eigi að styðja og styrkja þá einstaklinga sem valið hafa sér starfsvettvang í leikskólunum og sýnt hafa áhuga, vilja og getu til að axla þá ábyrgð sem í því felst, heldur en að hundska þá og hrekja úr starfi, gangi markmið frumvarpsins eftir. Eða í besta falli skapa þessum starfsmönnum óvissu og mikið ráðningaróöryggi. Færa má gild rök fyrir því að það sé vænlegra til árangurs til að auka gæði og faglegan metnað í leikskólum að  $\frac{2}{3}$  reglan verði felld burt úr frumvarpinu og að í stað þess verði lögð rík áhersla á að auðvelda starfsmönnum leikskólanna að sækja sér leikskólakennaramenntun eða aðra menntun í faginu sbr. leikskólaliðamenntunina og jafnframt að leggja áherslu á öfluga símenntun fyrir alla starfsmenn leikskólanna. Í ljósi framanritaðs er full ástæða til að benda á tvennt:

- a) Ekki er gert ráð fyrir að þeim starfsmönnum sem nú eru starfandi í leikskólunum og ekki hafa leikskólakennaramenntun verði gefin kostur á og gert mögulegt að fá raunfærnimat og sækja sér menntun á þessu sviði, þ.m.t. til að öðlast réttindi sem leikskólakennarar. Hér er vert að benda á eins og gert var hér að framan að meðal þessa starfsfólks eru mikill fjöldi einstaklinga með mikla og góða þekkingu á þessu sviði og sem reynst hafa einkar vel í starfi. Það hlýtur að vera skýlaus krafa þessara starfsmanna og um leið mikilvægir hagsmunir leikskólanna að efla og bæta menntunarmöguleika þeirra.
- b) Hvað varðar starfsmenn sem ráðnir eru í sérstakar stöður leikskólakennara er gengið út frá því að starfsöryggi þeirra sé í reynd ekkert og að þeir megi árlega eiga von á því að verða látnir víkja fyrir öðrum. Slík staða er ekki bjóðandi nokkrum einstaklingi og gengur gegn öllum almennum sjónarmiðum um réttindi launafólks.

### **Tillaga Alþýðusambands Íslands**

- a) Lagt er til að við setningu laga um leikskóla og menntun leikskólakennara verði að finna sérstakt ákvæði um rétt og möguleika annarra starfsmanna leikskólanna en leikskólakennara, sem í dag vinna við umönnun og kennslu og sem stundað hafa það starf í þrjú ár eða lengur til raunfærnimats og að sækja sér menntun í faginu samkvæmt sérstakri námsáætlun.
- b) Lagt er til að  $\frac{2}{3}$  reglan verði felld burt úr lögnum. Jafnframt er lagt til að starfsmaður leikskóla sem ráðinn er í stöðu leikskólakennara, án þess að vera

leikskólakennari, og ráðningin hefur varað í einhvern tíma, t.d. 3 ár, fái fastráðningu gegn því að hann verði aðstoðaður við og hann á móti skuldbindi sig til að sækja sér þá menntun sem til þarf samkvæmt sérstakri námsáætlun.

#### **4. Óásættanleg mismunun varðandi símenntun**

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um símenntun starfsfólks leikskólanna. Þar er í fyrri málsgrein kveðið á um frumkvæði leikskólastjóra við að „móta áætlun um hvernig símenntun starfslíðs skuli háttað“. Samkvæmt seinni málsgreininni verður hins vegar ekki annað skilið en að „starfslíð“ leikskólans sé í þessum skilningi bundið við leikskólastjóra og leikskólakennara eingöngu. Er hér ástæða til að birta þessa málsgrein í heild sinni, en hún er svohljóðandi:

*„Leikskólastjórar og leikskólakennarar skulu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.“*

Hér er með öðrum orðum ekkert að finna um réttindi og mikilvægi þess að aðrir starfsmenn leikskólanna eigi kost á símenntun til að „efla starfshæfni sína“ og kynnast nýjungum í leikskóla og uppeldismálum.

Afstaða í frumvarpinu til símenntunar annarra starfsmanna leikskólanna en leikskólastjóra og leikskólakennara felur í sér óásættanlega mismunun og forneskju í hugsun og hamlar eðlilegri starfsþróun starfsmanna og þróun leikskólans.

#### **Tillaga Alþýðusambands Íslands**

Lagt er til að 8. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að hún feli ekki í sér neina mismunun gagnvart starfsmönnum leikskólanna.

Í því sambandi leggur Alþýðusamband Íslands ríka áherslu á að áfram verði unnið að því að skapa starfsmönnum leikskólanna tækifæri til að sækja sé leikskólakennaramenntun og þróa aðra fagmenntun fyrir starfsmenn leikskólanna sem ekki hafa leikskólakennaramenntun.

Virðingarfyllt,

F. h. Alþýðusambands Íslands



Finnbjörn A. Hermannsson,

Formaður menntanefndar ASÍ



**Ásahreppur**

Laugalandi, 851 Hella · Sími 487 6504 · [www.asahreppur.is](http://www.asahreppur.is) · [asahreppur@asahreppur.is](mailto:asahreppur@asahreppur.is)

**Alþingi**

**Erindi nr. Þ 135/1163**

**komudagur 23.1.2008**

Laugalandi 21. jan. 2008


Menntamálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga, um grunnskóla, 285. mál og leikskóla, 287. mál.**

Á fundi hreppsnefndar Ásahrepps þann 16. janúar s.l. var tekið fyrir erindi menntamálanefndar Alþingis, dagsett 12. desember 2007, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um Grunnskóla, 285 mál og leikskóla 287. mál.

Hreppsnefndin gerir ekki athugasemdir við umrædd frumvörp.

Virðingarfyllst

  
Eydis Þ. Indriðadóttir,  
oddviti

Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Unnar Kristínar Sveinbjarnardóttur  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, hinn 25. janúar 2008

**Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um grunnskóla, framhaldsskóla, leikskóla og menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (285., 286., 287. og 288. mál)**

## I

Vísað er til bréfs yðar, dags. 14. desember 2007, varðandi umsögn um frumvörp til laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við ofangreinda skóla. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmál þessi.

## II

BHM telur mjög jákvætt að frumvörp um öll skólastig, að háskólastiginu undanskildu, séu undirbúin og lögð fram samtímis. Með því móti ætti að vera tryggt að horft sé til þessara þriggja skólastiga sem einnar heildar og eins og segir í greinargerð með frumvarpi um grunnskóla ætti það að „auka samræmi og skapa svigrúm jafnt innan sem milli skólastiganna til þess að mæta breytilegum þörfum skólabarna“. Á síðustu áratugum hafa orðið miklar breytingar á íslensku þjóðfélagi sem endurspeglast í breyttum fjölskylduhögum, aukinni atvinnuþátttöku kvenna og mikilli fjölgun íbúa sem ekki hefur íslensku að móðurmáli. Í frumvörpunum sem hér eru til umfjöllunar er lögð áhersla á að mæta þessum breytingum og skapa um leið öllum börnum sem best skilyrði til náms og þroska.

BHM telur ekki ástæðu til að fara ofan í einstaka liði frumvarpa um leik- og grunnskóla, enda horfi þau almennt til framfara í skólastarfi hérlendis. Þó er rétt að taka það fram að samkvæmt ofangreindum frumvörpum er lögð aukin skylda á herðar sveitarfélaga hvað varðar sérþjónustu við börn sem slíkt þurfa. Einnig er lögð meiri áhersla á mat og eftirlit með gæðum skólastarfs og mun hvort tveggja án efa hafa aukinn kostnað í för með sér sem tryggja þarf að verði mætt með meiri fjárframlögum.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla felur í sér róttæka en mjög jákvæða breytingu á skipulagi náms á framhaldsskólastigi. Samkvæmt frumvarpinu mun námsleiðum fjölga, verk- og iðnnám er gert jafngilt bóknámi og allur sveigjanleiki í námi er aukinn til muna. Dregið er úr allri miðstýringu og meiri ábyrgð færð til einstakra

skóla. Áfram er gengið út frá þeirri meginhugmynd að stúdentspróf sé almennt og víðfeðmt en undirbúi nemendur engu að síður vel undir frekara nám.

Af texta frumvarpsins verður ekki ráðið hvort til standi að stytta nám til stúdentsprófs en benda má á að Kennarasamband Íslands telur óhjákvæmilegt að námsinntak skerðist verði námstíminn stytur. Samkvæmt BHM eru fleiri atriði í frumvarpinu sem ekki eru nægjanlega ljós eða þyrfti að breyta eins og fram kemur hér að neðan:

- Samkvæmt grein 20 verður framhaldsskólum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum. Skýra þarf betur skipulag þessa náms og eðlilegt væri að í greininni kæmi fram að samstarf væri haft við háskóla um skipulag slíks framhaldsnáms.

- Í grein 23 er fjallað um námsbrautarlýsingar og þar segir að ráðherra sé heimilt að gefa út námsbrautarlýsingar sem einstakir framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar í starfi sínu. Þessi heimild er ekki í anda þeirrar dreifstýringar sem sagt er að felist í frumvarpinu og í bága við skýringar á 23. gr. Því þar segir að skólar eigi að sýna frumkvæði og sjálfstæði við mótun náms og framkvæmd kennslu.

- Í grein 32 þar sem fjallað er um fræðsluskyldu er alls ekki ljóst hvað nákvæmlega felst í réttindum til að stunda nám í framhaldsskóla né hvaða réttarbætur þetta ákvæði færir nemendum. Ekki er heldur ljóst hvaða skyldur skólarnir hafa í þessu sambandi.

- Í 37. gr. er fjallað nokkuð almennum orðum um náms- og starfsráðgjöf. BHM telur að meira sjálfstæði skólanna og þar með ábyrgð á uppbyggingu náms kalli á öflugri náms- og starfsráðgjöf. Því kann að vera rétt að setja viðmið um nemendafjölda fyrir hvert stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf í framhaldsskólum.

- Í 45. gr. eru gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla tiundaðar. BHM telur að fylgja beri þeirri stefnu að allt nám fram til 18 ára aldurs, eða þar til nemendur verða lögráða, sé þeim að kostnaðarlausu og eigi það einnig við um fjar- og dreifnám.

### III

BHM fagnar frumvarpi um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda enda mun það leiða til eflingar kennaramenntunar verði það að lögum. Þar er gert ráð fyrir að meistaragráða eða sambærileg námslok verði skilyrði fyrir leyfisbréfi leik-, grunn-, og framhaldsskólakennara. Það þýðir að á öllum þremur skólastigum verði kennarar að jafnaði með 5 ára menntun og er það í takt við það sem best gerist í nágrannalöndum okkar. Með því að gera sambærilegar kröfur til menntunar leikskólakennara og kennara í grunn- og framhaldsskólum felst viðurkenning á mikilvægi þess að faglega sé staðið að kennslu og uppeldi yngstu barnanna um leið og það er staðfest að leikskólar séu í reynd fyrsta skólastig íslenskra barna. Samkvæmt frumvarpinu verður bæði lögð áhersla á eflingu menntunar í faggreinum og kennslufræðum og mun það án efa skila sér í betri kennslu og menntun barna og unglunga á Íslandi.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar BHM,

Halldóra Friðjónsdóttir,  
formaður BHM.



**Barnaheill**

Save the Children Iceland

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/1245*  
*komudagur 28.1.2008*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. jan. 2008

**Umsögn um: frumvarp til laga um leikskóla. (135. löggjafarþing 2007-2008. Þskj. 321 - 287. mál.)**

**Barnaheill fagna umræddu frumvarpi og styðja það í öllum atriðum. Samtökin fagna sérstaklega:**

- 1) ákvæði í 6. gr. um að óheimilt sé að ráða einstakling til starfa við leikskóla sem hlotið hefur refsíðóm fyrir brot á á XXII. kafla hegningarlaga. Samtökin telja greinina vera mikilvægan þátt í að efla vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi.
- 2) að samkvæmt frumvarpinu er leikskólinn fyrir öll börn án aðgreiningar og að börn sem þess þurfa er tryggð sérfræðiþjónusta og að frumvarpið endurspegli það fjölmennningarlega samfélag sem við búum við í dag.

Virðingarfyllst,

Petrína Ásgeirsdóttir,  
framkvæmdastjóri Barnaheilla.

Alþingi  
Erindi nr. P 135/130J  
komudagur 1. 2. 2008



## BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 31. janúar 2008

Tilvísun : 2007120018

Vísað er til bréfs dags. 14. desember 2007 þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál.

Barnaverndarstofa þakkar fyrir að fá tækifæri til að fjalla um frumvarpið og biðst velvirðingar á því að ekki tókst að skila umsögn innan tilskilins frests. Barnaverndarstofa fagnar þeim frumvörpum sem lögð eru fram um skólastarf og telur þau að mörgu leyti gefa nýja og sterka heildarmynd af réttindum og skyldum barna og samfélagsins í skólamálu. Barnaverndarstofa hefur einungis fáeinar ábendingar í tengslum við frumvarpið til laga um leikskóla.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að foreldrar séu þeir sem fari með forsjá barns í skilningi barnalaga og í greinargerð kemur fram að þetta þyki nauðsynlegt vegna fjölgunar tilvika þar sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá. Í frumvarpinu er ekki gerður greinarmunur á sameiginlegri forsjá þegar foreldrar búa saman og sameiginlegri forsjá þegar foreldrar búa ekki saman. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að fara vel í gegnum frumvarpið og meta hvort ganga eigi út frá því að forsjáforeldrar sem búa ekki saman séu alltaf í sambærilegri eða sömu stöðu að því er varðar samvinnu, samráð og samþykki í leikskólamálu. Barnaverndarstofa verður mikið vör við að foreldrar vilja fá sem allra skýrust svör um þessi atriði. Sem dæmi má nefna er í 22. gr. frumvarpsins fjallað um samráð við foreldra um framkvæmd sérfræðipjónustu. Barnaverndarstofa telur mjög mikilvægt að tekið sé af skarið í lögunum um hvort og með hvaða hætti foreldrar eiga að samþykkja sérfræðipjónustu og hvort eðlilegt sé að hér þurfi samþykki beggja forsjáforeldra ef þeir búa ekki saman. Til samanburðar má benda á t.d. ákvæði 3. mgr. 24. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 um beitingu úrræða með samþykki foreldra þar sem tekið er fram að í þeim tilvikum nægi samþykki forsjáforeldris sem barnið býr hjá samkvæmt ákvæðum barnalaga.

Í 6. gr. frumvarpsins er tekið fram að óheimilt sé að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hafi refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla alm. hgl. Jafnframt segir að við ráðningu skuli liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að hér sé átt við fullt sakavottorð, að heimildin eigi sér fyrirmynd í æskulýðslögum nr. 70/2007 og að leikskólastjóri verði að meta með málefnalegum hætti hvort brot sem fram koma á sakavottorð komi í veg fyrir að viðkomandi fái starf. Barnaverndarstofa verður að benda á að hér er gengið talsvert lengra í kröfunni um upplýsingar en í æskulýðslögum og í 36. gr. barnaverndarlaganna. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga eiga yfirmenn, að fengnu samþykki viðkomandi, rétt til upplýsinga úr sakaskrá um hvort einstaklingur sem sótt hefur



## BARNAVERNDARSTOFA

um störf á þeirra vegum hafi hlotið dóm fyrir þau brot sem nánar eru tilgreind í 3. mgr. ákvæðsins.


Barnaverndarstofa fagnar sérstaklega ákvæði 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Þetta er mikilvægt skref til að styrkja gott samstarf leikskóla og barnaverndaryfirvalda og nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni barna.

Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um sérfræðipjónustu leikskóla, m.a. stuðning við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra. Ekki er að finna sérstaka afmörkun á því í hverju slíkur stuðningur eða slík þjónusta á að vera fölginn eða hvernig eigi að marka hana frá skyldum annarra samkvæmt öðrum lögum, t.d. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni fatlaðra eða barnaverndarlögum. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélögum sé skylt að tryggja að sérfræðipjónusta sé veitt fyrir leikskóla og í umfjöllun um 22. gr. er talað um að sú skylda hvíli á leikskólastjóra og sérfræðipjónustu að afla nauðsynlegrar þjónustu fyrir barnið. Barnaverndarstofa verður að mæla með því að lögin fjalli með skýrari hætti um hvaða stuðning við börn og fjölskyldur sé skylt að veita samkvæmt lögum um leikskóla og hvernig eigi að háttá samvinnu við foreldra um það. Þá megi hugsa sér að áréttu að sérfræðipjónusta leikskóla hafi yfirsýn yfir þau úrræði sem ber að veita einstaklingum samkvæmt öðrum lögum og beri að leiðbeina foreldrum í þeim efnum.

Virðingarfyllt  
f.h. Barnaverndarstofu







**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/1065**  
**komudagur 21.1.2008**


Reykjavík, 18. janúar 2008

Menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla.**

Vísað er til bréfs Menntamálanefndar Alþingis, dags. 14. desember sl., þar sem beðið er um umsögn Biskupsstofu um frumvarp til laga um leikskóla.

Biskupsstofa fagnar fram komnu frumvarpi og markmiðum þeim sem leikskólanum eru sett um leið og minnt er á mikilvægi þess að hlúa að andlegum þroska ungra barna sbr. þær áherslur sem koma fram í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



Biskup Íslands

Karl Sigurbjörnsson



## Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla

Sendandi: Fræðslunefnd Borgarbyggðar  
Dags: 21.01.2008  
pskj. 321 - 287. mál; Frumvarp til laga um leikskóla

Fræðslunefnd Borgarbyggðar hefur kynnt sér frumvarp til laga um leikskóla.

### Almennt

Fræðslunefnd Borgarbyggðar telur að lagatextinn sé í meginatriðum skýr. Þó bendir fræðslunefnd á að í sumum tilvikum eru einstaka greinar lagafrumvarpsins óþarflega ítarlegar. Má þar nefna upptalningu í 2. gr. um markmið með rekstri leikskóla.

Fræðslunefnd vekur athygli löggjafans á að sveitarfélög hafa í vaxandi mæli tekið á sig kostnað við rekstur leikskóla. Því er umhugsunarefni hvort ekki sé þörf á endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga vegna þessa vaxandi verkefnis.


Fræðslunefnd telur að ný leikskólalög séu í meginatriðum til þess fallin að treysta starf við leikaskólastigið. Nýmæli í lögnum sem er mjög til bóta er að skerpt er á stoðþjónustu við leikskólabörn.

### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins


#### 23.gr.


Fræðslunefnd og leikskólastjórar Borgarbyggðar telja rétt að kveðið sé á um það í lögum að sérfræðingar í skólamálum hafi sérþekkingu á málafnum leikskólans. Lögð er til eftirfarandi breyting á 1.mgr.: „Á vegum sveitarfélaga skulu starfa sérfræðingar í leikskólamálum er veita leikskólum ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun.“

Virðingarfyllt,

  
Finnbogi Rögnvaldsson, formaður

  
Ásbjörn Pálsson

  
Finnbogi Leifsson

  
Rósa Marinósdóttir

  
Guðrún Elfa Hauksdóttir

  
Karvel Karvelsson

  
Þór Þorsteinsson

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –

Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang [eything@eything.is](mailto:eything@eything.is)

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/1334  
komudagur 5.2.2008

Akureyri 5. febrúar 2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eypings hefur fengið til umsagnar með bréfi dags. 14. desember 2007 frá menntamálanefnd Alþingis eftirtalin **frumvörp um skólamál**:

- Frumvarp til laga um grunnskóla, 285. mál (heildarlög),
- Frumvarp til laga um framhaldsskóla, 286. mál (heildarlög),
- ✕ Frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál (heildarlög),
- Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288. mál (kröfur til kennaramenntunar o.fl.).

Af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga hefur verið lögð mikil vinna í að yfirfara frumvörpin og víðtækt samráð verið haft við sveitarfélögin í landinu. Sambandið hefur nú sent frá sér mjög ítarlegar og vandaðar umsagnir.

Niðurstaða stjórnar Eypings er að vísa til og taka undir umsagnir Sambands ísl. sveitarfélaga um ofangreind frumvörp, en þar koma skýrt fram þau sjónarmið sem rædd voru í stjórninni. Stjórn Eypings leggur áherslu á að tekið verði fullt tillit til athugasemda og tillagna sambandsins.

f.h. stjórnar Eypings

---

Pétur Þór Jónasson  
framkv.stjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/1100*  
*komudagur 22.1.2008*

Kópavogi 19. janúar 2008

Allsherjarnefnd Alþingis  
Hr: Sigurður Kári Kristjánsson, formaður

**Efni : Vegna endurskoðunar laga um leikskóla nr. 78/1994.**

Stjórn Faghóps leikskólasérkennara vill koma eftirfrandi á framfæri vegna tillögu að nýjum lögum um leikskóla.

Stjórn faghóps leikskólasérkennara lýsir yfir ánægju sinni með tillögur þær sem fyrir liggja og telur þær vera í anda þess sem unnið hefur verið að í málefnum leikskólans á undarförnum árum.


Í tillögunum er kveðið á um aukin sveigjanleika á milli skólastiga og fellur það vel að hugmyndafræði um heildtækan skóla þar sem þörfum allra barna er mætt.

Einnig kemur fram í kaflanum um húsnaði (12. gr.) að gert skuli sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.

Viljum við benda á mikilvægi þessa þáttar þegar að setningu reglugerðar kemur, þannig að góð vinnuaðstaða starfsfólks verði tryggð sem og sveigjanleiki í fjölda barna á hverri deild út frá samsetningu og atgerfi barnanna.

Að lokum viljum við benda á að Kennarasamband Íslands fyrir hönd Félags leikskólakennara hefur gert starfslýsingar fyrir sérkennslustjóra og samið fyrir þeirra hönd við rekstraraðila leikskóla. Teljum við eðlilegt að skýrt sé kveðið á í lögum eða reglugerð um starfsheitið sérkennslustjóri.

Virðingarfyllst,  
Fh. stjórnar Faghóps leikskólasérkennara

  
Heiðrún Sverrisdóttir, formaður

Afrit sent:  
Björgu Bjarnadóttur, formanni  
Félags leikskólakennara  
Valborgu Þ. Snævarr, hrl.

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/1167**  
**komudagur 23.1.2008**

22.01.2008

Guðný Jónsdóttir,  
formaður félags íslenskra myndlistakennara

**Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, leikskóla og framhaldsskóla.**

**Almenn umsögn**

Margt gott kemur fram í þessum frumvörpum að okkar mati eins og meiri sveigjanleiki í grunn og framhaldsskólanum, aukin áhersla á nám og skapandi starf í leikskólanum.

Á hinn bóginn sjáum við það að með auknum völdum skólastjórnenda í grunnskólunum er fagleg forysta þeirra og ábyrgð mikil og geta listgreinar sem settar eru undir sama hatt verið háðar áhuga og áherslu þeirra. Í þjóðfélagi þar sem umhverfi okkar verður sífellt myndrænna er mikilvægt að leggja verulega áherslu á myndlistakennslu og mikilvægi greinarinnar.

**Frumvarp til laga um grunnskóla.**

**24 grein:**

Við spyrjum: hvers vegna list- og verkgreinar séu ekki spyrta saman áfram eins og áður hafi verið eða myndlist gefið meira vægi en sýnilegt er?

Til menntamálanefndar alþingis.

**Efni: Umsögn Félags leikskólafulltrúa um frumvarp til laga um leikskóla.**

Félag leikskólafulltrúa (FLF) fagnar frumvarpi til nýrra laga um leikskóla. Mikilvægt er að velferð barna og hagsmunir þeirra séu í fyrirrúmi. Markmiðsgreinarnar eru lýsandi fyrir það viðhorf, þar er virðing fyrir barninu, bernskunni sem sérstöku þroskaskeiði og leiknum sem námsleið.

Félag leikskólafulltrúa veltir fyrir sér hvort nauðsynlegt væri að taka fram í lögum um leikskóla að stofnanir sem bjóða börnum á leikskólaaldri daglega dvöl, (4-9 stundir) beri skylda til að kallast leikskólar og uppfylla lög þessi. Með þannig ákvæði yrði komið í veg fyrir að stofnanir sem kallast eitthvað annað (dæmi: föndurskóli, dansskóli, smábarnaskóli) væru stofnsett og rekstraraðilar þeirra gætu þannig komist hjá því að tryggja börnum þá umönnun og menntun sem þau þarfnast og eiga rétt á samkvæmt lögum um leikskóla og aðalnámskrá.

**Félag leikskólafulltrúa gerir eftirfarandi athugasemdir og tillögur við einstakar greinar:**

**6. grein.** Lagt er til að í upptalningu á þeim sem skulu hafa menntun leikskólakennara bætist sérkennslustjóri.

Rökstuðningur: Mjög mikilvægt er að sá aðili sem heldur utan um sérkennslu barnanna í leikskólanum hafi kennaramenntun þ.e. leikskólakennaramenntun (ásamt framhaldsnámi) (Starfsmenn með mismunandi menntun eftir fötlun barns ráðnir til að gegna sérkennslunni).

**9. 10. og 11. grein.** FLF fagnar ákvæðum í frumvarpinu um samstarf við foreldra og stofnun foreldraráða.

**12. grein.** Setningin: “Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks”

Setningin verði: Gert skal ráð fyrir fjölnota rými t.d. fyrir sérfræðipjónustu og aðra þjónustu við börn.

Rökstuðningur: Áherslu skal leggja á að leikskóli er fyrir öll börn. Fram kemur í greininni m.a. að “leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi” og að í reglugerð skuli kveðið á um “lágmarkskröfur til húsnæðis og aðbúnaðar barna og starfsliðs”. Þetta á við um sérkennslubörn eins og öll önnur börn. Meginregla í leikskólum er enda sú að sérkennsla/stuðningur fari fram í barnahópnum.

**13. grein.** FLF fagnar sértaklega að í aðalnámskrá skuli “leggja áherslu á gildi leiks í öllu leikskólastarfi.” Efasemdir eru hinsvegar um að rétt sé að “skilgreina hæfnisþætti á námssviðum leikskólans”.

**14. grein.** FLF fagnar ákvæði um að skólanámskrá verði lögfest og að skólanámskrá og starfsáætlun skuli staðfestar af nefnd kjörinni af sveitarstjórn.

**16. grein.** FLF telur að það ákvæði að upplýsingar um einstök börn í leikskóla fylgi þeim í grunnskóla sé til þess fallið að tryggja hagsmuni barna.

**17. – 20. gr.** Fagna ber að gert er ráð fyrir aukinni áherslu á gerð mats og eftirlits.

**18. grein.** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir kerfisbundnu mati á gæðum skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna og foreldra. FLF bendir á að mikilvægt sé að börnin komi einnig að slíku mati eftir því sem við á.

**22. grein.** Fyrsta setningin verði: Börn sem þurfa, að mati viðurkenndra greiningaraðila, sérstaka aðstoð og þjálfun til að geta notið leikskólamenntunar, eiga rétt á henni.

Rökstuðningur: Sérkennsla (stuðningur og þjálfun) í leikskólum á að hafa það markmið að barn fái notið leikskólavalar sinnar og öðlist þar leikskólamenntun. Mikilvægt er að skilgreina þetta markmið því að sá misskilningur gæti komið upp að litið verði svo á að skylda leikskólans væri mjög víðtæk og næði til allrar hugsanlegrar þjónustu sem barn kann að þarfnast, langt umfram það sem menntastofnun ætti að hafa.

Ath. að í frumvarpi til nýrra laga um grunnskóla er tekið fram í 40. grein að .....”til að tryggja þeim kennslu og námsaðstoð við hæfi”. Þarna kemur fram tilgangur með skimunum og athugunum og í raun að markmið sé að tryggja börnunum kennslu og námsaðstoð. Ákvæði í leikskólalögum þarf að vera hliðstætt. Enn brynna er að ákvæði séu skýr í ljósi nýmæla um málskotsrétt sbr. 30. grein.

**23. grein.** Í stað “skólamálum” (í fyrirsögn og í texta) standi: leikskólamálum.

Greinin breytist þannig að tryggt sé að leikskólarnir fái faglega ráðgjöf. FLF telur að það verði ekki gert nema með því að tryggja þeim aðgang að sérfræðingum í leikskólamálum. Nauðsynlegt er að standa vörð um hugmyndafræði leikskóla og því þurfi þeir sem veita leikskólum faglega ráðgjöf að hafa sérþekkingu á því sviði.

**24. grein.** Þar sem yfirskrift kaflans IX er “Stofnun og rekstur leikskóla” ætti að kveða á um í greininni að sveitarfélög skuli reka leikskóla eða tryggja börnum leikskóla með öðrum hætti.

**26. grein.** Yfirskrift greinarinnar breytist í: Innritun og skráning.

Rökstuðningur: Yfirskrift verði lýsandi fyrir innihald greinarinnar. Hugtakið leikskóladvöl hefur víðtæka skírskotun til leikskólastarfs og menntunar barnanna í leikskólanum.

**28. grein.** “Og/eða” í næst síðustu málsgrein greinarinnar verði og.

Rökstuðningur: Mikilvægt er að skólastjórnandi hafi þekkingu á því skólastarfi sem hann ber ábyrgð á. Er enda bent á það í skýringum með frumvarpinu að þeim kennurum sem hafa réttindi bæði á leik- og grunnskólastigi fari fjölgandi. Væntanlega mætti veita undanþágu frá þessu ákvæði í allra fámennustu sveitarfélögum þar sem e.t.v. er ekki til að dreifa neinum með réttindi á báðum skólastigum

**29. grein.** FLF hefur efasemdir um að rétt sé að veita undanþágu frá ákvæðum laga um leikskóla og aðalnámskrá.

Reykjavík 22. janúar 2008.

Fyrir hönd Félags leikskólafulltrúa

---

Hrafnhildur Sigurðardóttir, formaður

Menntamálanefnd Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík 21. janúar 2008

Vísað er til bréfs nefndarinnar þar sem óskað er umsagnar félags lesblindra á Íslandi um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, frumvarp til laga um leikskóla, frumvarp til laga um framhaldsskóla og frumvarp til laga um grunnskóla.

Félagið hefur fjallað um frumvörpin og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:


1. Við frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara hefur félagið ekki athugasemdir en fagnar því að menntunarkröfur til kennara séu auknar eins og frumvarpið kveður á um. Félagið vill þó taka fram þó það sé utan við svið frumvarpsins að með þessum auknu menntunarkröfum væri rétt að kröfur til kennara um þekkingu á lesblindu yrðu einnig auknar. Mörg þau hegðunar- og námsvandamál sem kennarar þurfa að eiga við í starfi sínu í dag má rekja til lesblindu og því myndi það auðvelda og bæta skólastarf ef tryggt væri að allir kennarar hefðu sérstaka þjálfun í að bregðast við vandamálum sem rekja má til lesblindu.

2. Í frumvarpi til laga um leikskóla er almennt fjallað um nám nemenda með sérþarfir. Félagið tekur undir það sem þar kemur fram um að börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eigi rétt á slíkri þjónustu og að hún skuli fara fram undir handleiðslu sérfræðinga (22. gr). Í 21. grein frumvarpsins er síðan fjallað um að ráðherra skuli setja reglugerð um sérfræðiþjónustu í samráði við samband íslenskra sveitarfélaga. Félagið óskar jafnframt eftir samráði þegar sú reglugerð verður sett. Þar verður væntanlega fjallað um hvernig taka beri á vandamálum barna með lesblindu en eins og áður hefur komið fram má rekja mörg vandkvæði í námi til hennar. Félagið vill því ítreka að það fái aðkomu að samningu ofangreindrar reglugerðar. Auðveldara er að leysa úr lesblinduvandamálum því fyrir sem þau eru greind og því er afar mikilvægt að taka skipulega á þeim eins fljótt og auðið er. Þrátt fyrir að formleg lestrarkennsla sé ekki hafin í leikskóla eru til aðferðir við að skima fyrir lesblindu á því stigi sem getur auðveldað mjög meðhöndlun þegar lestrarkennslan hefst. Forsenda fyrir því að greining geti farið fram er þó að í landinu sé til nægileg sérfræðikunnátta á sviði lesblindu. Því er því miður ekki að heilsa nú. Kennarar geta ekki sérmenntað sig á þessu sviði og greining er því oft undir því komin hvort viðkomandi kennari hefur kynnt sér málið af eigin frumkvæði og sýni því áhuga. Það starf er lofsvert en hinsvegar eru þekktar um 70 tegundir af lesblindu og ekki er hægt að ætlast til þess að kennarar kynni sér svo umfangsmikið vandamál án þess að tekið sé sérstaklega á því við menntun þeirra. Þarna er nauðsynlegt að byggja upp innlenda þekkingu t.d. með sérstöku lesblindusetri. Félagið telur að minnsta kosti að nauðsynlegt sé að allir kennarar hafi ákveðna lágmarksþekkingu á lesblindu. Þess má geta að samkvæmt könnun sem félagið lét gera árið 2006 eiga um 18% almennings í einhverjum erfiðleikum með lestur og þar af 5% í miklum erfiðleikum. Þetta hlutfall mælist síðan mun hærra í aldurshópnum 16-24 ára sem gæti bent til þess að það væri vanmetið á meðal almennings í heild auk þess sem að greiningar á Norðurlöndunum leiða í ljós hærri prósentur (24-25%) en hér mælast.



3. Um frumvarp til laga um grunnskóla gilda að miklu leiti sömu athugasemdir og við frumvarp til laga um leikskóla. Ítarlegar er fjallað um málefni nemenda með sérþarfir í 17. og 40 grein frumvarpsins og m.a. sérstaklega vitnað til nemenda með leshömlun. En á sama hátt er kveðið á um að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd greinarinnar og málsmeðferð. Sem og í fyrra tilviki óskar félagið eftir samráði við samningu þeirrar reglugerðar. Það má segja að grunnskólinn sé mikilvægasta stigið fyrir börn með lesblindu. Þar koma vandamál upp, hafi þau ekki verið greind áður, og þar þarf óhjákvæmilega að taka á þeim. Félagið ítrekar þá skoðun sína að til þess að greining gangi fljótt og vel fyrir sig er nauðsynlegt að tekið verði á því við menntun kennara. Fáir nemendur ekki rétta greiningu lenda þeir í miklum erfiðleikum sem geta haft veruleg áhrif á þá sjálfa og skólastarfið í heild. Með því að tryggja það að kennarar fái rétta menntun í þessu efni er einnig tryggt að hægt sé að greina lesblinduvandamál rétt sem kemur öllum hagsmunaaðilum til bóta. En þegar að greining liggur fyrir þurfa einnig að vera fyrir hendi möguleikar til að bregðast við henni. Í því felst að það þarf ávallt að tryggja að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi til sérkennslu, sem er sjaldnast raunin og jafnframt sjá til þess að lesblind börn fái aðgang að viðeigandi námsgögnum sem hjálpa þeim við að læra þannig að það henti þeim. Lesblindir þurfa oft að fá námsgögnin á öðru formi en önnur börn t.d. þurfa þeir að fá texta lesna fyrir sig (sem hægt er að gera með aðstöð tölvu). Tilfinnanlega vantar hugbúnað sem gerir nemendum kleift að lesa tölvum fyrir texta á íslensku en hann er orðinn til fyrir ensku og mörg önnur tungumál.
4. Um frumvarp til laga um framhaldsskóla er fjallað sérstaklega um nemendur með leshömlun. Í 3. mgr. 34. greinar frumvarpsins eru skýr ákvæði um að nemendur með leshömlun eigi rétt á aðgangi að sérsníðnum námsgögnum og lögð sú skylda á herðar framhaldsskóla að hann geri grein fyrir því í skólanámsskrá hvernig staðið verði að skimun og greiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun. Félagið lýsir yfir fullum stuðningi við þessi ákvæði og vill hvetja til þess að sambærileg ákvæði verði sett inn í frumvarp til laga um grunnskóla því verklagið sem þarna er kveðið á um ætti ekki síður heima þar. Jafnvel ennþá frekar þar sem að rétt viðbrögð við lesblindu skipta enn meira máli þar heldur en þegar komið er í framhaldsskóla. Samkvæmt niðurstöðu áðurnefndrar könnunar félagsins eru meiri líkur á því að nemendur með lesblindu hætti námi eftir grunnskóla heldur en aðrir og því verður ekki nægilega ítrekað að reynt sé að greina lesblindu sem allra fyrst og bregðast við í samræmi við það. Jafnvel væri rétt að skima fyrir henni í leikskóla eins og fjallað er um í 2. lið þessarar umsagnar.

Félagið telur þessi frumvörp almennt jákvæð en telur auðvelt sé að gera enn betur. Rétt leiðin til að hjálpa nemendum með lesblindu er að skima fyrir henni í leikskóla og halda því áfram í grunnskóla. Tryggja þarf nemendum námsgögn á viðeigandi formi á öllum stigum skólastarfs og bæta verulega menntun kennara á sviði lesblindu. Með þeim aðferðum er hægt að leysa mörg þeirra vandamála sem skólar í dag glíma við. Félag lesblindra skorar á menntamálanefnd Alþingis að bregðast vel við þeim og fulltrúar félagsins lýsa sig reiðubúna til að koma fyrir nefndina og skýra sjónarmið sín frekar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst  
F.h. félags lesblindra á Íslandi  
  
Guðmundur S. Johnsen, formaður

Félag náms- og starfsráðgjafa  
Kennarahúsinu v/ Laufásveg  
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis  
Menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 7. janúar 2008

**Leikskólar 287. mál, (heildarlög)**

**Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla. Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008.**

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við menntamálanefnd Alþingis:

**Almennar athugasemdir**

Félag náms- og starfsráðgjafa vill leggja áherslu á eftirfarandi:

- Þar sem leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu skv 1. gr. frumvarpsins er eðlilegt að skoðaður sé sá möguleiki að náms- og starfsráðgjafar hefðu aðkomu að leikskólanum. Ljóst er að leiðsögn/kennsla náms- og starfsráðgjafa í náms- og starfsfræðslu gæti stutt á markvissan hátt m.a. við d. lið 2. gr. frumvarpsins „að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun“ auk þess sem sýnt hefur verið að mikilvægt er að fjalla um kynbundna verkaskiptingu vinnumarkaðarins á gagnrýninn og skapandi hátt og vinna þannig gegn rótgrónum staðalmyndum um hæfni karla og kvenna.

Breyttar áherslur í skólastarfi auka þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf og kalla á **heildarstefnumörkun menntamálayfirvalda varðandi þjónustu náms- og starfsráðgjafa**. Í frumvarpi til laga um grunnskóla er lagt til að sveitarfélög leggi áherslu á virk tengsl og



miðlun upplýsinga milli leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, m.a. í tengslum við sérfræðipjónustu. FNS telur að þar gegni náms- og starfsráðgjafar lykilhlutverki á öllum skólastigum.

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 er lögð áhersla á samstarf milli leik- og grunnskóla til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins. Barnið á að upplifa grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Ljóst má vera að mikilvægt er að sem best sé staðið að því að búa barnið undir það að flytjast frá leikskóla yfir í grunnskóla. Náms- og starfsráðgjafi sem vinnur innan leikskólans gæti komið að þeim undirbúningi ásamt leik- og grunnskólakennara.

Þar sem leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu ættu nemendur hans að eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar og fræðslu um hvað í vændum er þegar í grunnskólann er komið.

Starf náms- og starfsráðgjafa innan leikskólastigsins ætti í megin dráttum að vera eins upp byggt og það er innan grunnskólanna. Börn á leikskólastigi eru að undirbúa sig fyrir að fara yfir á annað skólastig sem er grunnskólinn. Innan leikskólans eru börn með annað móðurmál en íslensku. Þurfa þau ekki síður aðstoð en börn sem komin eru í grunnskóla. Því fyrr sem þau fá aðstoð því betri árangur næst og minni hætta verður á námsörðugleikum hjá þessum einstaklingum.

Menntamálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla þskj. 321-287. mál, frá Félagi um menntarannsóknir, sbr. erindi dagsett 14. des. 2007.**

Félagi um menntarannsóknir, FUM, hefur borist erindi frá menntamálanefnd Alþingis, dagsett 14. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn félagsins um frumvarp til laga um leikskóla þskj. 321-287. mál. Stjórn FUM hefur kynnt sér frumvarpið.

**Almennar athugasemdir**

Stjórn FUM fagnar því að löggin endurspeгла (2. gr) þá breytingu sem þegar er orðin að leikskólar eru fjölmennningarlegar mennta- og uppeldisstofnir sem virða fjölbreytileika. Einnig fögnum við áherslu á samfellu milli skólastiga og aukinn sveigjanleika (16. gr.) og, ákvæði um aukið mat og eftirlit (gr. 17 til 19), en okkur þykir a)-liður 17. gr. næga sem lýsing á markmiði mats og eftirlits. Liður b) til d) vísa til þess sem gert er á grunni niðurstaðna mats..

Í lögum um leikskóla skortir á að réttur heyrnarlausra leikskólabarna til máls sé tryggður. Reynslan sýnir að almenn vísun til fatlaðra eða langveikra tryggir alls ekki að máltaka heyrnarlausra verði hnökralaus. Benda má á að markmið 2. gr. laga um leikskóla ná ekki til heyrnarlausra og alvarlega heyrnarskertra barna nema að fjallað sé sérstaklega um málréttindi þeirra. Í IV. kafla grunnskólalaga er í fjallað um rétt nemenda. Okkur þykir ekki nóg að vísa til þess að hugsanlega verði sett sérlög til að tryggja máltöku sbr. *Um 2. gr. leikskólalaga bls 16 „...að ekki væri rétt að ákvæði um réttindi ákveðinna hópa umfram aðra væru sett inn í rammalöggjöf fyrir leikskóla, heldur ætti að kveða á um slík réttindi í þar til gerðum sérlögum.“* og er þarna m.a. átt við „börn sem nota táknmál“.


**Einstakar greinar:**

**8.gr. Símenntun**

Lagt er til að í greininni standi: ... eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast nýjungum í *uppeldis- og menntámálum* (í stað leikskóla og uppeldismálum).

12. gr. þar segir: “Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuástöðu starfsfólks” falli brott. Rökstuðningur: Fram kemur í greininni m.a. að “leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi” og að í reglugerð skuli kveðið á um “lágmarkskröfur til húsnæðis og aðbúnaðar barna og starfslíðs”. Þetta á við um sérkennslubörn eins og öll önnur börn.

F. h. Stjórnar FUM

  
Amalía Björnsdóttir, formaður.

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/1095**  
**komudagur 22.1.2008**

**Innflytjendaráð,**  
**Hafnarhúsi v/Tryggvagötu,**  
**150 Reykjavík**

Alþingi  
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir, nefndaritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. janúar 2008  
Tilv.: FEL07120053/0005

Við er til bréfs menntamálanefndar Alþingis til innflytjendaráðs, dags. 17. desember sl., þar sem óskað er umsagnar um fjögur frumvörp til laga: um grunnskóla, leikskóla, framhaldsskóla og menntun og ráðningu kennara.

Á fundi innflytjendaráðs 17. janúar sl. var fjallað um frumvörp til laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Innflytjendaráð fékk einnig tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við menntamálaráðuneytið meðan unnið var að frumvörpunum til laga um leikskóla og grunnskóla.

Á framangreindum fundi innflytjendaráðs 17. janúar sl. var fjallað um beiðni menntamálanefndar Alþingis um umsagnir um frumvörpin. Af því tilefni vill innflytjendaráð taka fram að hlutverk þess er að vera ríkisstjórn til ráðgjafar um málefni innflytjenda og beinir ráðið því tillögum sínum og athugasemdum til viðkomandi stjórnvalda. Innflytjendaráð telur það því ekki falla að hlutverki sínu að veita nefndum Alþingis umsagnir um framkomin frumvörp.

Innflytjendaráð vill þrátt fyrir framansagt gjarnan fylgjast með þeim málum sem fram koma á Alþingi og fjalla um málefni innflytjenda og fagnar því að fá slík mál til umfjöllunar. Mun ráðið taka öll slík mál til umfjöllunar og eftir því sem tilefni gefst til taka undir eða koma athugasemdum um efnisatriði þeirra á framfæri við stjórnvöld.

Í ljósi þess sem fram er komið mun innflytjendaráð ekki senda menntamálanefnd umsögn um framangreind frumvörp.

Fyrir hönd innflytjendaráðs

  
Ingibjörg Braddadóttir

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/1032*  
*komudagur 11.1.2008*

**Umsagnir fagdeildar félagsráðgjafa á fræðslu – og skólasviði (FFS) í  
Félagsráðgjafafélags Íslands vegna frumvarpa til laga um leik – grunn  
og framhaldsskóla. Janúar 2008.**

**Inngangur**

Á heildina litið erum við ánægð með frumvörpin en viljum þó skerpa á fáeinum greinum og undirstrika nokkur atriði sem við teljum mikilvæg svo lögin standi og séu framkvæmanleg.

Við vekjum sérstaka athygli á því að félagsráðgjafar eru í mörgum stöðum námsráðgjafa í skólum landsins bæði á grunn – og framhaldsskólastigi. Þeir njóta þar ekki lögverndunar sinnar og á því þarf að verða breyting (sjá fylgiskjal). Sérfræðileyfi sem fræðslu – og skólafélagsráðgjafi er gefið út af heilbrigðisráðuneytinu en engin staða er merkt þessum aðilum innan skólakerfisins.

1. Flókið samfélag blasir við nemendum og rannsóknir benda til að aukning verði á fjölda nemenda sem koma inn í skólana með greiningar um geðraskanir, ofvirkni, misþroska og önnur frávík. Samfélagsmunstur þjóðarinnar hefur breyst gífurlega á síðustu árum og nemendur þurfa þjónustu til að fóta sig í því, nú fremur en nokkru sinni áður.
2. Fjölmennung er veruleiki í íslensku samfélagi sem þarf að mæta á faglegan hátt og móta úrræði sem duga til þess að lagasetningin nái fram að ganga á lýðræðislegan hátt gagnvart öllum þegnum samfélagsins.
3. Brottfall nemenda úr framhaldsskólum er dýrkeypt en flókið fyrirbæri sem oftar en ekki tengist persónulegum erfiðleikum þeirra. Til þess að draga raunhæft úr því þarf þjónustan að beinast í rétta átt og mótun úrræða þarf að byggja á raunverulegum orsökum brottfallsins.
4. Barnavernd og fyrirbyggjandi vinna með nemendum á öllum skólastigum er líkleg til að skila árangri í framtíðinni og til þess að mæta auknum þjónustukröfum þarf að skilgreina stöður fræðslu – og skólafélagsráðgjafa innan skólanna

## **Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla. Þskj. 321 – 287 mál.**

**23.gr.** Greinin fjallar um sérfræðinga í skólamálum. Þegar 2. gr. sömu laga, markmiðsgreinin, er höfð í huga þá þarf að okkar mati að tilgreina þjónustuaðila sem tengist skólunum beint og hefur þá fagþekkingu sem tryggir að markmiðum laganna í 2. gr. sé hægt að fullnægja. Fræðslu – og skólafélagsráðgjafi er sá aðili sem veitir þessa þjónustu á heildrænan hátt. Fyrirbyggjandi vinna sem unnin er á leikskólastigi fylgir barninu alla leið og því þarf að tryggja aðgengi að henni með því að gera sveitarstjórnnum skylt að ráða til sín þennan tilgreinda fagaðila.

## **Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla. Þskj. 319 – 285 mál.**

**2.gr. og 13. gr.** Markmiðsgreinin kveður á um að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda en 13. greinin um rétt nemenda. Til þess að nemendur njóti öryggis og bernsku sinnar þarf að tryggja fagaðila sem er sérfræðingur í að greina neikvæða umhverfiþætti og veita nemandanum persónulega ráðgjöf í erfiðum málum, foreldraráðgjöf og ekki síst að veita umsjónarkennurum handleiðslu í starfi. Fræðslu – og skólafélagsráðgjafar eru sérfræðingar í þessum tilteknu þáttum.

**40.gr.** Af framansögðu þá teljum við mikilvægt að fræðslu – og skólafélagsráðgjafar starfi innan skólanna alveg eins og námsráðgafar og skólaheilsugæsla. Barnavernd er yfirskrift þessara laga en fræðslu – og skólafélagsráðgjafar eru sérfræðingar á því sviði. Tilgreina þarf þá þá í þessari grein.

Rannsóknir benda til að nemendum sem koma inn í skólana með greiningar um geðrænan vanda, samskiptaerfiðleika, ofvirkni, misþroska og meðfylgjandi náms og hegðunarerfiðleika muni fjölga til muna (Dupper, 2003).

Dupper, D. R., (2003). *School Social Work, Skills and Interventions for Effective Practice*. New Jersey: Wiley

## Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla. Þskj. 320 – 286 mál.

**2.gr.** Markmiðsgreinin tekur sérstaklega fram að framhaldsskólinn skuli stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Seinna í sömu grein kemur fram að þeir skuli einnig efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda meðal annars.

Til þess að þetta nái fram að ganga þarf að tryggja þjónustu við nemendur sem er heildstæð og tekur á persónulegum hindrunum þeirra með faglegum hætti. Fræðslu – og skólafélagsráðgjafar eru fagaðilar sem vinna einmitt á þessum vettvangi og starfa nú þegar í fjölmörgum skólum undir heitinu námsráðgjafi (sjá fylgiskjal).

**37.gr.** Greinin fjallar um náms-og starfsráðgjöf en að okkar mati þarf að kveða á um fræðslu – og skólafélagsráðgjöf í þessari grein enda er tekið fram að nemendur eigi rétt á ráðgjöf er snertir persónuleg mál þeirra.

Persónuleg ráðgjöf við nemendur er gífurlega mikils virði og fyrirbyggjandi í eðli sínu þegar kemur að sjálfsvígshugmyndum, ofbeldi, einelti, einmanaleika, fjölmenningu og öðru því sem lýtur að því að vera fullgildur þegn í lýðræðisríki sem jafnframt á að hafa möguleika á að þroska hæfileika sína, lögum samkvæmt.

Fylgiskjal með umsögn: Ábending og ítrekun sem send var menntamálaráðherra í desember 2007.

10. janúar 2008



Guðrún H. Sederholm

umsagnaraðili FFS.



**Ábending og ítrekun vegna frumvarps til laga um framhalds – grunn - og leikskóla frá Fagdeild félagsráðgjafa á skóla – og fræðslusviði.**

**Ítrekun út frá megináherslum í greinargerð sem send var menntamálaráðherra fyrir fund með honum þann 11. janúar 2006 en þar mættu fyrir hönd FFS: Sigrún Júlíusdóttir prófessor við HÍ, Guðrún H. Sederholm fræðslu – og skólafélagsráðgjafi og Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi.**

**Ábending og ítrekun um meginsjónarmið í álitsgerðum sem sendar voru endurskoðunarnefndum ráðuneytisins í júní og ágúst 2006.**

Meginsjónarmið við frumvarpið.

Áratugum saman hafa félagsráðgjafar starfað við framhalds – og grunnskóla landsins undir starfsheitinu námsráðgjafi. Félagsráðgjöf er löggilt starfsheiti og fræðslu – og skólafélagsráðgjöf eru sérfræðiréttindi veitt frá heilbrigðisráðuneyti. Á fundi með menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, þann 11. febrúar 2006 lögðu eftirtaldir félagsráðgjafar fram ýtarlega greinargerð um ofangreint; Guðrún Helga Sederholm, fræðslu – og skólafélagsráðgjafi, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við HÍ og Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi. Ráðherra taldi þá réttlætismál að félagsráðgjafar nytu sinnar lögverndunar þar sem þeir starfa í skólum og lýsti vilja sínum til að svo mætti verða.

Í frumvarpinu er þeirra ekki getið sérstaklega og er það miður. Í álitsgerðum sem sendar voru ráðuneytinu og fylgt var eftir á fundum með nefndum í júní og ágúst 2006 kom skýrt fram að félagsráðgjafar byggja á áratuga reynslu innan skólakerfisins varðandi þá

þætti sem snúa að greiningu á persónulegum erfiðleikum nemenda, mótun hagnýtra úrræða og greiningu á umhverfisþáttum í skólanum sem stuðla að öryggi nemenda, samstarfi við foreldra, fjölmenningu, meðferð barnaverndamála og handleiðslu til kennara og skólastjórnenda auk annarra mikilvægra þátta í skólastarfinu.

Guðrún Helga Sederholm fræðslu – og skólafélagsráðgjafi samdi álitserðirnar fyrir hönd FFS og hafði til þess fullan stuðning enda byggir hún á áratuga reynslu af slíku starfi. Á það skal bent að hún var ráðin af Svavari Gestssyni, menntamálaráðherra, árið 1990 til þess að móta og þróa námsráðgjöf í grunnskólum landsins. Námsráðgjöf hafði ekki verið til í skólum fram að því. Hún þróaði fagið á einu og hálfu ári, í Ölduselsskóla, og skilaði skýrslu þar um. Eftir það voru námsráðgjafar ráðnir til starfa við grunnskóla landsins í 50% stöður árið eftir.

Árið 1997 skipaði Björn Bjarnason Guðrúnu Helgu Sederholm formann nefndar á vegum ráðuneytisins til þess að móta tillögur að eflingu náms – og starfsráðgjafar á öllum skólastigum. Nefndin skilaði skýrslu í október 1998. Í þeirri skýrslu var meginniðurstaðan sú að persónuleg ráðgjöf við nemendur hvíldi þyngst á námsráðgjöfum en þá skorti þekkingu og reynslu til að takast á við hana á þeim tíma. Lagt var til að stofnuð yrði miðstöð sérfræðiþjónustu til að greina og vinna með persónuleg mál nemenda.

Við viljum leggja áherslu á mikilvægi þess að þjónustan við nemendur eflist og styrkist í skólum landsins með nýjum frumvörpum og að tryggt sé að þeir sem starfa við ráðgjöf við nemendur njóti sinna starfsheita og lögverndunar. Að okkar mati er ekki tryggt að öryggi nemenda sé með besta móti, að þeir njóti bernsku sinnar og hæfileika nema þjónusta við þá beinist í átt að frekari sérhæfingu starfsliðs sem nýtur réttinda sinna. Við leggjum því til að í 37. grein frumvarpsins verði félagsráðgjafa getið eins og náms – og starfsráðgjafa. Einnig komi skýrt fram að skólastjórum sé heimilt að ráða skólafélagsráðgjafa í stöður sem áður hafa verið eyrnamerktar námsráðgjöfum.

10. desember 2007

Guðrún H. Sederholm



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Egilsstöðum 21. janúar 2008

**Efni: Umsögn um menntafrumvörp – þingmál nr. 285, 286, 287 og 288**

Á fundi fræðslunefndar Fljótshéraðs 15. janúar sl. voru menntafrumvörpin, þ.e. þingmál nr. 285-288 til umfjöllunar. Eftirfarandi var bókað á fundi nefndarinnar:

**Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla, þingmál nr. 287**

Mál nr. FR080001

*Fræðslunefnd fagnar því að hlutverk og ábyrgð foreldra sé gert skýrara með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.*

*Nefndin telur ljóst að ákvæði í lögum muni geta skapað talsverðan kostnaðarauka og bendir þar m.a. á ákvæði um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs og ákvæði um sérfræðipjónustu.*

*Nefndin telur ekki ástæðu til að fjalla um símenntun í lögum um leikskóla, slíkt eigi heima í kjarasamningum aðila.*

**2. Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, þingmál nr. 285**

Mál nr. FR080002

*Fræðslunefnd fagnar auknum sveigjanleika, skýrari ábyrgðarþáttum og kæruleiðum í frumvarpinu. Sum atriði hefði nefndin gjarnarn séð innihalda enn meiri sveigjanleika og má þar m.a. nefna ákvæði um skólaskyldu, sem eingöngu er tiltekið að geti verið 10 ár eða skemmri en ekki lengri en 10 ár.*

*Nefndin telur ástæðu til að óttast að ákveðin atriði muni óhjákvæmilega leiða til aukins kostnaðar sveitarfélaganna, og vísar í því sambandi t.d. á ákvæði um mat og eftirlit, sérfræðiúrræði o.fl. Fræðslunefnd óttast að mörg ákvæði verði sérlega íþyngjandi fyrir minni skóla og lítíl sveitarfélög, svo sem hvað varðar frjálst skólaval foreldra o.þ.h. og telur óþarfi að lögbinda slíkt atriði.*

*Nefndin sér enga ástæðu til að fjalla um símenntunarþátt í lögum og gerir því að tillögu sinni að 12. gr. falli út, enda sé þetta atriði sem eigi heima í kjarasamningum starfsmanna og ekki lögum.*

*Í 29. gr. frumvarpsins er rætt um að starfsáætlun skuli lögð árlega fyrir skólanefnd, fræðslunefnd telur nauðsynlegt að fram komi að skólanámskrá skuli lögð fram til staðfestingar í skólanefnd.*



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

www.egilsstaðir.is

*Um skipan skólanefndar er rætt í 6. gr. - fræðslunefnd leggur áherslu á að áfram sé kostur að sameina verkefni hjá einni nefnd, svo sem t.d. hvað varðar málefni leik-, grunn- og tónlistarskóla, enda er nú skv. 45. gr. heimilt að reka slíkar stofnanir undir einni sameiginlegri stjórn.*

*Að álliti þessu standa 5 nefndarmenn, PL, AA, PR, JG og SB*

*Soffía Sigurjónsdóttir, fulltrúi í fræðslunefnd skilaði séráliti þar sem eftirfarandi kemur fram: Min túlkun á frjálsu skólavali í frumvarpinu er sú að það þurfi ekki að vera íþyngjandi fyrir sveitarfélög. Að öðru leyti tek ég undir álit nefndarinnar.*

**Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla, þingmál nr. 287**

Mál nr. FR080003

*Fræðslunefnd fagnar auknum áherslum á samfellu í skólastarfi sem koma fram í menntafrumvörpunum og gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarp til laga um framhaldsskóla.*

**Umsögn um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skjólastj, þingmál nr. 288**

Mál nr. FR080004

*Fræðslunefnd fagnar því samræmi sem löginn stuðla að með tilliti til stöðu starfsfólks leik- og grunnskóla m.a. með lögverndun leikskólastarfsheitsins.*

*Fræðslunefnd bendir á ósamræmi á milli 9. og 12. greinar þessa frumvarps og 11. greinar frumvarps til laga um grunnskóla og 6. gr. frumvarps til laga um leikskóla.*

*Nefndin gerir athugasemd við hversu ítarleg löginn eru í ákveðnum atriðum svo sem hvað varðar tilgreiningu tiltekinnar dagsetningar í 14. grein varðandi ráðningu starfsfólks grunnskóla.*

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með kveðju

Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi  
Fljótshálfarhreppur  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1207  
komudagur 24.1.2008



FLÓAHREPPUR

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Þingborg 24. janúar 2008

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 20. desember 2007 var lagt fram erindi frá Menntamálanefnd Alþingis þar sem óskað er umsagna um frumvörp til laga um grunnskóla, leikskóla, framhaldsskóla og menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda fyrir 22. janúar 2008. Sveitarstjórn samþykkti að óska eftir umsögn fræðslunefndar. Einnig var foreldraráði og foreldra- og kennarafélögum Flóaskóla og Krakkaborgar bent á að kynna sér frumvörpin.

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 23. janúar 2008 var erindið tekið fyrir aftur. Fenginn var frestur fyrir sveitarstjórn Flóahrepps til að skila umsögnum 24. janúar. Sveitarstjórn þakkaði greinargóða umsögn fræðslunefndar sem liggur fyrir varðandi frumvörpin og tekur undir athugasemdir nefndarinnar.

X Varðandi frumvarp til laga um leikskóla eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:  
Vegna 5. kafla, 12. greinar:

Hjá sveitarfélögum þar sem húsnæði er ekki samkvæmt reglugerðum, verður að koma skýrt fram bráðabrigðarúrræði í reglugerð, þannig að tekið sé tillit til eldra húsnæðis sem ekki er byggt með starfsemi leikskóla í huga.

Vegna 7. kafla, 17.-19. greina:

Vegna úttekta, gæðamats og eftirlits verður að vera skýrt að sveitarfélög fái fjármagn til að koma til móts við auknar skyldur og ábyrgð sem felast í nýjum verkefnum.

Lýst er yfir ánægju með auknar áherslur á þróunar- og nýbreytnistarf og annað faglegt starf innan leikskóla. Sjóður sem styrkir slík verkefni þarf að vera til staðar hjá ríkinu til að fjármagna slík verkefni.

Einnig er ánægjulegt að sjá að leikskólar séu almennt betur viðurkenndir sem fyrsta skólastig barna og aukinni tengingu við grunnskólana. Samhliða þeirri viðurkenningu þurfa sveitarfélög og fræðsluyfirvöld þeirra að taka við auknum skyldum og ábyrgð. Aukin fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélaga vegna nýrra laga er áhyggjuefni og mikilvægt er að sveitarfélög fái aukið fjármagn í málaflokkinn.

Varðandi frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Það er ánægjulegt að gerðar séu meiri menntunarkröfur til leik-grunn- og framhaldsskólakennara en veldur um leið áhyggjum ef einhver hættu verður á minnkandi eftirspurn eftir náminu vegna aukinna krafna.

Það er gleðiefni að laun munu væntanlega hækka umtalsvert með auknum menntunarkröfum en um leið þarf aukið fjármagn til sveitarfélaga að vera tryggt svo unnt sé að standa undir þeim kostnaði.

Virðingarfyllt,  
f.h. sveitarstjórnar,

Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/1196*  
*komudagur 24.1.2008*

Bæjarstjórn Garðabæjar  
V.t. Anna Magnea Hreinsdóttir, leikskólafulltrúi  
Bæjarskrifstofur Garðabæjar  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

*Garðabæ, 22. janúar 2008*

**Efni: Umsögn stjórna foreldrafélaga leikskóla í Garðabæ um frumvarp til laga um leikskóla, þskj. 321, 287. mál.**

Með bréfi menntamálanefndar Alþingis, dags. 12. desember 2007, var Garðabæ sent til umsagnar frumvarp til nýrra laga um leikskóla. Í bréfinu var þess farið á leit við bæjarstjórn að málið yrði kynnt fyrir foreldrafélögum leikskóla.

Foreldrafélögin fengu framsent bréf menntamálanefndar, frumvarpið og skjal frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með samanburði á gildandi lögum og lagafrumvarpinu hinn 9. janúar síðastliðinn. Stjórnir foreldrafélaganna voru boðaðar til fundar 17. janúar síðastliðinn þar sem farið var yfir málið með leikskólafulltrúa og fulltrúa foreldra í leikskólanefnd og einstök atriði frumvarpsins rædd.

Stjórnir félaganna eru sammála um að frumvarpið í heild sinni styrki umgjörð leikskólanna og það mikilvæga starf sem þar fer fram.

Stjórnir félaganna lýstu áhyggjum sínum af því hve erfiðlega gengi að fá faglært starfsfólk til starfa á leikskólum, þótt leikskólar í Garðabæ, stæðu almennt vel að vígi miðað við önnur sveitarfélög. Bent er á að ákvæði 6. gr. frumvarpsins, sbr. 9. gr. frv. til laga um menntun kennara o.fl. (þskj. 322, 288. mál), getur orðið erfitt í framkvæmd þar sem það getur hindrað að fá til starfa hæft ófaglært starfsfólk þegar ekki er völ á leikskólakennurum til að fylla 2/3 hluta allra stöðugilda. Mjög varhugavert er að lögfesta slíkan kvóta þegar starfsmannamál eru með þeim hætti sem nú er. Hætt er við að fólk vilji ekki ráða sig tímabundið um langa framtíð og þannig geti sveitarstjórnir lent í enn frekari erfiðleikum með ráðningar en verið hefur. Þá veldur það einnig áhyggjum að áformað er að lengja réttindanam leikskólakennara. Þrátt fyrir metnaðarfull markmið getur sú staða leitt til þess að enn færri leggi fyrir sig störf leikskólakennara, einkum ef ekki verða gerðar verulegar úrbætur í launamálum þeirra.

Vakin er athygli á að tryggja verður fjárframlög svo mörg nýmæli frumvarpsins ná tilgangi sínum. Má sérstaklega vekja athygli á 2. mgr. 9. gr. um túlkun á táknmál eða annað tungumál. Ákvæði af þessu tagi er mjög mikilvægt en á sama hátt algerlega gagnslaust ef ekki fylgir fullnægjandi fjárveiting. Þá er einnig vakin athygli á 12. gr. um skólahúsnæði, aðstöðu, sérþarfir o.fl. og 22. gr. um rétt leikskólabarna til aðstoðar sérfræðinga. Hér verða nægar fjárveitingar að fylgja svo unnt verði að mæta auknum kröfum og uppfylla skilyrði laganna.



Stjórnir foreldrafélaga leikskóla í Garðabæ eru sammála um að vekja sérstaka athygli hv. menntamálanefndar Alþingis á eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi eru gerðar alvarlegar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins um að fella brott hugtakið „kristilegt siðgæði“ úr lögnum og taka upp hugtakið „siðferðisvitund“ í staðinn. Hér er ekki um sama hlutinn að ræða. Athygli nefndarinnar er vakin á því að skv. 62. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands er hin evangelíska lútherska kirkja þjóðkirkja á Íslandi og ber ríkisvaldinu að styðja hana og vernda. Því skýtur skökku við að löggjafinn skuli hverfa frá því að leggja áherslu á kristilegt siðgæði í leikskólum að óbreyttri stjórnarskrá og þrátt fyrir að kristni hafi verið þjóðtrú á Íslandi frá árinu 1000 e.kr. Þótt ákveðinn minnihluta hópur vilji byggja kristni út úr skólum landsins á löggjafinn ekki að beygja sig fyrir því, og alls ekki að óbreyttri stjórnarskrá. Að sjálfsögðu ber að taka tilhlýðilegt tillit til annarra trúarbragða í landinu en það má einfaldlega leysa með vali. Ef ákveðnir foreldrar vilja ekki að börn þeirra fari í kirkju eða tileinki sér kristilegt siðgæði er þeim frjálst að ákveða það og leikskólinn verður að mæta þeim einstaklingum með ákveðnum lausnum. Ef látið er undan í þessum efnum er öruggt að næst verði þess verði krafist að jólaundirbúningi verði úthýst, páskahátíðinni o.s.frv. Frumvarpið felur í sér að horfið er frá viðurkenndum grundvallargildum í íslensku samfélagi og réttindi meiri hlutans fótum troðin til að koma til móts við háværar kröfur tiltölulega fámenns hóps. Sem málamiðlun mætti orða c-lið 2. mgr. á eftirfarandi hátt:

*„c. að stuðla að umburðarlyndi og viðsýni barna, efla kristilegt siðgæði og siðferðisvitund þeirra.“*

Í öðru lagi kemur fram í 3. mgr. 6. gr. áskilnaður um að óheimilt verði að ráða til starfa einstaklinga sem hafa hlotið refsidóm fyrir bort gegn XXII. kafla alm. hgl. og að þeim verði gert að leggja fram sakavottorð. Þetta er svo sjálfsagt skilyrði að hreint með ólíkindum er að það hafi ekki verið lögfest fyrr. Athygli menntamálanefndar er þó vakin á að skv. reglugerð um sakaskrá ríkisins, nr. 569/1999, eru aðeins skráðir í sakavottorð þeir dómar sem fallið hafa. Alkunna er að mál af þessu tagi geta verið mjög lengi í rannsókn og svo virðist sem ákvæðið girði ekki fyrir að einstaklingar fái starf á leikskóla þótt þeir hafi verið kærðir eða grunaðir um brot gegn XXII. kafla alm. hgl. eða hafi verið staðnir að ósæmilegu athæfi án þess að mál hafi leitt til kæru. Upplýsingar úr málaskrá lögreglu eru því mjög mikilvægar í þessu sambandi en þær verða aldrei útvegaðar nema með atbeina umsækjandans.

Í þriðja lagi má benda á IV. kafla frumvarpsins þar sem eru ítarlegri ákvæði um foreldrafélög og foreldraráð. Foreldrafélög hafa verið starfandi á öllum leikskólum bæjarins um langt skeið og verið tengiliður milli foreldra og leikskólastjórnenda. Félögin hafa stutt við leikskólastarfið eftir bestu getu, greitt fyrir ferðir, skemmtanir, búnað o.fl. til að auðga leikskólastarfið. Flest ef ekki öll félögin innheimta gjald í foreldrasjóð sem almennt er um 450 kr. á mánuði en þó eitthvað misjafnt eftir leikskólum. Athygli menntamálanefndar er vakin á að við vinnslu frumvarpsins væri gagnlegt að afla nánari upplýsinga um störf foreldrafélaga leikskóla, hvað þau hafi lagt til leikskólastarfsins undanfarin ár og síðast en ekki síst skjóta lagastoðum undir innheimtu foreldrafélagsgjaldsins.

Til að skjóta traustari stoðum undir gjald í foreldrasjóð má bæta við 10. gr. frumvarpsins nýrri málsgrein sem gæti orðast svo:

*„Foreldrafélögum er heimilt að innheimta gjald til að standa undir starfsemi sinni. Gjaldið skal ákveðið af aðalfundi fyrir komandi starfsár, í samræmi við samþykktir félagsins. Rekstraraðili leikskóla skal aðstoða við milligöngu eða innheimtu gjaldsins ef félagið óskar.“*

Virðingarfyllst,

f.h. foreldrafélaga leikskólanna í Garðabæ (Ásar, Bæjarból, Hæðarból, Kirkjuból, Lundaból, Montessori, Sjáland og Sunnuhvoll),



Einar Farestveit,  
fulltrúi foreldra í leikskólanefnd.





**Menntamálanefnd Alþingis,  
Nefndasvið  
v. Austurvöll,  
Reykjavík.**

Kópavogi, 21. janúar 2008

**Umsögn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um frumvörp til laga um leikskóla, mál 287, um grunnskóla, mál 285, um framhaldsskóla, mál 286, og um mentun og ráðningu kennara og skólastjórnenda, mál 288.**

Meðfylgjandi eru umsagnir stofnunarinnar um ofangreind lagafrumvörp, sem rýnihópar sérfræðinga hennar settu fram eftir ítarlega skoðun á texta og innihaldi frumvarpanna. Athugasemdir stofnunarinnar byggjast á hlutverki hennar í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra og á þörfum og réttindum þess hóps, sem sækir stuðning sinn til stofnunarinnar. Því þykir mér rétt að fara nokkrum almennum orðum um stöðu stofnunarinnar og eðli vanda þeirra, sem þangað sækja þjónustu.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins starfar skv. lögum nr. 80/2003, en í 1. grein laganna kemur eftirfarandi fram: “Markmið laga þessara er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar, enn fremur að tryggja öflun, viðhald og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði. Í þessum tilgangi skal á vegum ríkisins starfrækt stofnun, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem þjóni landinu öllu”.

Í 8. grein laganna kemur eftirfarandi jafnframt fram: “Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins fer þó með eftirfylgd og ráðgjöf til lengri tíma vegna einstaklinga með óvenjuflóknar eða sjaldgæfar fatlanir og þroskaraskanir og sérhæfð vandamál tengd fötlun þeirra”.

Greiningarstöðin er þannig meginþekkingar- og greiningarstofnun ríkisins á sviði fatlana barna, sem löggjafinn hefur lagt á ríkar skyldur. Nánast öll börn á landinu með alvarlegar fatlanir, svo sem þroskahamlanir, einhverfu og skyldar raskanir og hreyfihamlanir, eru skjólstæðingar stofnunarinnar hvað varðar greiningu, ráðgjöf og eftirfylgd. Það er með þennan hóp huga sem umsögn Greiningarstöðvar er sett fram.



Varðandi skjólstæðingahóp stofnunarinnar segir um í lögnum: “Með fötlun er átt við það ástand sem skapast þegar einstaklingur þarf fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa vegna alvarlegrar þroskaröskunar eða annarrar röskunar á færni”.

Skjólstæðingar Greiningarstöðvar eru því börn með viðtækan og langvinnan vanda, sem nær langt út fyrir almenna erfiðleika í bóklegu námi með hefðbundinni skólagöngu. Fötlun þeirra snertir flesta þætti daglegs lífs þeirra og fjölskyldna. Í flestum tilvikum er þörf á þjálfun ýmissa færnisþátta (t.d. talþjálfun, iðjuþjálfun, sjúkrapþjálfun), sem við núverandi aðstæður þarf að sækja út fyrir skólakerfið, oftast á ábyrgð foreldra. Þá er algengt öll uppvaxtarárin að fatlað barn geti ekki verið á eigin vegum eftir að skóla lýkur á hverjum degi og því er oft þörf á heilsdagsskóla alla skólagöngu barnsins. Þá þurfa oft að koma til vistunarúrræði eins og skammtíma vistanir og stuðningsfjölskyldur, vegna álags á fjölskyldu og systkini, og aðstoð og þjálfun í félagslegum samskiptum.

Það er brýnt að skilgreina réttindi þessara barna og fjölskyldna þeirra á hinum ýmsu skólastigum. Nær undantekningalaust geta þau ekki vegna fötlunar sinnar fylgt aðalnámsskrá og þurfa því einstaklingsnámskrá sem tekur mið af þroskastöðu þeirra og getu hverju sinni. Þegar til staðar er líkamleg fötlun, þarf að tryggja að skólabyggingar geri þeim kleift að komast leiðar sinnar um skólahúsnæði. Þegar til staðar eru erfiðleikar í aðlögun og hegðun þarf að vera til þekking og aðstaða til að beita aðferðum atferlismótunar.

Svona mætti reyndar lengi halda áfram um hinar ýmsu hliðar á þeim vanda sem fötluð börn og fjölskyldur þeirra standa andspænis í lífi sínu. Það hýtur því að vera keppikefli að við setningu laga sem ná til allra skólastiga sé hugað sérstaklega að því að vel sé séð fyrir þörfum þessara barna þannig foreldrar þeirra þurfi ekki í endurtekin skipti alla skólagöngu þeirra að berjast fyrir rétti þeirra og vera í óvissu um menntunarúrræði barna sinna nær alla skólagöngu þeirra.

Mér væri sérstök ánægja að fá tækifæri til að kynna frekar fyrir nefndarmönnum þarfir þessa hóps og þau úrræði, sem samfélagið þarf að hafa til reiðu til að létta göngu þeirra og bæta horfur þeirra til sjálfstæðs lífs á fullorðinsárunum.

Virðingarfyllt,

Stefán J. Hreiðarsson, sérfræðingur í fötlunum barna,  
forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins

*Stefán J. Hreiðarsson*  
*Stefán J. Hreiðarsson*



## Umsögn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um frumvarp til laga um leikskóla.

### **Þingskjal 321 – 287. mál.**

Á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er til staðar þekking á margvíslegum fítlunum barna, svo og á aðferðum sem hafa verið þróaðar til þess að stuðla megi að sem mestum framförum í þroska og hegðun á leikskólaárunum. Greiningarstöð veitir sérfræðingum sveitarfélaganna, starfsmönnum leikskóla, svo og foreldrum, ráðgjöf og fræðslu um tiltekna fatlanir og aðferðir til íhlutunar, sem á sér að mestu leyti stað innan leikskólans. Í ljósi þessa vill Greiningarstöð koma á framfæri eftirfarandi álit og athugasemdum við fyrirleggjandi frumvarp til laga um leikskóla.

Ýmsar breytingar sem fram koma í frumvarpinu teljum við vera til hagsbóta þegar horft er til skjólstæðingahóps okkar. Ein þeirra er sveigjanleiki varðandi lok leikskólanáms og upphafs náms í grunnskóla, þar sem lítið verði til félagsþroska og námsframvindu í því sambandi, eins og fjallað er nánar um í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu. Það er jákvætt að kennsla og nám sé nú skilgreindur hluti af leikskólastarfinu til jafns við umönnun og uppeldi. Einnig fögnum við því sem fram kemur í athugasemdum sem fylgdu einstökum greinum frumvarpsins, að hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar verði höfð að leiðarljósi í leikskólastarfinu og að nánar verði kveðið á um þetta í Aðalnámskrá leikskóla. Önnur nýmæli sem við fögnum varða þagnarskyldu starfsfólks, símenntun, rými fyrir sérfræðiþjónustu, áherslu á að sérfræðiþjónusta fari fram innan leikskólans, aukin tengsl leikskóla og grunnskóla, aukna möguleika foreldra til virkrar þátttöku í starfsemi leikskólans, aukna áherslu á eftirlit og mat á gæðum leikskólastarfs og meðferð ágreiningsmála.

Tillögur að viðbótum eða breytingum við einstaka greinar hér að neðan eru skáletraðar.

#### 2. gr.

Við gerum athugasemd við notkun hugtaksins „andlega“ í b. lið þar sem það gæti haft skírskotun til enska hugtaksins „spiritual“ og leggjum til að b. liður verði orðaður sem hér segir: að hlúa að *vitsmunalegum-, tilfinningalegum- og líkamlegum þörfum* hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.

#### 6. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari hafi menntun leikskólakennara. Í þennan hóp viljum við bæta *sérkennslustjóra*. Það er grundvallaratriði að sá aðili hafi a.m.k. slíka menntun til þess að fagleg sérkennsla fari



fram innan leikskólans og að forsendur séu fyrir hendi til þess að nýta og fylgja eftir utanaðkomandi ráðgjöf.

8. gr.

Fram kemur að símenntun starfsliðs verði í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár. Hér teljum við mikilvægt að kveðið verði sérstaklega á um símenntun þeirra sem starfa með börnum með sérþarfir, en þá er bæði átt við börn með fötlun og langveik börn. Starf með þessum börnum krefst sérþekkingar auk þess sem nauðsynlegt er að fylgjast með þróun og framförum á þessu sviði. Tillaga um viðbót við þessa grein: *Áætlun um símenntun skal einnig miða að því að efla sérþekkingu og sérhæfingu þeirra sem starfa með börnum með sérþarfir.*

9. gr.

Í þessari grein kemur fram að foreldrar skulu gæta hagsmuna barna sinna og hafa náið samráð við starfslið leikskóla. Þegar í hlut eiga foreldrar barna með sérþarfir teljum við mikilvægt að tryggja að tekið sé tillit til óska þeirra um atriði sem lúta að sérþörfum barnsins. Við leggjum því til eftirfarandi viðbót við þessa grein: *Eigi í hlut foreldrar barna með sérþarfir skal tekið tillit til óska þeirra um innihald og aðferðir sérkennslu.*

Þar sem talað er um túlkun fyrir foreldra sem ekki tala íslensku eða nota táknmál kemur fram að skóli skuli leitast við að tryggja þeim túlkun. Hér leggjum við til að kveðið verði fastar að orði og standi: *... skal skóli tryggja þeim túlkun ...*

16 gr.

Tekið er fram að í skólanámskrá skuli gerð grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla. Í því sambandi teljum við mikilvægt að tryggja að innihald og aðferðir sérkennslu, sem barn hefur notið í leikskólanum með góðum árangri, verði áfram hafðar að leiðarljósi í grunnskólanum.

18. gr.

Fram kemur að leikskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Í þessu sambandi er m.a. mikilvægt að líta til mats á árangri sérkennslu og bregðast við fyrstu merkjum um að kennsluáðferðir skili barni ekki tilætluðum árangri.

21. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipulag sérfræðiþjónustu og tekið fram að stuðlað skuli að því að hún geti farið fram innan leikskólans. Við teljum nauðsynlegt að áréttta hvaða sérfræðiþjónustu er átt við hér og tiltaka þá m.a. talmænafræðinga, iðuþjálfara og sjúkraþjálfara, en mörg börn með sérþarfir hafa þurft að sækja þjónustu þessara sérfræðinga út fyrir leikskólann og af þeim sökum hefur oft reynst erfitt að samþætta hana þeirri þjónustu og sérkennslu sem börnin njóta í leikskólanum.

22. gr.



Þjónusta þessi skal fara fram *af fagmenntuðu fólki* og undir handleiðslu sérfræðinga. Með þessari viðbót viljum við áréttta að sú þjónusta sem börn með sérþarfir njóta í leikskólanum geri kröfur til sérþekkingar og því sé mikilvægt að hún sé í höndum fagmenntaðs fólks sem jafnframt njóti handleiðslu. Þessu til viðbótar er mikilvægt að *sérkennsla byggji, svo fremi sem kostur er á gagnreyndum aðferðum (evidence based practices) og reglubundnu mati á árangri einstakra barna (sbr. 18. gr.).*

Leikskólastjóri/sérkennslustjóri skal samræma ... (sbr. aths. við 6. grein).

Við teljum til bóta að í frumvarpinu skuli tiltekinn ákveðinn aðili sem skuli samræma störf þeirra sem fara með málefni einstakra barna er lýtur að sérfræðiþjónustu. Í samstarfi Greiningarstöðvar og sérfræðiþjónustu nokkurra sveitarfélaga hefur verið að móta störf ákveðin vinnuregla í því sambandi sem lýtur að *stofnun svokallaðra þjónustuteyma og fyrirkomulagi þeirra*. Þar sem þessi teymi hafa verið stofnsett gegna þau lykilhlutverki í því að móta, samræma og samhæfa þjónustu allra þeirra sem tengjast barninu í samstarfi við foreldra, sem jafnframt sitja í teyminu. Það er tillaga okkar að þessum þætti verði gerð sérstök skil í væntanlegri *reglugerð* um starfsemi leikskóla, þar sem einnig verði fjallað um *verkaskiptingu og ábyrgð ráðgefandi aðila ríkis og sveitarfélaga og annarra sérfræðinga sem koma að málefnum barna með sérþarfir*.

Kópavogi 16. janúar 2008

*Sigríður Lóa Jónsdóttir*

Sigríður Lóa Jónsdóttir, sálfræðingur, fagsviði einhverfu og skyldra raskana

*Sigríður Lóa Jónsdóttir*

Áslaug Melax, leikskólasérkennari, fagsviði einhverfu og skyldra raskana

Helga Kristinsdóttir, sálfræðingur, fagsviði þroskahamlana

*Helga Kristinsdóttir*

Þórunna Halldórsdóttir, þroskaþjálfari, fagsviði hreyfi- og skynhamlana

*Þórunna Halldórsdóttir*



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

22. janúar 2008.

### **Umsögn sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps um frumvörp til laga um leik- og grunnskóla.**

#### **Almennt um frumvörpin.**

Það vekur athygli við lestur og yfirferð frumvarpanna, að eftir er að gera Aðalnámsskrá sem tekur mið af frumvörpunum. Sama gildir um reglugerðir, sem þó er vísað í! Til þess að geta metið frumvörpin til einherrar hlítar verða þessir hlutir að vera til staðar, enda geti þeir ráðið allmiklu um alla framkvæmd og kostnað sveitarfélaganna.

Það er fagnaðarefni að í frumvörpunum er gert ráð fyrir auknu sjálfstæði sveitarfélaga varðandi rekstur skólanna. Sama er að segja um áherslu frumvarpsins um tengsl á milli skólastiga og skýr ákvæði um að persónuupplýsingar fylgi börnum milli skólastiga.

Það er og vel að hlutverk skólastjóra grunnskólans er skýrt og fært nær stjórnunarhlutverki annarra stjórnenda stofnana á vegum sveitarfélaga. Eðlilegt er þó að spyrja hvers vegna viðlíka ákvæði er ekki að finna um hlutverk og stjórnunarábyrgð leikskólastjóra?

Möguleikinn á samrekstri leik- grunn- og tónlistarskóla er jákvæð breyting og getur þýtt hagræðingu fyrir einhver sveitarfélög, eykur sveigjanleika og skapar betri grundvöll fyrir heildstæðum skólarekstri í fámennum sveitarfélögum.

Sprotasjóður, sem styðja á við nýjungar í skólastarfi, verður opinn öllum skólastigum, í stað grunnskólans eingöngu eins og var áður. Sjóðurinn getur orðið að liði í skólum sem taka upp nýbreytni- og þróunarstarf. Sá stuðningur á ekki síður við þegar horft er til minni skóla í fámennum byggðarlögum .

Sérstakur gleðivaki fyrir fámennt skólasamfélag eru ákvæði 26. gr. um val í námi og heimild til að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskólans og „tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi, sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.”

Raunar má segja margt fleira jákvætt um anda þessara laga og einstakar greinar þeirra, þótt hér verði látið staðar numið í upptalningu.

Lagagreinar um hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga varðandi ytra mat á skólastarfi eru nýjar. Þar getur verið um talsverðan kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin að ræða. Ytra mat hefur verið og er í höndum menntamálaráðuneytis og hefur á ýmsu oltið um framkvæmd þess. Það er með öllu ólíðandi að ekki fylgi nauðsynlegt fjármagn verkefnum sem þannig eru flutt.

### X **Leikskólafrumvarpið.**

11. gr. um stofnun foreldraráðs er einkennileg í ljósi þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að mögulegt sé að reka fleiri skóla saman. Það má benda á að í grunnskólafrumvarpinu er gert ráð fyrir mun einfaldari lausn, þ.e. stofnun skólaráðs.

12. gr. Þar eru reglur um skólahúsnæði og aðra aðstöðu. Þótt ekki sé gert ráð fyrir að breytingarnar hafi áhrif til fjölgunar barna á hvern starfsmann, þá eru gerðar kröfur um aukna aðstöðu fyrir sérfræðinga og starfsfólk. Þessi ákvæði munu þýða aukinn kostnað og er ekki að sjá að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir hvaðan það fjármagn ætti að koma.

Við setningu reglugerðar verður að gæta hófs og taka verður tillit til þess að mikið er af eldra skólahúsnæði úti á landsbyggðinni sem þarf að gera á nauðsynlegar breytingar. Til þess þarf tíma og fjármagn.

7. gr. Upplýsingargjöf um hagi barns er öllum aðilum til hagsbóta sé trúnaðar og tillitssemi gætt.

23. gr. Fjallar um sérfræðipjónustu og skyldur sveitarfélaga til að veita þjónustu við hæfi og sinna eftirliti með starfsemi leikskólans. Ekki eru öll sveitarfélög í stakk búin að taka þessar skyldur á sig. Þetta mun hafa umtalsverðan kostnað í för með sér. Ekki að sjá að í frumvarpinu sé gerð grein fyrir hvaðan þessir fjármunir eigi að koma.

### **Grunnskólafrumvarpið.**

5. gr. Fjallar um sveitarfélög og skyldu þeirra að setja sér stefnu í skólamállum og að sjá til þess að öll börn á grunnskólaldri sem búa í sveitarfélaginu hafi aðgang að skóla, hvort sem þau hafi þar lögheimili eða ekki. Þetta kallar á skýrar verklagsreglur m.a. vegna vistunar barna utan lögheimilis. Einnig kallar þessi grein á að krafist verði raunkostnaðar fyrir skólagöngu barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags, og er skólaakstur órjúfanlegur hluti þess kostnaðar, ef svo ber undir.

8. gr. Um skólaráð, það er athygli verð nýjung sem áhugavert verður að sjá hvernig virkar. Skólaráðinu er ætlað að vera hluti af stjórnunarfyrirkomulagi skólans og er vonandi að það hvetji til aukinnar umræðu um málefni skólans úti í samfélaginu og hjá foreldrum.

17. gr. og 42. gr. Fjalla um nemendur með sérþarfir og sérúrræði. Enn er þar kveðið á um auknar skyldur sveitarfélaganna .....

Nauðsynlegt er að úrskurðarvald sé skýrt ef til ágreinings kemur .

20. gr. Fjallar um húsnæði og aðstöðu í grunnskóla, það er opnara en áður og er að hluta til bóta . Þó er í 3mgr ákvæði um að sveitarfélögum sé gert skylt að hafa samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins og aðila í grenndarsamfélagi um hönnun skólahúsnæðis. Slíkt ferli getur verið afar kostnaðarsamt þó það geti verið fræðandi fyrir áhugafólk.

Gera verður þá kröfu að sýnt verði fram á að slíkt ferli skili betra skólastarfi, áður en það er sett í lög.

26. gr. Um val í námi 31. gr. Um kostnað í skyldunámi og 32. gr. Um lok skyldunáms. Taka þarf af allan vafa um hver beri kostnaðinn ef nemandi tekur áfanga í framhaldsskóla.

40. gr. Þar er kveðið á um sérfræðiþjónustu og stoðkerfi grunnskólans. Sveitarfélögum er skylt að sjá nemendum og starfsfólki fyrir ráðgjöf og sérfræðiþjónustu . Einnig er bætt við ákvæði um að sérfræðiþjónustan skili tillögum til skólastjóra um hvernig bregðast skal við tilgreindum vanda, fylgist með úrbótum og meti árangur. Sveitarfélögin eiga nú að hafa forgöngu um samstarf sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins. Þetta getur orðið erfitt verkefni þar sem ríkisvaldið ákveður fjármagn til þjónustunnar einhliða og nýleg dæmi eru um biðlista upp í allt að 7 mánuði fyrir greiningu einstakra nemenda. Tryggja verður að fjármagn til verkefna sem tengjast stoðkerfi grunnskólans sé nægilegt þannig að sveitarfélögin geti sinnt lögboðnum skyldum - annars eru lögin bara orðin tóm.

SVEITARSTJÓRI  
GRÍMSNES  
GRÍMSNES V. GRÍMSNES  
GRÍMSNES V. GRÍMSNES





## Alþingi

Erindi nr. P 135/1247

komudagur 28.1.2008

Skrifstofa rektors

Alþingi - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 28. janúar 2008

Tilv.: 0712058

*Efni: Frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál*

Háskólinn á Akureyri þakkar fyrir tækifærið að fá að senda umsögn um ofangreint frumvarp ásamt frumvörpum um grunnskóla, 285. mál, um framhaldsskóla, 286. mál og um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288. mál. Almennt um þessi fjögur frumvörp má segja að þau horfi til verulegra framfara í íslensku skólakerfi. Þau styrkja stöðu kennara og það er sérstakt fagnaðarefni að starfsheitið leikskólakennari verður lögverndað og að kennarar þurfi að ljúka fimm ára námi til að fá að nota starfsheitin leik-, grunn- og framhaldsskólakennari, þau bæta tengingu á milli skólastiga og auðvelda flutning starfsmanna á milli þeirra svo að einhver atriði sé nefnd. Þau eru líkleg þegar til lengri tíma er litið að styrkja stöðu skóla í samfélaginu. Hér á eftir fer umsögn Háskólans á Akureyri um frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál.

Ástæða er til að fagna frumvarpi til nýrra laga um leikskólastigið, í því er að finna ýmsar nýjungar sem telja verður að styrki leikskólastarf í landinu. Má þar nefna ákvæði um skólanámskrá, sérfræðiþjónustu og mat og að hverjum leikskóla beri að setja fram starfsþróunaráætlun. Er það gleðilegt að í greingerð með frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að ráðuneytið stefni að því að setja á stofn sérstakan starfsþróunarsjóð fyrir leikskólakennara. Háskólinn á Akureyri hefur verið frumkvöðull að ýmsum breytingum í menntun leikskólakennara og ætlar sér hlutverk í símenntun leikskólakennara.

Því er sérstaklega fagnað að samkvæmt 3. grein eigi að gera opinberlega grein fyrir leikskólastarfi á Alþingi á þriggja ára fresti. Styður það greinina að samkvæmt 4. grein á hvert sveitarfélag að móta sér eigin stefnu og kynna hana íbúum. Má ætla að með þessum ákvæðum verði aukin umræða og umfjöllun um málefni leikskólans á opinberum vettvangi og leikskólastarf betur tengt samfélaginu.

Samrekstur leikskóla sem og sérstakir þróunarleikskólar sem kveðið er á um í 28. og 29. gr. eru meðal áhugaverðra nýjunga í frumvarpinu. Fyrir smærri sveitarfélög getur samrekstarfyrirkomulag verið gríðarlega mikilvægt, bæði vegna faglegra og fjárhagslegra sjónarmiða. Önnur nýjung sem snýr að málskotsrétti og málsmeðferð er líka til bóta og til þess fallin að skerpa á réttarstöðu þeirra sem að leikskólanum koma.

Í frumvarpinu er á nokkrum stöðum minnst á setningu væntanlegrar reglugerðar. Í ljósi ýmissa álitamála í frumvarpinu er mikilvægt að hraða vinnu við reglugerð. Samkvæmt frumvarpinu á að vinna reglugerðina í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga



Skrifstofa rektors

eins og eðlilegt má teljast, hins vegar verður að telja jafneðlilegt að ýmsir aðrir hagsmunaaðilar eins og félög kennara hafi jafnframt formlega aðkomu að gerð hennar.

Í frumvarpinu er ítrekað minnst á börn með sérþarfir. Telja verður að það falli betur að hugmyndum um skóla án aðgreiningar að segja sérþarfir barna. Þar sem athyglinni er beint að sérþörfunum en ekki að barninu - einstaklingnum.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins og skýringum í meðfylgjandi greinagerð er gert ráð fyrir fljótandi skilum milli leik- og grunnskóla, vert er að benda á að afleiðingar geta orðið neikvæðar fyrir viðkvæma jaðarhópa s.s. nýbúa og fatlaða. Jafnframt verður að benda á að afleiðingar geta haft neikvæð áhrif á leikskólastarf. Sérstaklega ef gert er ráð fyrir að „bráðger“ börn hefji grunnskólagöngu sína ári fyrr og að börn sem talin eru „seinni“ verði seinkað. Nauðsynlegt er að þessu ákvæði fylgi vel útfærðar reglur um framkvæmd, ella sé hætt á að markmið um skóla án aðgreiningar geti verið í hættu.

Því er fagnað að markmið leikskólastarfs samkvæmt 2. gr. eigi sem fyrr að byggjast á gildi leiksins og skapandi starfs sem námsleiðar fyrir börn. Líta verður á það sem styrk að búið er að fella út úr markmiðsgreininni ákvæði um kristlegt siðgæði og setja inn almenna siðferðiskvarða þess í stað. Eftir sem áður hlýtur það að vera í hlutverki leikskólans að miðla íslenskri menningu til barna og kristnum hluta hennar þar með.

Það nýmæli í 6. gr. frumvarpsins að óheimilt sé að ráða til starfa fólk sem hefur hlotið ákveðna tegund refsidóma og heimild leikskólastjóra til að leita upplýsinga úr sakaskrá verður að teljast til mikilla bóta og í raun löngu tímabært. Stjórnvöldum ber fyrst og fremst að líta eftir hagsmunum barna og verður að telja að með þessu ákvæði sé verið að tryggja að svo sé gert. Þetta ákvæði hér hefur sama veikleika og bent var á í sambærilegu ákvæði um grunnskóla að ekki er tekið á brotum sem kunna að eiga sér stað hjá kennara í starfi eða brotum gagnvart öðrum köflum hegningarlaganna. Jafnframt verður að telja jákvætt að sjá að búið er að setja þagnarskylduákvæði beint inn í frumvarp til laga um leikskóla (7. gr.). Leikskólar eru í auknum mæli reknir af öðrum en sveitarfélögum og því eðlilegt að ákvæðið sé einnig þar að finna sem og í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Starfsemi leikskóla má flokka undir skilgreiningar á starfi þekkingarheilda. Því er ánægjulegt að hver leikskóli eigi samkvæmt 8. gr. að útbúa áætlun um starfsþróun fyrir leikskólakennara en jafnframt bent á að mikilvægt er að sama eigi við um annað starfslið. Sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að gert er ráð fyrir að hluti starfsfólks sé ekki með fagmenntun á sviði leikskólans. Jafnframt vaknar spurning hvort ekki er æskilegt að setja með ákvæði um fjárveitingar til að tryggja að símenntun verði sterk og komi til með að hafa tilætluð áhrif á leikskólastarf.

Það er gleðilegt að sjá að ákvæði í 9. gr. um túlkaþjónustu fyrir þá sem ekki tala íslensku og/eða nota táknmál hefir hlotið sérstakan sess í frumvarpinu. Fyrir þá hópa sem ákvæðið nær til er þetta mikil réttindabót og viðurkenning á sérstöðu.

Það er ánægjulegt að sjá að í 11. gr. frumvarpsins er tekið tillit til rannsókna sem segja að aukin áhrif foreldra á skólastarf séu til góðs fyrir bæði leikskóla og heimili. Á það hefur verið bent að heimar barnsins eigi ekki að þurfa að vera algjörlega aðskildir,



Skrifstofa rektors

heldur þurfi að vera ákveðið flæði á milli þeirra. Jafnframt er eðlilegt að samtímis sé hnykkt á kröfum til foreldra um samstarf, þar sem samstarf heimila og leikskóla hlýtur að eiga að byggjast á jafnréttisgrundvelli.

Í tengslum við ákvæði um húsnæði og fjölda barna í 12. gr. frumvarpsins verður að telja það framfaraspor að ekki eigi að halda í mjög svo umdeilda reglugerð um fermetrafjölda í leikskólum. Tölur sem þar giltu voru mjög lágar en samt virðist sem svo að sveitarfélög hafi talið þær vera hámarkstölur. Á ýmsan hátt má telja að þessi þáttur reglugerðarinnar hafi staðið leikskólastarfi fyrir þrífum og átt þátt í erfiðleikum við að ráða fólk og mikilli nýliðun á meðal hluta starfsfólks. Ef rétt er hefur gildandi reglugerð beinlínis skaðað leikskólastarf og þar með unnið gegn hagsmunum barna. Afleiðing hennar hefur verið lakar aðstæður fyrir börn og starfsfólk í leikskólum. Það er mikilvægt að lýðheilsusamleg rök verði höfð til hliðsjónar við setningu nýrrar reglugerðar þar sem tekið verði tillit til langs vistunartíma flestra barna og þess að leikskólastarf sem framkvæma á samkvæmt markmiðum um leikskóla þarfnast rýmis. Tryggja verður að yfirvöld geti ekki skorast undan ábyrgð á leikskólahúsnæði hvort sem er leikskólum reknum af sveitarfélögum eða af einkaaðilum.

Aðalnámskrá á að sjálfsögðu að vera í sífelldri þróun og er gleðilegt að sjá að fyrir því er gert ráð samkvæmt 13. grein frumvarpsins. Hinsvegar er varað við að aldurs- og þroskatengja náms- og hæfnisþætti um of. Er það í andstöðu við m.a. nýja hugsun í leikskólafræðum þar sem áherslan er á opnar réttindabundnar námskrár. Ýmsar hættur varðandi þróun starfshátta í leikskólastarfi eru mögulegir fylgifiskar of stífra aldurs- og þroskaviðmiða. Það hefur verið talið gildandi aðalnámskrá til tekna hversu opin og sveigjanleg hún er. Á það má benda að annars staðar á Norðurlöndum hefur tilhneigingin verið í átt að opnari og sveigjanlegri námskrá sem býður upp á fjölbreytileika í starfsaðferðum og hugmyndarfræði. (Má sérstaklega benda á sænsku aðalnámskrána fyrir leikskólastigið). Það væru vonbrigði að sjá íslenskan leikskóla fara í aðrar áttir.

Samkvæmt 14. grein á nú að binda skólanámskrár leikskóla í lög sem teljast verður ánægjuleg breyting og til þess fallna að styrkja innviði leikskólastarfs enn frekar. Telja verður að með því að hver nefnd verði að staðfesta skólanámskrár sé verið að auka ábyrgð pólitískt kjörinna fulltrúa á leikskólastarfinu og er því fagnað. Ennfremur er ljóst að samkvæmt 13. gr. er áfram áhersla á sjálfstæði og fjölbreytileika hvers leikskóla. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skólar sem starfi eftir sömu stefnu/áherslum geti haft sömu skólanámskrá. Skólanámskrá og skólanámskrágerð eru ein helsta leið hvers skóla að þróa starfið og starfshætti m.a í tengslum við umbótamiðað innra mat. Því verður að vara við of mikilli miðstýringu hvort sem er af hálfu sveitarfélaga eða annarra á gerð og þróun skólanámskrár. Æskilegt er að jafnvel þó skólar samnýti og vinni skólanámskrár verði lokahönd ávallt lögð á hana innan hvers leikskóla. Þannig verði sérstaða hans ljós og fagleg þróun tryggari.

Sprotasjóður sem boðaður er í 15. gr. er sérstakt fagnaðarefni. Þróunarsjóður sem áður hafði sama hlutverk hefur gegnt mikilvægu hlutverki við að styrkja leikskólastarfið faglega og hefur jafnframt iðulega verið brú á milli háskólanna sem mennta leikskólakennara og starfsvettvangsins. Það sem hins vegar hefur helst staðið



Þróunarsjóði leikskóla fyrir þrífum síðari ár, er takmarkað fjármagn, má ætla að betur verði búið að hinum nýja sjóði.

Í 16. gr. frumvarpsins er að finna byltingakennda nýjung sem krefst umræðu um réttmæti og nauðsyn hennar. Er hér átt við það ákvæði 2. málsgreinar að fella niður þá múra sem hafa verið á upplýsingagjöf á milli leikskóla og grunnskóla. Það er alveg ljóst að í mörgum tilfellum er mikilvægt að upplýsingar fari snurðulaust á milli skólastiga, sérstaklega ef heill barnsins er talin stafa hætta af skorti á upplýsingum. En þrátt fyrir það má telja að ákvæðið eins og það er sett hér fram sé of vítt. Hér er það sett í hendur viðkomandi skóla að ákveða hvaða upplýsingar geta að gagni komið án þess að bera þær undir foreldra öðruvísi en til kynningar. Á það skal minnt að í fjölda leikskóla hefur það takmark að deildarstjóri sé leikskólakennari ekki enn náðst. Það liggur alveg ljóst fyrir að öflun upplýsinga og skýrslugerð verður á hendi deildarstjóra þó svo að leikskólastjórar eða aðrir sérfræðingar komi að málinu. Einnig er hægt að velta fyrir sér hvort hér sé bakdyraleið að því að setja leikskólabörn í formlegt mat til að sjá hvar þau standa gagnvart kröfum grunnskólans. Hvernig sem á ákvæðið er litið er ljóst að hraða verður og vanda vel til reglugerðar sem boðuð er um þessa upplýsingagjöf.

Innan leikskólans er löng hefð fyrir innra mati. Því er fagnað að í 18. gr. er gert ráð fyrir lýðræðislegu og umbótamiðuðu mati og bent á mikilvægi þess fyrir faglega þróun leikskólustarfsins. Matið gegnir líka stórn hlutverki í samskiptum leikskólans við ýmsa hagsmunaaðila. Í leikskólanum hefur verið ánægja með mat ráðuneytisins, hins vegar hefur fólk óskað eftir fleiri úttektnum og að ferlar um hvernig beri að vinna að umbótum að mati loknu séu skýrðir. Meðal annars hefur verið óskað eftir meiri eftirfylgd frá ráðuneytinu. Það er missir að því að ákvæði um úttekt/mat á skólum af hálfu menntamálaráðuneytisins sem finna má í gildandi lögum er ekki í frumvarpinu. Á það skal einnig bent að það getur verið sveitarfélögum verulega íþyngjandi að þurfa nú að láta fara fram og kosta reglulegt ytra mat á starfi leikskóla. Sem dæmi má benda á að ef t.d. á að gera ytra mat í hverjum leikskóla á fimm ára fresti þarf Akureyrarbær að jafnaði að láta meta þrjá leikskóla á ári – ráðuneytið hefur hingað til að jafnaði tekið út tvo leikskóla árlega. Reykjavíkurborg þyrfti að láta taka út milli 15 og 19 skóla árlega (eftir því hvort einkaskólar eru teknir inn í töluna eða ekki). Jafnframt skal á það bent að til að skapa tiltrú hagsmunaaðila á gæðum og hlutleysi ytra mats verður að ráða til verksins aðila sem eru ekki í hagsmunatengslum við viðkomandi skóla. Ein afleiðing þessa ákvæðis virðist því vera að stuðla að umfangsmiklum matsiðnaði á kostnað sveitarfélaga. Ljóst virðist að ríkisvaldið ætlar sér að losna við kostnaðinn af ytra mati en ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélög fái bætur frá ríkisvaldinu vegna þessarar auknu starfsemi.

Samkvæmt 23. gr. er ekki lengur krafist leikskólakennaramenntunar af þeim sérfræðingum sem veita eiga leikskólum ráðgjöf eða þeim sem eiga að sinna þar faglegu eftirliti. Jafnframt er fellt úr gildi ákvæði í núgildandi lögum þess efnis að í sveitarfélögum skuli að jafnaði starfa leikskólafulltrúar sem hafi leikskólakennaramenntun. Jafnvel þó hægt sé að fallast á að ákvæðið um starfsheiti leikskólafulltrúa geti verið barn síns tíma verður að telja nauðsynlegt að sá sérfræðingur sem á að hafa bæði eftirlit og ráðgjafarhlutverk með starfi leikskóla hafi leikskólakennaramenntun, framhaldsnám og reynslu á sviði leikskóla. Leikskólinn er um margt ólíkur öðrum skólastigum, bæði hvað varðar starfsaðferðir og rekstur. Það




Skrifstofa rektors

hlýtur að vera akkur fyrir faglegt starf að þeir sérfræðingar sem að jafnaði veita faglega ráðgjöf og sinna eftirliti hvort sem þeir eru aðkeyptir eða starfsmenn sveitarfélaga hafi sérþekkingu á starfsemi leikskóla.

Að gerðum þessum athugasemdum um einstök ákvæði frumvarpsins mælir Háskólinn á Akureyri með samþykkt þess.

Virðingarfyllst,

  
\_\_\_\_\_  
Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Alþingi  
Erindi nr. **D** 135/1197  
komudagur 24.1.2008



Heimili og skóli  
Landssamtök foreldra

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-18  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. janúar 2008

Efni: Umsögn Heimilis og skóla við frumvarp til leikskólalaga.

Hjálögð er umsögn stjórnar Heimilis og skóla við frumvarp til leikskólalaga, 287 mál.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Heimilis og skóla

  
María Kristín Gylfadóttir

## **Um leikskóla**

Heimili og skóli fagna þeim breytingum sem eru í frumvarpi til laga um leikskóla. Sérstaklega lýsa samtökin ánægju með IV. kafla frumvarpsins sem fjallar um aðkomu foreldra að leikskólasterfi, en sá kafli er nýr í lögunum. Þar er fjallað um foreldra, réttindi þeirra og skyldur en margir hagsmunaðilar hafa lýst yfir mikilvægi þess að aðkoma foreldra að leikskólasterfi væri aukin. Ábyrgð á uppeldi barna hvílir fyrst og fremst á herðum foreldra en öflugt og náð samstarf þeirra og starfsliðs leikskóla er lykill að vellíðan og þroska þeirra.

Stofnun foreldraráða við leikskóla er ein leið til að styrkja aðkomu foreldra að málefnum leikskóla og gert er ráð fyrir að slíkum vettvangi verði komið á í leikskólum. Stjórn Heimilis og skóla fagnar þessum nýmælum en veltir um leið upp spurningunni hvort ekki sé eðlilegt að ganga skrefinu lengra og stofna skólaráð í leikskólum, líkt og í grunnskólum. Þá er að finna í frumvarpinu ákvæði um að leikskólar leitist við að tryggja foreldrum sem ekki tala íslensku eða nota táknmál þjónustu með túlkun upplýsinga, munnlega og/eða skriflega, sem eru mikilvægt nýmæli og réttindabót.

Þá vilja samtökin vekja sérstaka athygli á 28. grein frumvarpsins um leikskóla, þar sem fjallað er m.a. um möguleika á samrekstri leikskóla og grunnskóla. Til samræmis við ákvæði í frumvarpi til grunnskóla um samrekstur skóla, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er í 3. og 4. mgr. tekin upp þau nýmæli að sveitarfélögum sé heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, annaðhvort alla þrjá saman eða tvo, t.d. leikskóla og grunnskóla eða grunnskóla og tónlistarskóla. Víða í fámennum sveitarfélögum hefur verið áhugi á slíkum samrekstri og víða hafa verið stigin skref í þessa átt, t.d. með samnýtingu húsnæðis og starfsliðs en óheimilt hefur verið að ráða einn stjórnanda yfir slíkri stofnun. Gerir ákvæðið ráð fyrir að slíkur samrekstur mismunandi skóla geti farið fram innan sveitarfélags, en einnig að sveitarfélög geti átt samvinnu um slíkan rekstur, sbr. 1. og 2. mgr. Þessi breyting getur verið mikil bragarbót fyrir mörg sveitarfélög og stuðlar að auknum sveigjanleika í skólahaldi.

## **Hér á eftir fara athugasemdir samtakanna við einstaka greinar frumvarpsins.**

### **9. grein - Foreldrar**

Í 9. gr. er m.a. fjallað um upplýsingaskyldu leikskóla til foreldris. Samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. frumvarpsins er með orðinu foreldri átt við forsjárforeldri í skilningi barnalaga. Heimili og skóli leggur til að í 9. gr. skuli einnig tekið á upplýsingaskyldu til forsjárlaus foreldris og þá með hliðsjón af þeirri meginreglu sem birtist í 52. gr. barnalaga nr. 76/2003. Sú regla kveður á um skýran rétt forsjárlaus foreldris til upplýsinga um barn sitt frá m.a. leikskólum og skólum. Til að foreldri fái ekki þessar upplýsingar þurfa að vera til staðar mjög ríkir almanna- eða einkahagsmunir af því, t.d. ef upplýsingagjöf er skaðleg fyrir barn. Ef skóli synjar foreldri um upplýsingar má kæra synjunina til sýslumanns. Stjórn Heimilis og skóla hefur fengið að því fregnir að víða sé pottur brotinn hvað varðar upplýsingagjöf til forsjárlaus foreldris og telur brýnt að hnykkt sé á þessum rétti í lögnum, þó ekki væri nema með almennri vísan til barnalaga.

### **10. grein - Foreldrafélag**

Í 10. grein segir að leikskólastjóri skuli stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsliðs leikskóla með velferð barna að markmiði og að leikskólastjóri skuli aðstoða við stofnun foreldrafélags, sé þess óskað. Stjórn Heimilis og skóla telur brýnt að foreldrafélög verði lögbundin í leikskólum líkt og í grunnskólum og byrja þannig strax að ala foreldra upp í að vera “skólaforeldri” og taka virkan þátt í starfi barns síns í skólanum. Þannig leggja samtökin til að 10. grein frumvarpsins verði samhljóða 9. gr í frumvarpi til grunnskólalaga og hljóði svo:

***“Við leikskóla skal starfa foreldrafélag. Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.***

***Foreldrafélag hvers leikskóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.***

### **11. grein - Foreldraráð**

Í ljósi umræðu meðal foreldra og starfsmanna skóla og sveitarfélaga eftir að frumvarpið var lagt fram leggur Heimili og skóli til að 11. gr. frumvarpsins um foreldraráð falli út og í stað komi grein um skólaráð til samræmis við 10. gr. frumvarps til grunnskólalaga þar um.

Foreldraráð komu fyrst inn í grunnskólalög árið 1995. Ekki náðist samkomulag um að setja reglugerð fyrir starfseminu á þeim tíma og því útbjuggu Heimili og skóli starfsreglur sem fulltrúar í foreldraráðum gátu notað til viðmiðunar. Þessi einhliða ákvörðun var nauðsynleg en olli nokkrum ágreiningi meðal skólastjórnenda. Sums staðar gekk vel að koma foreldraráðum á en í sumum skólum hafa þau aldrei starfað eins og til stóð. Þá hefur mörgum foreldrum sem hafa starfað í foreldraráði fundist skorta á samráð við aðra hagsmunaaðila innan skólans en einungis skólastjórnendur. Með skólaráðum er stofnað til samstarfs við allt starfslið skólans og einnig nemendur á grunnskólastigi. Samráðsvettvangur þar sem allir hagsmunaaðilar koma að borðinu tryggir betur að starfsemin verði virk og starfið markvissara.

Sömuleiðis er mikilvægt að einfalda aðkomu foreldra að skólastarfi og samræma aðkomuna á milli þeirra tveggja skólastiga sem eru á forsjá sveitarfélaganna. Þetta er einnig nauðsynlegt vegna nýrra ákvæða um samrekstur leik- og grunnskóla. Þegar slíkt fyrirkomulag er viðhæft er eðlilegt að við skóla starfi einungis eitt foreldrafélag og eitt skólaráð.



### **27. grein – Gjaldtaka**

Til að tryggja jafnt aðgengi barna að öllum leikskólum í sveitarfélagi leggja Heimili og skóli áherslu á að leikskólar sem hafa fengið rekstrarleyfi skv. 25. gr., geti ekki ákveðið gjaldtöku fyrir hvert barn sem er hærra en sem nemur meðalraunkostnaði við dvöl hvers leikskólabarns í leikskólum á vegum sveitarfélagsins, að því gefnu að viðkomandi skóli njóti sama framlags frá sveitarfélagi og aðrir skólar í sveitarfélagi. Lagt er til að 2. mgr., 27. greinar falli út.



# HÚNAÞING VESTRA

KLAPPARSTÍG 4 - 530 HVAMMSTANGI  
SÍMI: 455 2400 - FAX: 455 2409  
KT. 540598-2829 - VSK. nr. 59022

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/1276*  
*komudagur 29.1.2008*

## **Umsögn fræðsluráðs Húnaþings vestra um frumvörp til Grunnskólalaga nr. 285 og Leikskólalaga nr. 287**

Á 97. fundi fræðsluráðs Húnaþings vestra þann 9. janúar 2008 var m.a. tekið fyrir.

1. Erindi frá byggðarráði. Beiðni um umsögn vegna bréfs frá menntamálanefnd Alþingis. Kynning á frumvarpi til laga um framhaldsskóla og frumvarp til laga (mál nr. 288) um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og kröfur til menntunar.

### **Afgreiðslur:**

Fræðsluráð fjallaði um frumvarp til laga um grunnskóla, leikskóla og menntun kennara og skólastjórnenda. Telur fræðsluráð að þessi frumvörp séu í heild sinni jákvæð. Að hluta til er um að ræða aðlögun að því umhverfi sem ríkir í dag. Skýrar er kveðið á um réttindi, skyldur og ábyrgð hlutaðeigandi aðila sem er af hinu góða. Fræðsluráð tekur ekki afstöðu til frumvarps til laga um framhaldsskóla.



# HÚNAÞING VESTRA

KLAPPARSTÍG 4 - 530 HVAMMSTANGI  
SÍMI: 455 2400 - FAX: 455 2409  
KT. 540598-2829 - VSK. nr. 59022

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/1277  
komudagur 29.1.2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## Málefni: Umsagnir um frumvörp til leikskóla-og grunnskólalaga.

Á 141. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 22.janúar 2008 var m.a. tekið fyrir:

1. Tekinn fyrir 2. dagskrárliður. Fundargerð 97. fundar fræðsluráðs 9. janúar. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að senda fyrirbyggjandi umsagnir Fræðsluráðs Húnaþings vestra, Foreldrafélags Leikskólans Ásgarðs og Foreldrafélags Grunnskóla Húnaþings vestra um frumvörp til laga um grunnskóla, leikskóla, framhaldsskóla og menntun kennara og skólastjórnenda til menntamálanefndar Alþingis. Að öðru leyti tekur sveitarstjórn Húnaþings vestra undir umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga um umrædd frumvörp.“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum.

Hjálagt: Umsögn stjórnar foreldrafélags Leikskólans Ásgarðs 287. mál  
Umsögn foreldraráðs Grunnskóla Húnaþings vestra 285. Mál  
Umsögn fræðsluráðs Húnaþings vestra,  
Ofangreint tilkynnist hér með.

Hvammstanga 25.01.2008

fh. SVEITARSTJÓRA HÚNAÞINGS VESTRA

  
Guðrún Ragnarsdóttir

11. jan. 2008

Byggðaráð Húnaþings vestra

Með vísan í bréf dags. 18.12.08 sendir stjórn foreldrafélags Leikskólans Ásgarðs frá sér eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um leikskóla:

A)

Stjórn foreldrafélags Leikskólans Ásgarðs leggur til að í markmiðsgrein (2. gr.) laganna verðið stuðst við orðalag frumvarps til grunnskólalaga en orðalaginu "kristilegt siðgæði" skeytt við. Greinin gæti t.a.m. verið orðuð svona:


"Starfshættir leikskóla skulu mótast af kristilegu siðgæði s.s umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi".

Greinargerð: Þeir þættir sem taldir eru upp falla allir undir kristilegt siðgæði. Orðalagið kristilegt siðgæði hefur hins vegar meiri kjölfestu sem viðmið, stendur á rótfastari grunni og gefur tóninn fyrir nánari útskýringu á þeim hugtökum sem á eftir fara. Manngildi getur t.a.m. verið afar breytilegt eftir samfélögum og trúararfur hefur þar mikið að segja. Orðalagið kristilegt siðgæði gerir ekki kröfu um trúarjátningu eða trúarafstöðu en útskýrir augljóslega rætur gildismatsins.

B)

11. grein fjallar um stofnun foreldraráðs. Stjórn foreldrafélagsins sér ekkert þessu til fyrirstöðu þó foreldrafélag hafi hingað til haft ýmis þau mál á sinni könnu sem færu undir foreldraráð. Þó er vert að spyrja hvers vegna sett er á stofn foreldraráð í leikskólanum en skv. frumvarpi til grunnskólalaga á að leggja foreldraráð grunnskóla niður og setja á stofn skólaráð sem er talsvert öðruvísi samsett en foreldraráð. E.t.v. gæti verið heppilegt að hafa sambærilegt ráð í leikskólanum. Stjórnin mælir með því að höfundar frumvarps velti þessu atriði fyrir sér.

Fyrir hönd stjórnar foreldrafélags leikskólans Ásgarðs,

  
Sigurður Björn Gunnlaugsson, formaður

HÚNAÞING VESTRA	
Þrn.: _____	Mótt.: 15.01.08
Ábrn.: 3P	Ljósrit til:
Afgreiðsla:	Með bréfi:
Í skilríkum:	INN:
Svarfr.: _____	INN:



# Iðjubjálfafélag Íslands

Borgartúni 6 – 105 Reykjavík – S. 588 1885

---

**Alþingi**

*Erindi nr. P /35/1165*

*komudagur 23.1.2008*

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 22.1.2008

**Efni: Umsögn Iðjubjálfafélags Íslands um frumvarp til laga Leikskólar 287. mál**

Iðjubjálfafélag Íslands þakkar tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp.  
Engar athugasemdir eru gerðar við frumvarpið.

f.h. Iðjubjálfafélags Íslands

*Lilja Ingvarsson*  
Lilja Ingvarsson formaður

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8–10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 12. janúar 2008

**Efni: umsögn um þingskjal 321 — 287. mál: Frumvarp til laga um leikskóla.**

Íslenskri málnefnd hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um leikskóla. Málnefndin leggur til að breyting verði gerð á 2. gr. frumvarpsins (Markmið).

2. gr.

Næst á eftir lið a. komi inn nýr liður:


**b: að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,**

Íslensk málnefnd telur mikilvægt að taka af öll tvímæli um hlutverk leikskóla í máltöku barna og leggur því til að aftan við upptalninguna a.– e. verði bætt:

**Kennsla, umönnun og uppeldi barna í leikskólum skal fara fram á íslensku.**

Með þessu móti telur Íslensk málnefnd best tryggt að leikskólabörn fái þá málörvun sem þau þarfnast á því aldursskeiði.

Virðingarfyllst,



Guðrún Kvaran,  
formaður Íslenskrar málnefndar

Nefndasvið Alþingis,  
menntamálanefnd,  
Alþingi,  
150 Reykjavík.

Akureyri, 31. janúar 2008.

Með bréfi dags. 14. desember 2007 óskaði menntamálanefnd eftir umsögnum Jafnréttisstofu um eftirtalin frumvörp:

**Frumvarp til laga um grunnskóla, 285. mál**  
**Frumvarp til laga um framhaldsskóla, 286. mál**  
**Frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál**  
**Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288. mál.**

Meðfylgjandi eru almennar athugasemdir sem lúta að öllum frumvörpunum fjórum og síðan koma athugasemdir við greinar einstakra frumvarpa.

**Athugasemdir sem eiga við um 285., 286., 287. og 288. mál**

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Í 19. gr. laganna kemur fram að á öllum skólastigum skuli veita fræðslu um jafnréttismál, meðal annars með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Í 2. mgr. 19. gr. segir að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skuli leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Í 3. mgr. 19. gr. segir enn fremur að þess skuli sérstaklega gætt að kennslu- og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Rannsóknir hafa sýnt að töluverður misbrestur er á því að jafnréttisfræðslu sé sinnt í skólakerfinu. Jafnréttisstofa telur að til þess að uppfylla ákvæði jafnréttislaga sérstaklega 19. gr., sé nauðsynlegt að vísa með skýrum hætti til þessara ákvæða í frumvörpunum öllum, þannig að tryggt verði að á öllum skólastigum verði veitt fræðsla um jafnréttismál og náms- og kennslugögn uppfylli skilyrði jafnréttislaga.

Í frumvarpi til nýrra jafnréttislaga sem nú liggur fyrir þinginu, og búast má við að verði afgreitt á allra næstu vikum, en enn frekar hnykkt á ofangreindum atriðum. Þar segir í 23. gr. að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi. Að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál, þar sem meðal annars skuli lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Í 3. mgr. er sagt að kennslu- og námsgögn skuli vera þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað og enn fremur segir, í 4. mgr. 23. gr. frv., að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Miðað við ákvæði núgildandi jafnréttislaga sem vísað er til hér að ofan, og með vísan til frumvarps til nýrra jafnréttislaga, telur Jafnréttisstofa nauðsynlegt að nefndin fari vel yfir öll frumvörpin, með það að markmiði að tryggja að ákvæða jafnréttislaga sé gætt og markmiðum þeirra, er lúta að skólastarfi sé náð.

## **Um frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál.**

### **2. gr. Markmið**

Jafnréttisstofa telur að í þessari grein eigi að taka fram að það eigi að búa bæði kynin jafnt undir jafna þátttöku á öllum sviðum samfélagsins. Þess vegna er rétt að nefna jafnrétti kynja í þessari gein, alveg eins og víðsýni, tjáningu ofl.

### **13. gr. Aðalnámskrá**

Jafnréttisstofa telur nauðsynlegt að vísa hér til ákvæða jafnréttislaga um menntun og skólastarf, til þess að tryggt verði að þau ákvæði verði uppfyllt af leikskólunum.

### **14. gr. Skólanámskrá**

Í 1. mgr. 14. gr. verði bætti við að sérhver skóli skuli í skólanámskrá gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir markmið jafnréttislaga varðandi jafnréttisfræðslu.

Virðingarfyllt,  
f.h. Jafnréttisstofu

---

Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/1359**  
**komudagur 6.2.2008**



Nefndasvið Alþingis  
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík

sími: 545 8200 bréfasími: 552 7612

postur@sam.stjr.is

samgonguraduneyti.is

Reykjavík 5. febrúar 2008

Tilv.: JSV07120005/114-0

Vísað er til erindis, dags. 14. desember 2007, þar sem Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er gefinn kostur á að veita umsagnir um eftirtalin frumvörp:

Grunnskólar, 285. mál.

Framhaldsskólar, 286. mál.

Leikskólar, 287. mál

Menntun og ráðning kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288 mál.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur tekið framangreind frumvörp til umfjöllunar. Á fundi í lok janúar sl. samþykkti nefndin eftirfarandi bókun:

*Augljóst er að frumvörpin hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin. Verði Jöfnunarsjóði sveitarfélaga falið að jafna þann kostnað verður að auka ráðstöfunarfjármagn sjóðsins sem því nemur.*

Fyrir hönd ráðherra

*Elín Pálsdóttir*  
Elín Pálsdóttir

*Elín Gunnarsdóttir*  
Elín Gunnarsdóttir

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/1246**  
**komudagur 28.1.2008**



**KENNARHÁSKÓLI**  
**ÍSLANDS**

Reykjavík, 28. janúar 2008  
0712041 sk

Nefndarsvið Alþingis  
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsagnir um lagafrumvörp um skólamál**

Með bréfi þessu fylgja umsagnir Kennaraháskóla Íslands um þrjú þeirra fjögurra lagafrumvarpa um skólamál sem skólinn fékk til umsagnar nýlega. Umsögn skólans um eitt þessara frumvarpa hefur þegar verið send Alþingi.

Eins og fram kemur í umsögnum skólans leitaði skrifstofa rektors til sérfræðinga skólans á hverju hinna umræddu sviða til að undirbúa viðbrögð stofnunarinnar. Rétt er að gera hér grein fyrir hverjir þessir sérfræðingar eru enda vissulega um mikilvægt og umfangsmikið verk að ræða.

Í starfshópnum sem vann umsögn skólans um frumvarp til laga um leikskóla sátu þessir:

Hrönn Pálmadóttir lektor  
dr. Jóhanna Einarsdóttir prófessor  
Bryndís Gunnarsdóttir aðjúnkt

Í starfshópnum sem vann umsögn skólans um frumvarp til laga um grunnskóla sátu þessir:

Anna Kristín Sigurðardóttir námsbrautarstjóri kennarabrautar  
dr. Gunnar E. Finnbogason dósent  
Baldur Sigurðsson dósent  
Guðbjörg Pálsdóttir lektor

Í starfshópnum sem vann umsögn skólans um frumvarp til laga um framhaldsskóla sátu þessir:

dr. Kristín Bjarnadóttir dósent  
dr. Gestur Guðmundsson prófessor  
dr. Hafþór Guðjónsson dósent  
Þórunn Blöndal dósent

Í starfshópnum sem vann umsögn skólans um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sátu þessir:

dr. Ingvar Sigurgeirsson prófessor  
dr. Gyða Jóhannsdóttir dósent  
Guðmundur B. Kristmundsson dósent

Virðingarfyllt,



Svanhildur Kaaber  
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors



KENNARAHÁSKÓLI  
ÍSLANDS

Reykjavík, 28. janúar 2008  
0712041 sk

Nefndarsvið Alþingis  
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga leikskóla, 287. mál.

Skrifstofa rektors fól nokkrum sérfræðingum skólans í þeim málefnum sem frumvarpið tekur til að ganga frá umsögn stofnunarinnar og fer hún hér á eftir:

#### **Almennt um frumvarpið:**

Í frumvarpi til laga um leikskóla koma fram nokkrar jákvæðar breytingar frá fyrri lögum, sem ber að fagna. Þar má helst nefna aukna áherslu á ábyrgð og þátttöku foreldra í leikskólastarfinu. Einnig er ánægjulegt að kveðið er á um sprotasjóð og heimild til að reka þróunarleikskóla. Gera má ráð fyrir að með þessu skapist frekari grundvöllur til þróunar og eflingar leikskólastarfs.

Í greinagerð með lagafrumvarpinu er lögð áhersla á sveigjanleika og samfellu í námi barna og gert ráð fyrir þeim möguleika að börn geti hafið grunnskólanám fyrir eða eftir sex ára aldur. Í því sambandi skuli horft bæði til félagsþroska og námsframvindu barnanna. Í lögunum kemur þetta hins vegar ekki nægilega skýrt fram. Óljóst er hvað átt er við með samfellu í námi barna og virðist sem hugmyndir og hefðir grunnskólans eigi að endurspeglast í leikskólanum.

Starfshópurinn sem fjallaði um frumvarpið á vegum Kennaraháskólans leggur mikla áherslu á að farið verði í gegnum frumvarpið með það í huga að orðanotkun endurspegli orðræðu leikskólans.

Íslenskir leikskólar endurspeгла í dag fjölmenningarlegt samfélag eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Þetta kemur ekki nægilega vel fram í lögunum og ekki er minnst á fjölbreytni eða margbreytileika barnahópsins.

Stakkahlíð

105 Reykjavík

Sími: 563 3800

Símbréf: 563 3833

www.khi.is

## **Starfshópurinn gerir athugasemdir við eftirfarandi greinar:**

### **I. KAFLI**

#### **2. gr. Markmið**

“*Stuðla skal að því að nám fari fram í gegnum leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta*”. Lagt er til að þarna standi: *Uppeldiskosta barnahópsins* (sbr. fyrri lög). Nám leikskólabarna fer að stórum hluta fram innan barnahópsins þar sem þau læra hvert af öðru í samskiptum sínum. Mikilvægt er að það komi skýrt fram í lögnum að kostir leikskólastarfs séu m.a. þeir að þar hafi börn tækifæri til að læra í samvinnu við önnur börn undir leiðsögn sérmenntaðs starfsfólks.

### **III. KAFLI**

#### **6. gr. Starfslið**

Í greininni þarf að koma skýrar fram að kveða eigi á um í reglugerð leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara gagnvart annarri starfsemi í leikskóla.

Lagt er til að þarna standi: *Kveða skal á um...* (sbr. fyrri lög).

#### **8. gr. Símenntun**

Lagt er til að í greininni standi: ... eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast nýjungum í *uppeldis- og menntamálum* (í stað leikskóla og uppeldismálum).

### **IV. KAFLI**

#### **9. gr. Foreldrar**

Í umfjöllun skal leitast við að vísa í leikskóla og leikskólastarf þegar fjallað er um leikskólann. T.d. ....nota tákni og skal *leikskóli* leitast við að tryggja....

Þetta á einnig við á fleiri stöðum í frumvarpinu. Í lögum um leikskóla er eðlilegt að nota orðin *leikskóli* og *leikskólastarf* í stað skóli og skólastarf.

### **V. KAFLI**

#### **12. gr. Húsnæði og fjöldi barna í leikskóla**

Hér er óljóst hvað er átt við með *samsetning starfsmannahóps*?

Kveða þarf skýrt á í lögum eða reglugerð um námsumhverfi barna (efnislegt- og félagslegt) og mismunandi þarfir eftir aldri og þroska. Kveða þarf á um hámarksfjölda barna í hóp og er þar sérstaklega átt við yngstu börnin (1-3 ára).

### **VI. KAFLI**

#### **13. gr. Aðalnámskrá**

Megineinkenni og styrkur leikskóla felst í sameiginlegu uppeldi og menntun fjölbreytts barnahóps. Því má spyrja hvort sú áhersla sem fram kemur í frumvarpinu að í aðalnámskrá skuli skilgreina hæfnipætti fyrir námssvið leikskólans stangist ekki á við áherslur um nám án aðgreiningar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þessari áherslu sé ætlað að gera aðlögun leikskólabarna að grunnskólanámi auðveldari og jafnframt að tekið sé mið af nýju frumvarpi til grunnskólalaga í þessu sambandi. Starfshópurinn áréttar að nám í leikskóla er hluti af samfelldu námsferli einstaklingsins (lifelong learning) og að nám í grunnskóla eigi að byggja á fyrri reynslu barna í leikskólum. Lagt er til að í umfjöllun um námssvið í aðalnámskrá verði áhersla lögð á að öll börn fái viðfangsefni miðað við aldur og þroska í stað þess að skilgreina sérstaka hæfnipætti fyrir námssvið leikskóla.

16. gr. *Tengsl leikskóla og grunnskóla*

Þessi grein er í töluverðri andstöðu við stefnu í skýrslu OECD frá 2001 og 2006. Þar er lögð áhersla á að grunnskólinn byggi á því sem börnin hafi lært í leikskólanum og skapi þannig samfellu í námi barna. Varað er við þeirri þróun að færa námsefni og kennsluaðferðir úr grunnskóla niður í leikskóla.

Í stað þess að gögn um einstaka börn fylgi þeim í grunnskólann, eins og kveðið er á um í frumvarpinu, þarf að stefna að því að skapa samfellu í hugmyndafræði og kennsluháttum. Lagt er til að í stað þess að leggja einungis áherslu á að upplýsingar um einstaka börn fylgi þeim úr leikskóla í grunnskóla verði kveðið skýrt á um að skapa skuli samfellu í hugmynda- og kennslufræði skólastiganna. Til þess að tryggja sé að kennarar grunnskólans geti byggt á fyrri reynslu barnanna þurfa þeir bæði upplýsingar um starfsemi leikskólans og nám og líðan barnanna.

Réttur foreldra til þess að ákvarða hvaða upplýsingar um börn þeirra fara á milli skólastiga ætti að koma skýrt fram í lögum.

17. gr. *Markmið*

a). Óljóst er hvaða þýðingu mat og eftirlit á gæðum hefur fyrir viðtökuskóla sem væntanlega þýðir grunnskóli.

18. gr. *Innra mat*

Hér er aðeins tiltekið að starfsfólk og foreldrar séu virkir aðilar að mati. Ekki kemur fram að börn skuli taka þátt í mati. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að börn eiga rétt á því að hlustað sé á raddir þeirra um málefni sem þau varða. Því ber að taka tillit til reynslu, áhugahvatar og viðhorfa barna við skipulagningu og mat á skólastarfi.

**VIII. KAFLI**

22. gr. *Framkvæmd sérfræðiþjónustu*

Hér þarf að koma skýrt fram að sérkennsla/sérfræðiþjónusta skuli fara fram eins og kostur er innan barnahópsins. Stuðningur og sérkennsla skal vera í höndum þeirra sem hafa til þess menntun.


23. gr. *Sérfræðingar í leikskólamálum*

Mikilvægt að hér sé gert ráð fyrir sérþekkingu á málefnum leikskóla og því er lagt til að í greininni standi ... *á vegum sveitarfélaga skulu starfa sérfræðingar í leikskólamálum.*

28. gr. *Samrekstur skóla*


Tryggð verði lögverndun leikskólakennaramenntunarinnar, að öðrum kosti er merkingarlaust að tala um leyfisbréf.

Virðingarfyllst,



Svanhildur Kaaber  
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/1230**  
**komudagur 25.1.2008**



KENNARASAMBAND  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. janúar 2008.

Efni : Umsögn Félags leikskólakennara (FL) / Kennarasambands Íslands (KÍ) um frumvarp til laga um leikskóla, þskj. 321 – 287. mál

## **1. Almennar athugasemdir**

### **Endurskoðun tímabær**

Félag leikskólakennara/Kennarasamband Íslands fagnar frumvarpinu þar sem tímabært var orðið að endurskoða lög um leikskóla í ljósi reynslu síðustu ára og þróunar sem hefur orðið á samfélaginu. Frumvarpið ber þess merki að lög um öll skólastigin eru skoðuð samhliða og leiðir það til aukinnar samræmingar, samhljóms og tengsla skólastiga. Með því móti er enn betur fest í sessi að leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og það nám sem tekur við skal vera í rökréttu framhaldi af leikskólanámi.

### **Meginatriði**

FL/KÍ er sammála hugmyndafræðinni sem er rauður þráður frumvarpsins, að velferð og hagsmunir barna eigi að vera í fyrirrúmi. Áhersla á gildi leiks í leikskólastarfi er undirstrikuð ásamt mikilvægi tengsla milli skólastiga og svigrúms til að mæta breytilegum þörfum barna um nám og námshraða. Samt sem áður telur FL/KÍ að líta eigi áfram á það sem meginreglu að börn ljúki leikskólanámi á því ári sem þau verða 6 ára.

### **Jákvæðar breytingar**

Fjölmörgum atriðum í frumvarpinu ber að fagna en of langt mál er að telja þau öll upp hér. Sérstaklega er vert að geta nokkurra atriða. Aðkoma foreldra að leikskólastarfi er

stóraukin með tilkomu foreldraráða og markaðar eru kæruleiðir fyrir þá vegna afmarkaðra þátta. Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs verður lagabundið og skýrari rammi settur um ráðningar og skyldur starfsliðs í þeim tilgangi að stuðla að aukinni vernd barna. Skyldur sveitarfélaga sem rekstraraðila varðandi stefnumótun, mat, eftirlit, ráðgjöf og leyfisveitingar til annarra aðila eru nánari en áður og sama gildir um skyldur leikskólastjóra sem faglegs og rekstrarlegs leiðtoga.

### **Heimild til gjaldtöku**

FL/KÍ vill benda á mikilvægi þess, að þrátt fyrir ákvæði í frumvarpinu um heimild sveitarfélaga til gjaldtöku, verði áfram stigin skref í áttina að því að afnema gjaldtöku í leikskólum og jafnrétti allra barna til leikskólanáms þannig tryggt. Mikilvægt er að stjórnvöld marki skýra stefnu um hvaða grunnþjónusta samfélagsins eigi að vera gjaldfrjáls og hvernig tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga er úthlutað með tilliti til þess.

### **Átak í menntunarmálum**

Leikskólastarf er víða í blóma og hefur tekið miklum breytingum síðustu ár. Rekstraraðilar leikskóla hafa ásamt skólastjórum, kennurum og öðru starfsfólki unnið í sameiningu að því að aðlaga starfsemina að breyttri samfélagsgerð og þróað faglegt starf samkvæmt kröfum og væntingum foreldra og samfélagsins hverju sinni. Samtímis því að gerðar eru auknar kröfur til leikskólans hefur mikill vandi steðjað að starfseminni þar sem víða hefur gengið illa að ráða kennara og annað starfsfólk og margir staldra mjög stutt við í starfi. Til að bregðast við þessu og tryggja leikskólastarf til framtíðar verður að gera stóráttak í því að auka framboð á leikskólakennaranámi og bjóða upp á aðra námsmöguleika fyrir þá sem starfa eða hyggjast starfa í leikskóla en ætla ekki í langt háskólanám. Í þessu er ábyrgð ríkisvaldsins mikil, en forsenda þess að ný menntastefna nái fram að ganga er að leikskólarnir séu skipaðir vel menntuðu starfsfólki.

## **2. Athugasemdir vegna greinargerðar**

Töluverðar breytingar voru gerðar á frumvarpinu eftir að nefndin sem vann að frumvarpsdrögum lauk starfi sínu. Þær breytingar hafa eðlilega í för með sér þörf fyrir breytingar á greinargerðinni, en í mörgum tilfellum hefur ekki verið gætt að því að samræma greinargerðina við breyttan texta í frumvarpinu. Þetta á bæði við um „Helstu nýmæli og áhersluatriði“ og „athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins“. Þetta torveldar samlestur frumvarpsins og greinargerðarinnar og getur valdið misskilningi í einhverjum tilfellum og er því nauðsynlegt að lagfæra. Þetta verður ekki tíundað hér að öðru leiti en því sem að neðan greinir.



Í athugasemdum um 2. gr. eru tilvísanir í greinargerð misvísandi, þær eiga ekki við þar sem liðum í markmiðsupptalningu var fækkað um tvo og þeir settir í upphafsmálgrein.

Í athugasemdum með 28. gr. er að mati FL/KÍ mikið ósamræmi innbyrðis og á það sama við um greinargerð með sambærilegri grein í grunnskólafrumvarpinu. Þar kemur fram að „opnuð sé almenn heimild til samrekstrar skólastiga fyrir öll sveitarfélög óháð stærð þeirra eða gerð“ og „að breyting þessi sé einkum hugsuð fyrir þau sveitarfélög sem m.a. vegna fámennis gætu betur hagað sínu skólalaldi, rekstrarlega og faglega, með samrekstrarformi.....og að opna fyrir fjölbreytni, sveigjanleika og þróun í skólastarfi í þágu barna en ekki til samreksturs stórra fjölmennra skóla né heldur sameiningar margra skóla undir einum hatti“. Þetta er afar misvísandi og veldur því að annars ágætt nýmæli verður óljóst.

FL/KÍ leggur áherslu á að samrekstrarformið á einkum að nýta til að renna stoðum undir rekstur lítilla skólaeininga í fámennum sveitarfélögum. Þetta þarf að vera skýrt í greinargerðinni.

### **3. Athugasemdir vegna einstakra greina**

Í umsögninni um einstaka greinar frumvarpsins eru fyrst og fremst gerðar athugasemdir við það sem var breytt í frumvarpstextanum eftir að nefndin skilaði honum af sér. Í nefndinni var góð samstaða og náðist sátt um niðurstöðu í öllum greinum frumvarpsins.

**FL/KÍ gerir athugasemdir við greinar: 5, 6, 8, 9, 10, 13, 14, 16, 18, 19, 20, 22, 23, 24, 25, 26, 28, 29 og 30.**

### **5. grein um leikskólastjóra**

Í nefndarálitinu (frumvarpsdrögum eins og þau fóru frá nefndinni) var ákvæði um „að leikskólastjóri boðaði til kennara- og starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir“. Í núverandi lögum er slíkt ákvæði að finna og einnig í 7. gr. í frumvarpi til laga um grunnskóla og 9. og 10. gr. í frumvarpi til laga um framhaldsskóla. FL/KÍ leggur áherslu á að þetta ákvæði verði sett aftur í textann þar sem engin rök eru fyrir því að taka þetta út, eingöngu á leikskólastiginu. Aftan við 1. málgr. bætist því : „Leikskólastjóri boðar til kennara- og starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir“.

### **6. grein um starfslið**

Í síðustu setningu 2. málgr. stendur: „Kveða má á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara....o s.frv. FL/KÍ leggur til að í stað „má“ standi „skal“ og setningin verði því : „Kveða skal á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara gagnvart öðru starfsfólki í reglugerð“. Mikilvægt er að það sé skýrt hvaða atriði á setja í reglugerð.

## 8. grein um símenntun

Í nefndarálitinu var gert ráð fyrir að árlega yrði veitt af fjárlögum til endurmenntunar þannig að fyrir hendi væri sambærilegur sjóður fyrir leikskólann og grunnskólann (12. gr. grunnskólalagafrumvarps). Rökin voru að jafna aðstöðu leikskóla við önnur skólastig hvað varðar aðgengi að fjármunum til endur – og símenntunar. Erfitt er að sjá haldbær rök fyrir því að aðrar reglur gildi um leikskólann og leggur FL/KÍ áherslu á að leikskólinn njóti sambærilegrar aðstöðu hvað þetta varðar. Benda má á að í greinargerð undir „Helstu nýmæli og áhersluatriði – Starfslið leikskóla 3. málsgr.“ á bls. 11 er gert ráð fyrir endurmenntunarsjóði.

Í upphafi 2. málsgr. leggur FL/KÍ til að standi: „Leikskólastjórar og annað starfslið leikskóla skulu.....“ þar sem núverandi orðalag má lesa þannig að þeir sem ekki eru leikskólakennarar séu útilokaðir frá símenntun.

## 9. grein um foreldra

FL/KÍ telur að kveða þurfi fastar að orði í 2. málsgr. varðandi túlkun á upplýsingum til foreldra. Í stað „leitast við“ er lagt til að standi „leggja áherslu á“. Setningin verði því: „Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leggja áherslu á að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla“.

## 10. grein um samstarf foreldra og starfsliðs

FL/KÍ leggur til að bætt verði við 1. málsgr. sbr. 9. gr. frumvarps til laga um grunnskóla ákvæði um hlutverk foreldrafélaga til að draga fram muninn á hlutverki foreldrafélags og foreldraráðs. Viðbótin verði: „Hlutverk foreldrafélags er að styðja við leikskólastarfið, stuðla að velferð barna og efla tengsl heimila og skóla“.

## 13. grein um aðalnámskrá

Síðasta setning 1. málsgr., um að skilgreina beri í aðalnámskrá hæfnisþætti á námssviðum leikskóla í samræmi við aldur og þroska barna, var ekki í nefndarálitinu. Hvað þetta merkir er afar óljóst og nauðsynlegra útskýringa er ábótavant í greinargerð. FL/KÍ telur að setja eigi stigvaxandi markmið í leikskólastarfi. Það getur verið í formi námskrár fyrir hvern árgang, sem kveða má um í aðalnámskrá og skilgreina nánar í skólanámskrá hvers skóla, en hefur efasemdir um að rétt sé að skilgreina sérstaka aldursmiðaða hæfnisþætti fyrir 5 ára börn og yngri. Á fyrstu æviárunum þroskast börn mismunandi hratt. Ef kennarar eru bundnir af aldursmiðuðum hæfnisþáttum er hættu á að börnin „fái ekki að þroskast á sínum hraða“ og námið yrði ekki eins einstaklingsmiðað og það er í dag. Í leikskólanum er færni barnsins metin út frá fyrri færni þess og getu en ekki aldurstengdum viðmiðum í námskrá.

#### **14. grein um skólanámskrá og starfsáætlun**

Í 2. málsgr. leggur FL/KÍ til að í stað „heimilt“ standi „skal“ þannig að upphafssetning málgreinarinnar verði: „Leikskólastjóri skal gefa út sérstaka starfsáætlun árlega“. Það er nauðsynlegt að slík áætlun liggi alltaf fyrir, því í henni koma fram mikilvægar upplýsingar sem þurfa að vera aðgengilegar starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum.

#### **16. grein um tengsl leikskóla og grunnskóla**

Í 1. málsgr. segir að sveitarstjórn skuli leitast við að....o.s.frv. Það er skoðun FL/KÍ að þarna þurfi að kveða fastar að orði og það eigi að vera skylda sveitarstjórna að koma á samstarfi milli skólastiganna. Í greinargerðinni er miðað við skyldu, enda var það í nefndarálitinu. Einn mikilvægasti boðskapurinn í lögunum er að auka samstarf og upplýsingaflæði milli skólastiga og gera skilin sveigjanlegri. Til að framfylgja því markmiði er nauðsynlegt að skylda sveitarstjórnir til að formgera samstarfið. Lagatexti sem byggir á orðalaginu „leitast við“ er ekki vænlegur til árangurs. Því leggur FL/KÍ til að „leitast við að“ verði tekið út þannig að setningin verði: „Sveitarstjórn skal koma á samstarfi leikskóla og grunnskóla“.

Bent er á samsvarandi athugasemd kennarasamtakanna við 6. gr. grunnskólafrumvarps.

#### **18. grein um innra mat**

Í 1. málsgr. leggur FL/KÍ til að bætt verði við orðinu „börn“ þannig að setningin verði: „Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á“. Mjög mikilvægt er að leita álits leikskólabarna eftir því sem mögulegt er þegar starfsemin er metin og skipulögð, enda er það víða gert nú þegar.

#### **19. grein um ytra mat sveitarfélaga**

Í greinargerð með greininni kemur fram að stór hluti leikskólastjóra telur að ytra mat hafi jákvæð áhrif á skólastarfið, veiti mikilvægt aðhald og sé gott stýritæki við stefnumótun. Í ljósi þess er mjög mikilvægt að fram komi í stefnumörkun sbr. 4. gr. frumvarpsins eða í reglugerð sbr. 20. gr., reglur og umgjörð um það hvernig sveitarfélög hyggist framkvæma ytra mat sem hingað til hefur að mestu verið í höndum menntamálaráðuneytisins. Til að draga fram ábyrgð sveitarfélaga varðandi ytra mat er lagt til að í upptalningu í 1. málsgr. bætist við „ytra mat sveitarfélags“. FL/KÍ leggur til að setningin verði: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta árlega ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahlalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélags, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur“.

Í 2. málsgr. leggur FL/KÍ til að „leitast við“ verði tekið út og bætt við „birta opinberlega upplýsingar um ytra mat sitt og áætlanir um umbætur“. Setningin verði því: „Sveitarfélög skulu birta opinberlega upplýsingar um ytra mat sitt og áætlanir um umbætur og fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi“. Það er skoðun FL/KÍ að það rýri verulega tilgang mats ef ekki er skýrt að

það eigi að leiða af sér umbætur ef þörf er á. Einnig verður það að teljast óeðlilegt að það sé ekki skylda sveitarfélaga að birta upplýsingar um ytra mat og áætlun um umbætur í ljósi þess að skv. 19. gr. ber leikskólum að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt og áætlanir um umbætur. Þar að auki hefur myndast sú hefð að menntamálaráðuneyti hefur birt opinberlega upplýsingar um ytra mat á leikskólum og hefur það verið öðrum leiðarvísir og hvatning.

## **20. grein um ytra mat menntamálaráðuneytis.**

Í nefndarálitinu kom fram í þessari grein að „menntamálaráðuneyti bæri ábyrgð á mati og eftirliti með skólahaldi á leikskólastigi og annaðist öflun, greiningu og miðlun.....o.s.frv. Það verður að teljast afar óeðlilegt að þess sé ekki getið í lögum að ráðuneytið, sem er æðsta stjórnarsýslustigið sbr. 3. gr., beri ábyrgð á mati og eftirliti sem m.a. á að tryggja að farið sé eftir lögum og reglugerðum, þó svo að hlutverki þess sé breytt og að framkvæmd ytra mats færist að hluta til til sveitarfélaga. Því leggur FL/KÍ til að þessu verði breytt í það form sem nefndin lagði til og 1. málsg. verði: „Menntamálaráðuneyti ber ábyrgð á mati og eftirliti með skólahaldi á leikskólastigi og annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um starf í leikskólum, ýmist í einstökum leikskólum eða einstökum þáttum leikskólastarfs, á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 19. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Þetta opnar einnig leið, t.d. fyrir skólastjóra og/eða starfslíð leikskóla og foreldraráð til að óska eftir aðkomu ráðuneytis um eftirlit, ef grunur leikur á að rekstraraðilar/leikskólar fari ekki eftir lögum, reglugerð eða aðalnámskrá.

Bent er á samsvarandi athugasemd kennarasamtakanna við 37. og 38. gr. grunnskólafrumvarps.

## **22. grein um framkvæmd sérfræðipjónustu.**

Í nefndarálitinu var eftirfarandi setning: „Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðipjónustu skv. 21. gr., í samráði við foreldra“. Sú breyting sem frá þessu er gerð skv. 2 málsg. að „leikskólastjóri skuli samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna .... o.s.frv.“ er algjörlega óframkvæmanleg þar sem leikskólastjóri getur ekki ákveðið einn hvaða sérfræðingar koma að málum þurfi að leita út fyrir leikskólann, né hefur hann möguleika til að fylgjast með störfum þeirra sem ekki heyra undir starfslíð leikskólans sjálfs. Þetta hlýtur að heyra undir sérfræðipjónustu. Svo er að sjá að þessi málsg. hafi verið sótt í 40. gr. frumvarps til laga um grunnskóla 4. málsg. nema þar er þess getið að þetta eigi við um störf innan hvers skóla sem er allt annað mál. FL/KÍ leggur til að greinin verði breytt og verði: „Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðipjónustu skv. 21. gr., í samráði við foreldra. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélags vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir“. Merking hennar er þannig að leikskólastjóri og sérfræðipjónusta meta það í samvinnu hvaða þjálfun/aðstoð er hægt að inna af hendi

innan leikskólans eða á vegum sérfræðipjónustunnar og leiti í samráði við foreldra og félagsþjónustu sveitarfélaga ef við á, annarra úrlausna ef þörf krefur. Orðalag þessarar greinar er afar mikilvægt með tilliti til málsskotsréttar sbr. gr. 30, þ.e. að megin ábyrgðin sé á hendi sérfræðipjónustu ekki einungis á höndum leikskólastjóra.

### **23. grein um sérfræðinga í skólamálum.**

Í nefndarálitinu var talað um „sérfræðinga í leikskólamálum“ en því hefur verið breytt í „sérfræðinga í skólamálum“. FL/KÍ leggur til að greininni verði breytt til fyrra horfs þannig að það sé skýrt að hún feli í sér að sérfræðingur á vegum sveitarfélags sem á að veita ráðgjöf, stuðning og eftirlit á leikskólastigi skuli vera sérfræðingur í leikskólafræðum og hafi þar með þá grundvallarþekkingu og reynslu sem nauðsynleg er til að geta sinnt þessu starfi. Mjög mikilvægt er að skólaskrifstofur hafi yfir að ráða sérfræðingum á hverju skólastigi fyrir sig því starfsemi, skipulag, hugmyndafræði og hefðir skólastiganna eru mismunandi.

### **24. grein um tilkynningar.**

Í nefndarálitinu hófst þessi grein á eftirfarandi hátt: „Bygging og rekstur leikskóla skal vera á kostnað og í umsjón sveitarstjórna og sjá þær um framkvæmd þessara laga, hver í sínu sveitarfélagi“. FL/KÍ leggur til að þessi setning verði færð inn í textann og verði upphafssetning í 1. málsg. Það hljóta að vera mistök að fella þetta út. Í greinargerðinni er sagt að þetta komi áður fram, en svo er ekki. Það þarf að vera skýrt í kafla sem ber yfirheitið „Stofnun og rekstur leikskóla“ að það séu sveitarfélögin sem bera meginábyrgð á því að byggja og reka leikskóla, þó svo heimila megi öðrum að byggja og/eða reka leikskóla. Upphaf 25. gr. þar sem kveðið er á um leyfi til annarra aðila til að byggja og reka leikskóla, byggir á því að þetta standi skýrt í greininni á undan. FL/KÍ leggur til að greinin heiti: „Ábyrgð sveitarfélaga og tilkynningar“.

### **25. grein um leyfi til reksturs leikskóla.**

FL/KÍ leggur til í ljósi þess sem kemur fram um 24. gr. að greinin heiti: „Leyfi annarra en sveitarfélaga til reksturs leikskóla“.

### **26. grein um leikskóladvöl.**

Heiti þessarar greinar er ekki rétt þar sem greinin fjallar ekki um leikskóladvöl heldur heimild til að setja innritunarreglur. FL/KÍ leggur til að greinin heiti: „Innritun“ eða „Reglur um innritun“.

### **28. grein um samrekstur skóla.**

Í 2. málsg. er vitnað í 5. gr. laga um grunnskóla varðandi samstarf um skólahald á leikskólastigi. FL/KÍ telur að skýrara sé að setja inn í frumvarpstextann viðeigandi ákvæði í stað þess að vitna í texta í öðrum lögum.

Í 3. málsg. er kveðið á um heimild til samreksturs skóla undir stjórn eins skólastjóra. FL/KÍ heldur fast við þá skoðun að stjórnandi samrekins skóla eigi að hafa leyfisbréf á því skólastigi sem hann stjórnar, þ.e. á báðum skólastigum í þessu tilfalli, eins og

fram kom í nefndarálitinu. Það er afar mikilvægt að sveitarfélögum sé gert skylt að auglýsa eftir stjórnenda sem uppfyllir þessi skilyrði, en fáist hann ekki þá sé hægt að sækja um undanþágu til að ráða annan aðila. FL/KÍ leggur til að „eða“ verði tekið út úr þriðju setningu málgreinarinnar og hún verði því: „Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og grunnskólastigi. Heimilt er að sækja um undanþágu frá ákvæði þessu til menntamálaráðherra fáist ekki stjórnandi sem uppfyllir framangreind skilyrði“. Í síðustu málgrein greinargerðar kemur fram að samkvæmt lögum þurfi skólastjóri grunnskóla að hafa leyfisbréf á grunnskólastigi og samkvæmt lögum þurfi skólastjóri leikskóla af hafa leikskólakennaramenntun. Þetta rennir stoðum undir það að lagagreinin eigi að vera skýr, en með undanþáguheimild. Bent er á samsvarandi athugasemd kennarasamtakanna við 45. gr. grunnskólafrumvarps.

### **29. grein um þróunarleikskóla.**

Þessi grein er nýmæli og var aldrei rædd í laganeftinni. Það er skoðun FL/KÍ að lagaramminn um leikskólastigið og aðalnámskrá leikskóla komi ekki í veg fyrir að reknir séu skólar sem kallast gætu þróunarskólar. Greinargerðin gefur ekki vísbendingar um nauðsyn þessa né hvaða þætti laga og aðalnámskrár hægt verði að sækja um undanþágur frá. FL/KÍ telur þessa grein óþarfa á grundvelli þess sem að ofan er sagt og leggur til að hún verði fellt út.

### **30. grein um málsskotsrétt.**

Í 1. málsg. er talað um „skyldu“ einstakra barna. Í kafla um mögulegar kæruleiðir, varðandi atriði er lúta að því að hugsanlega sé verið að brjóta á réttindum barna skv. afmörkuðum þáttum laganna, er vandséð hvaða skyldur er átt við. Þetta orðalag er einnig notað í greinargerðinni en ekki útskýrt hvað átt er við. FL/KÍ leggur til að „og skyldu“ í 1. málsg. verði fellt út.

Reykjavík, 24. janúar 2008.

Fyrir hönd Kennarasambands Íslands og aðildarféлага

Eiríkur Jónsson, formaður,

Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður,

Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara



KÓPAVOGSBÆR

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/1181**  
**komudagur 23.1.2008**

Nefnda svið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn Kópavogsbæjar um frumvarp til laga um leikskóla.

Kópavogsbær þakkar fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um frumvarp til laga um leikskóla.

Umsögnin fylgir hér með.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint umsögnin berst, en hún hefur verið send áður í tölvupósti.

Kópavogi 29. janúar.

Með kveðju,

Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi Kópavogs.

Til menntamálanefndar alþingis.

Umsögn Kópavogsbæjar um frumvarp til laga um leikskóla. Samþykkt á fundi leikskólanefndar 29. janúar 2008.

Ástæða er til að fagna nýju frumvarpi til laga um leikskóla sem felur í sér nokkrar nýjungar. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að tryggja og setja í fyrirrúm velferð barna og hagsmuni. Markmiðsgreinarnar eru lýsandi fyrir þetta viðhorf, þar er virðing fyrir barninu og leiknum í fyrirrúmi.

Fagnað er sérstaklega ákvæðum um aukið samstarf við foreldra sbr. 9.-11. grein, um lögfestingu skólanámskrár sbr. 14. grein og áherslu á mat á leikskólastarfi sbr. 17.-20. grein. Vangaveltur eru um hvort þurfi að setja inn ákvæði um að þær stofnanir sem bjóða upp á daglega 4-9 stunda dvöl með börnum á leikskólaaldri skuli kallast leikskólar og uppfylla ákvæði í lögum um leikskóla.

Athugasemdir við einstakar greinar:

12. grein.

Setningin: “Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuáðstöðu starfsfólks” verði: Gert skal sérstaklega ráð fyrir fjölnota rými t.d. vegna sérkennslu/stuðning eða annarrar þjónustu vegna einstakra barna.

Rökstuðningur: Áherslu skal leggja á að leikskóli er fyrir öll börn. Fram kemur í greininni m.a. að “leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi” og að í reglugerð skuli kveðið á um “lágarskröfur til húsnæðis og aðbúnaðar barna og starfsliðs”. Þetta á við um sérkennslubörn eins og öll önnur. Meginregla í leikskólum er sú að sérkennsla/stuðningur fari fram í barnahópnum.

13. grein.

Setningin “Í aðalnámskrá skal skilgreina hæfnisþætti á námssviði leikskólans í samræmi við aldur og þroska barna”.

Rökstuðningur. Setningin óljós og óþörf.

16. grein.

Fagna ber sérstaklega ákvæðum um miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla sem eru til þess fallin að tryggja hagsmuni barna.

22. grein.

Fyrsta setningin verði: Börn sem þurfa, að mati viðurkenndra greiningaraðila, sérstaka aðstoð og þjálfun til að geta notið leikskólamenntunar, eiga rétt á henni.

Rökstuðningur: Sérkennsla (stuðningur og þjálfun) í leikskólum á að hafa það markmið að barn fái notið leikskóladvalar sinnar og öðlist þar leikskólamenntun. Það vantar að skilgreina þetta markmið og gæti sá misskilningur komið upp að litið verði svo á að skylda leikskólans væri mjög víðtæk og nánast um alla hugsanlega þjónustu sem barn kann að þarfnast sé að ræða sem er langt umfram það sem menntastofnun ætti að hafa. (Í frumvarpi til nýrra laga um grunnskóla er tekið fram í 40. grein að .....”til að tryggja þeim kennslu og námsaðstoð við hæfi”. Þarna kemur fram tilgangur með skimunum og athugunum og í raun að markmið sé að tryggja börnunum kennslu og námsaðstoð).

Mjög mikilvægt er að ákvæði í leikskólalögum séu hliðstæð ákvæðum í lögum um grunnskóla. Enn brýnna er að ákvæði séu skýr í ljósi nýmæla um málskotsrétt sbr. 30. grein.



Leikskólanefnd Kópavogs telur að greinin óbreytt leggi óraunhæfar fjárhagslegar og starfslegar skyldur á sveitarfélög og starfsfólk leikskóla.

23. grein.

Í stað “skólamálum” (í fyrirsögn og texta) standi: leikskólamálum.

Greinin breytist þannig að tryggt sé að leikskólarnir fái faglega ráðgjöf sérfræðinga í leikskólauppeldi og menntun svo staðið sé vörð um hugmyndafræði leikskóla.

24. grein.

Yfirskrift kaflans IX er “Stofnun og rekstur leikskóla”. Þarna ætti að kveða á um að sveitarfélög skuli reka leikskóla eða tryggja börnum leikskóla með öðrum hætti. Bætt verði inn ákvæðum sambærilegum og eru í 7. grein gildandi laga.

26. grein.

Yfirskrift greinarinnar breytist í: Innritun og skráning.

Rökstuðningur: Yfirskrift verði lýsandi fyrir innihald.

28. grein.


“Og/eða” í næst síðustu málsgrein nefndarinnar verði og.

Rökstuðningur: Mikilvægt er að skólastjórnandi hafi þekkingu á því skólastarfi sem hann ber ábyrgð á. Eins og bent er á í skýringum með frumvarpinu fer þeim kennurum fjölgandi sem hafa réttindi bæði á leik- og grunnskólastigi.

29. grein.

Lög um leikskóla, svo og aðalnámskrá eru til þess ætluð að tryggja rétt og aðbúnað barna og standa vörð um leikskólamenntun og umönnun þeirra. Bæði lögín og námskráin eru víð og sveigjanleg og innan þeirra rúmast margskonar þróun og nýbreytnistarf. Í heild er því greinin óþörf. Sérstaklega er óþarft að taka fram að heimilt sé að styrkja þróunarleikskóla og sérstakar nýjungar. Ætti það að vera sérstakt keppikefli að gera slíkt.

Kópavogi, 29. janúar 2008



Árni Þór Hilmarsson fræðslustjóri



Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi



Landbúnaðarháskóli Íslands  
Agricultural University of Iceland

Alþingi  
Erindi nr. P 135/152/  
komudagur 21.2.2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hvanneyri 20. febrúar 2008

Hér með fylgja umsagnir Landbúnaðarháskóla Íslands um eftirtalin frumvörp um skólamál:

Grunnskólar, 285. mál þskj. 319

Framhaldsskólar, 286. mál þskj. 320

Leikskólar, 287 mál þskj. 321

Menntun og ráðning kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla,  
288 mál þskj. 322.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint umsagnirnar berast.

Virðingarfyllst

Ágúst Sígurðsson  
rektor

**Umsögn um frumvarp um grunnskóla þskj. 321 – 287. mál**

**Til: Menntamálanefndar Alþingis**  
**Frá: Landbúnaðarháskóla Íslands**

**20.2.2008**

Landbúnaðarháskóli Íslands fagnar frumvarpi til laga um leikskóla. Það er mjög tímabært að endurnýja þessa löggjöf, styrkja þannig leikkólastigið og skerpa betur á tengslum þess við næsta skólastig.

Ekki eru gerðar athugasemdir við einstakar frumvarpsgreinar.

F.h. Landbúnaðarháskóla Íslands  
Ágúst Sigurðsson rektor



Á fundi Hreppsnefndar Langanesbyggðar föstudaginn 25. janúar sl. var eftirfarandi bókun gerð m.a.:

#### **4. Innsend erindi - Til afgreiðslu**

·  
·

· Alþingi – Frumvörp til laga um grunnskóla og leikskóla.

*Sveitarstjóri gerði grein fyrir umræðu um frumvörpin á nýafstöðnu skólalþingi og innan stjórnar*

*Eyþings auk þess sem hann kynnti drög að umsögnum frá sambandi íslenskra sveitarfélaga.*

*Samþykkt að lýsa yfir stuðningi við frumvarpsdrögin með þeim fyrirvara þó að þau verði*

*einfölduð eins og frekast er unnt. Auk þess verði þess vænst að ríkisvaldið bæti sveitarfélögunum*

*að fullu þann kostnaðarauka sem frumvörpin leiða hugsanlega til.*

*Fram kom að frumvörpin eru þegar farin til kynningar innan fræðslu og menningarnefndar.*

· Alþingi – Frumvörp til laga um framhaldsskóla og menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

*Visað til bókunar að ofan.*

Framangreindu er hér með komið á framfæri.

Björn Ingimarsson

sveitarstjóri

Langanesbyggð

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/1286**  
**komudagur 29.1.2008**

**From:** Leikskólinn Stekkjarás [mailto:stekkjaras@hafnarfjordur.is]  
**Sent:** 29. janúar 2008 11:16  
**To:** Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir  
**Subject:** Athugasemdir við frumvarp til laga um leikskóla.

Góðan dag.

Leikskólastjórar í Hafnarfirði tóku saman um daginn athugasemdir um frumvarp til laga um leikskóla. Við kynntum athugasemdir okkar fyrir fræðsluráði Hafnarfjarðar en viljum einnig fá tækifæri til að senda þær beint á nefndina.

Kveðja,  
Alda Agnes, leikskólastjóri Stekkjaráss í Hafnarfirði.

Athugasemd við umfjöllun um 5. grein  
Taka út bláaletrið.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins*

Um 5. gr.

Greinin, sem áður var hluti af 12. gr. gildandi laga, mælir fyrir um að forstöðumaður leikskóla skuli vera leikskólastjóri sem stjórnari starfi hans í umboði rekstraraðila. Mælt er m.a. fyrir um að leikskólastjóri stjórnari daglegum rekstri og starfi leikskóla og gæti þess að leikskólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, stefnu sveitarfélags, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli. Í stjórnendahlutverki leikskólastjóra felst að hann boðar til funda með starfsliði eins og ástæða er til. Vegna langrar viðveru barna í leikskólum er erfitt að koma því við að slíkir fundir séu haldnir á hefðbundnum dagvinnutíma á meðan daglegt skólastarf fer fram. Þá er kveðið á um árlega upplýsingagjöf skólastjóra um starfsemi leikskólans til rekstraraðila og sveitarstjórnar.

---

Athugasemd við 6. grein.

*Nokkrir leikskólastjórnar vildu bæta við greinina rauða letrinu.*

Um ráðningu leikskólastjóra og starfsliðs leikskóla fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á.

**Starfsfólk er annast uppeldi og menntun barna skal hafa menntun leikskólakennara eða aðra uppeldismenntun.** Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skulu hafa menntun leikskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Kveða má á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara gagnvart öðru starfsliði leikskóla í reglugerð.

Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

*Fögnum þessu með sakavottorð.*

---

Athugasemd við 11. grein.

*Allir voru sammála um að setja inn rauða letrið og taka út það bláa sem er í sviganum.*

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram fyrir 31. október ár hvert / eða að hausti (í september á ári hverju) og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

---

Athugasemd við 13. gr.

Nokkrir leikskólastjórar vildu taka út úr greininni bláa lettrið.

13. gr.

*Aðalnámskrá.*

Ráðherra setur leikskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni koma fram helstu markmið leikskólastarfs og uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla, sbr. 2. gr. Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á gildi leiks í öllu leikskólastarfi. Einnig skal fjallað um markmið fyrir námssvið leikskólans, foreldrasamstarf, þróunarstarf, mat á leikskólastarfi og tengsl leikskóla og grunnskóla. Í aðalnámskrá skal skilgreina hæfnipætti á námssviði leikskólans í **samræmi við aldur og þroska barna**. Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár leikskóla skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

---

Athugasmd 16. gr.

Allir voru sammála um að samþykki forldra skuli liggja fyrir um að upplýsingar og barn þeirra fylgi því milli skóla.

Setja rauðalettrið inn og taka það blá út.

16. gr.

*Tengsl leikskóla og grunnskóla.*

Sveitarstjórn skal leitast við að koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.

Að fengnu samþykki foreldra skulu Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og að gagni geta komið fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, (skulu) fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. **Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun**. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi leikskólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess.

Ráðherra setur reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla þar sem m.a. skal kveðið á um hvaða upplýsingar falla undir grein þessa, um meðferð þeirra og um stöðu og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum sem varða börn þeirra.

---

Athugasemd við 17 gr.

Allir sammála um að taka út bláa lettrið.

17. gr.

*Markmið.*

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsliðs leikskóla (, viðtökuskóla) og foreldra,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
- c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

---

Athugasemd við 28. gr.

Taka út bláa lettrið.

28. gr.

*Samrekstur skóla*

Sveitarfélögum er heimilt að reka saman leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra að fenginni umsögn nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla sem reknir eru á grundvelli 1. mgr.





Nefndasvið Alþingis  
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir  
Nefndaritari Menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18.12.2007  
Tilv. 072/2007 - 1.05.02  
SK

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla, mál 287.**

Starfsfólk Lýðheilsustöðvar þakkar veitt tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp. Lýðheilsustöð tekur undir þær jákvæðu breytingar sem finnast í frumvarpinu. Hér eru þær tillögur sem okkur þykir bæta frumvarpið enn frekar og einnig bendum við á mikilvægi þess að tryggja samvinnu milli menntamálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda og þeirra sem fara með málefni sveitarfélaga á öllum skólastigum.

**Í e. lið 2.gr. stendur nú:** Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

**Verði:** að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd og heilbrigðisvitund þeirra, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

**Við 2.gr. bætist f. liður:** Leikskólar skulu tryggja að í boði sé innan veggja hvers leikskóla heilnæmt fæði í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar og manneldisráðs um mataræði og næringarefni. Leikskólum og eldhúsum á vegum þeirra ber að fara eftir handbók fyrir leikskólaeldhús sem Lýðheilsustöð hefur gefið út.

**Við 8.gr. bætist málsgrein þar sem lögð verður áhersla á íslenskunám fyrir starfsfólk af erlendum uppruna.**

**Við 12.gr. bætist eftirfarandi málsgrein:** Húsnæði og lóð við leikskóla sé þannig úr garði gert að það hvetji til hreyfileikja og útiveru. Hvatt til þess að ípróttahús í nágrenni verði nýtt, sé þess kostur.

**Í reglugerð við 16.gr.** er mikilvægt að tillit sé tekið til réttinda barnsins sem einstaklings í meðferð persónulegra gagna.

**Við 21.gr. og 22.gr.** laganna bætast sambærilegar málgreinar og í 40.gr. grunnskólalaga um samráð og samþykki við foreldra um greiningu barna og að foreldrar geti sjálfir óskað eftir greiningu.

Þórólfur Þórlindsson  
Forstjóri Lýðheilsustöðvar

Leikskóli		
Grein	Reglugerðarheimild	Nafn reglugerðar
6. gr	Kveða má á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara gagnvart öðru starfslíði leikskóla í reglugerð	um starfslíð leikskóla
12. gr	Ráðherra setur reglugerð um starfsumhverfi leikskóla í samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um öryggi barna og slysavarnir, um lágmarkskröfur til húsnæðis og aðbúnaðar barna og starfslíðs, um lengd daglegs dvalartíma barna og um aðstöðu vegna þjónustu við börn með sérþarfir.	um starfsumhverfi leikskóla
15. gr	Sprotasjóður	um sprotasjóð
18. gr	Ráðherra setur reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla þar sem m.a. skal kveðið á um hvaða upplýsingar falla undir grein þessa, um meðferð þeirra og um stöðu og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum sem varða börn þeirra.	um skil og miðlun upplýsinga milli skólastiga
20. gr	Ráðherra setur reglugerð um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga.	um innra og ytra mat leikskóla
21. gr	Ráðherra setur reglugerð um sérfræðipjónustu leikskóla í samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga.	um sérfræðipjónustu leiksskóla



**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**M O S F E L L S B Æ R**

22. janúar, 2008

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál.**

Umsagnaraðili: **Mosfellsbær.**

Hér fylgir umsögn um 287. mál:

Almennt séð fagnar Mosfellsbær þeim fjórum frumvörpum um menntamál sem lögð eru fram samtímis, mál nr. 285-8, en ekki síst aðdraganda þeirra og gerð en leitað hefur verið til fjölmargra aðila um gerð frumvarpanna.

Hér er líka stigið framfaraspur í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, en menntamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga munu sameiginlega vinna að því í kjölfar lagasetningar að safna upplýsingum og þróa mælikvarða til að meta kostnaðaráhrif þeirra lagabreytinga sem frumvörpin hafa í för með sér fyrir sveitarfélög.

Fagna ber nýjungum í leikskólafrumvarpi, eins og ákvæðum um foreldraráð, samrekstur, símenntu, skólastefnu, skólanámskrár og starfsáætlanir, málskotsrétt og fleira.

#### Athugasemdir:

Hins vegar er rétt að koma með athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins:

11. gr. laganna fjallar um foreldraráð og eftirfarandi athugasemd er nauðsynlegt að koma á framfæri:

Foreldraráð er nýjung og ber að fagna því, en Mosfellsbær vill koma á framfæri athugasemd um að hér sé ekki gengið nógu langt. Í grunnskólalögum stendur til að taka upp skólaráð, sem væri samstarfsvettvangur stjórnenda, starfsfólks og foreldra, en í leikskólalögum er ekki kveðið á um að leikskólakennarar og annað starfsfólk hafi áhrif á stjórn og stefnu skólans eins og gert er ráð fyrir í hugmyndinni um skólaráð grunnskóla. Þá má benda á að æskilegt sé í þeim tilfellum að sveitarfélag nýti rétt lagana til samreksturs leik- og grunnskóla, að lög kveði á um sams konar form á báðum skólastigum, þegar rætt er um aðkomu foreldra og starfsmanna að stjórnun skóla.

Því er lagt til að í leikskólalögum verði kveðið á um skólaráð við leikskóla á sama hátt og gert er í grunnskólalögum.

22. gr. laganna fjallar um framkvæmd sérfræðiþjónustu og er nauðsynlegt að koma fram með eftirfarandi athugasemd:

Lagatextinn í frumvarpinu er eftirfarandi:

“Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu”.

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu stendur:

“Hvílir sú skylda á leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins ... að afla nauðsynlegrar þjónust fyrir barnið, í samráði við foreldra, hvort sem hún fer fram innan leikskólans eða ekki.”

Hér er gengið lengra en áður hvað varðar verkefni og hlutverk sveitarfélags. Í umsógn menntamálaráðuneytis kemur vissulega fram að aðilar (sveitarfélög og ríki) séu sammála um að 22. greinin muni hafa útgjaldaaukningu í för með sér fyrir sveitarfélögin. Gera má ráð fyrir ef leikskólum beri t.a.m. að útvega sérstakt rými, jafnvel sérhæft þjálfunarrými, ef þeir eigi að fylgja orðum lagatextans, og slíkt sérhæft rými með sérhæfðum búnaði þurfi að vera 40-50 fm í hverjum leikskóla. Þetta er um 16 -17 milljónir á núvirði. Þá er ótalinn sá stjórnunarkostnaður sem leiðir af fyrrmælum lagatextans, auk þess sem slíkum ráðstöfunum mun fylgja aukinn þrýstingur á sveitarfélög að ekki bara gera kleyft að slík þjónusta fari fram innan leikskólans, heldur að hún sé greidd af sveitarfélaginu.

En hér er jafnframt verið að skilgreina þjónustustig fyrir sveitarfélög sem getur vakið spurningar. Spyrja má hvort hér sé verið að leggja á þá braut að stofnanir skuli taka yfir það hlutverk sem löngum hefur verið hlutverk íslenskra foreldra, tam.að fara með börn til læknis eins og t.d. sérfræðings í geðlækningum, ef sá hinn sami á að veita sérstaka aðstoð að mati viðurkenndra greiningaraðila. Hér skyldi haft í huga að það er gott að veita góða þjónustu en óæskilegt að taka hlutverk og skyldur af foreldrum.

Þá má benda á að hætt er við að túlka megi lagaákvæði þetta á þann veg að viðurkenndir greiningaraðilar sem jafnframt eiga að vera meðferðaraðilar fyrir börn eins og BUGL, geta vísað til sveitarfélaga að útvega aðstöðu og rými fyrir starfsmenn sína til að sinna verkefnum, sem aðrar sérhæfðar stofnanir samfélagsins eiga að sinna. Hugsanlegt dæmi gæti verið: Ef barn þarf sjúkraþjálfun þá skv. þessu ber leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu að útvega þá þjónustu og einnig aðstöðu í leikskólanum og ef viðkomandi barn þarf einnig iðjuþjálfara þá þarf leikskólastjórinn og sérfræðiþjónustan að afla slíkrar þjónustu og jafnframt samræma vinnu þessara aðila.

Þessu getur verið mjög erfitt að framfylgja þar sem sérfræðiþjónusta sveitarfélaga og leikskólastjórnendur hafa enga lögsögu yfir þeim stofnunum eða þeim sérfræðingum sem hér um ræðir. Þar við bætist að sérfræðingar sem hér um ræðir eru heldur ekki á lausu og rétt að benda á skyldur ríkisins í þessu sambandi að útvega viðunandi þjónustu við börn, eins og lagaskylda gerir ráð fyrir tam. á BUGL.

Hér má einnig benda á að skýringartextinn með lagagreininni sem hljóðar “þá hvílir sú skylda...að afla nauðsynlegrar þjónustu” getur vakið þær væntingar eða túlkun að sá sem afli eigi einnig að greiða fyrir slíka þjónustu, sem hingað til hefur verið á hendi ríkisins, eins og til að mynda sjúkraþjálfun, talþjálfun og fleira.

Nauðsynlegt er að skýrt komi fram hvort þetta séu þær væntingar sem gerðar eru til sérfræðiþjónustu og leikskólans í framtíðinni, þar sem kostnaðarauki vegna þessa er verulegur. Í öllu falli verða sveitarfélögin að vera á varðbergi hvað varðar útreikning

á kostnaðarpætti, bæði vegna þjónustu og bygginga, sbr. það sem á undan er sagt. Nauðsynlegt er að fara sérstaklega yfir kostnað sveitarfélaga við að byggja þá aðstöðu sem hér eru gerðar væntingar um, bæði vegna nýbygginga og umbreytinga á eldra húsnæði. Í eldri leikskólum gæti þetta einnig þýtt að koma þurfi fyrir rými sem ganga mun á leikskólarými og þar af leiðandi það þjónustumagn sem leikskólinn hefði áður haft burði til að veita.

Hér er ónefnt það þjóðhagslega óhagræði sem skapast við það að við núverandi skipan mála, þá ber íslenska ríkinu í flestum tilfellum að sjá til þess húsnæði og aðstöða fyrir umrædda sérfræðinga sem veita eiga sérstaka aðstoð eða þjálfun sé fyrir hendi. Ganga verður út frá því að slík aðstaða sé nú þegar til staðar og vannýtist þá hvað varðar þjónustu við leikskólabörn, auk þess sem krafa um slík sérbúin rými í sérhverjum leikskóla, fyrir hlutfallslega mjög fá börn í hverjum árgangi, nær aldrei fullnægjandi nýtingu á vegum sveitarfélaga.

Virðingarfyllst  
fyrir hönd Mosfellsbæjar



Fræðslu- og menningarsvið  
MOSFELLSBÆR

*Björn Magni Þórðarson*

Björn Magni Þórðarson  
sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs



Skrifstofa fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær



Mýrdalshreppur

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1274  
komudagur 29.1.2008

**Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

431-III-1 Umsögn um leikskólalög.docx

Vík, 25. janúar 2008.

**Umsögn um frumvarp til leikskólalaga, mál nr. 287.**

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er í meginatriðum sátt við framlagt frumvarp til laga um leikskóla en telur að nokkur atriði þurfi að skoða nánar.


Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um stofnun foreldraráða við leikskóla. Athygli vekur að í frumvarpi til grunnskólalaga er ekki lengur gert ráð fyrir foreldraráðum heldur tekur skólaráð við hlutverki þess. Sveitarstjórn telur að betur fari að hafa samræmi milli skólastiga þannig að við leikskóla verði einnig skipað skólaráð á svipaðan hátt og við grunnskóla.

Í 12. gr. fjallað um húsnæði og fjölda barna í leikskóla. Sveitarstjórn telur jákvætt að fallið hefur verið frá „barngildisútreikningum“. Gerðar eru nýjar kröfur um rými fyrir sérþjónustu og gerir sveitarstjórn fyrirvara hugsanlegan kostnaðarauka, sérstaklega þar sem leikskóli er rekinn í eldra húsnæði.

Í 17.-20. gr. er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs. Sveitarstjórn bendir á að þetta sé væntanlega til kostnaðarauka fyrir sveitarfélög og taka verði tillit til þess.


Í 21.-23. gr. er fjallað um skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu og eru ákvæðin umtalsvert ítarlegri en ákvæði gildandi laga og líkleg til að verða kostnaðarlega íþyngjandi.

Í 28. gr. er kveðið á um samrekstur skóla og m.a. opnað á að sveitarfélög reki í einni stofnun, og undir stjórn eins skólastjóra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Sveitarstjórn fagnar þessu ákvæði en minnr á að samræmi þarf að vera milli 28. og 5. gr. leikskólafrumvarps, 7. gr. grunnskólafrumvarps sem og 10. og 13. gr. frumvarps um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna.

Virðingarfyllt  
  
Sveinn Pálsson  
sveitarstjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1094  
komudagur 22.1.2008

Alþingi  
Menntamálanefnd  
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarástíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 18. janúar 2008  
Tilvísun: 2007100694 RJ/--

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla (mál nr. 287, 135. löggjafarþing)**

Þann 10. október 2007, funduðu lögfræðingar Persónuverndar með fulltrúum menntamálaráðuneytisins og var fundarefnið tiltekin ákvæði í frumvarpsdrögum til nýrra laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Í ljósi þess að stuttur tími var til stefnu við samningu frumvarpanna, var ákveðið að Persónuvernd myndi skila umsögn til menntamálanefndar Alþingis þegar frumvarpsdrögin lögju fyrir. Persónuvernd hefur nú farið yfir frumvarp til laga um leikskóla og gert eftirfarandi athugasemdir.

Í 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins er fjallað um um meðferð persónuupplýsinga í tengslum við miðlun upplýsinga um börn milli leikskóla og grunnskóla. Persónuvernd hefur fullan skilning á mikilvægi þess að ákveðnar upplýsingar, s.s. um greiningu þroskafrávika eða sértæka námsörðugleika, fylgi börnum á milli skólastiga. Stofnunin telur engu að síður mikilvægt að haft sé í huga að í sumum tilvikum getur verið um að ræða mjög ítarlegar og persónulegar upplýsingar um börn sem hafa takmarkaða þýðingu fyrir starfsmenn grunnskóla við upphaf náms á grunnskólastigi. Þessu til stuðnings er rétt að benda á þá meginreglu sem fram kemur í 3. tl. 7. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt henni ber að gjalda varhug við því að allar upplýsingar um börn fylgi þeim frá leikskóla til grunnskóla og jafnvel framhaldsskóla. Hér er að sjálfsögðu ekki átt við upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að börn geti fengið viðhlítandi aðstoð vegna náms.

Í framangreindri frumvarpsgrein segir upplýsingar sem „að gagni geta komið“. Æskilegra er að fylgja orðalagi sem er í skýringum við greinina í greinargerð, en þar segir að eingöngu sé átt við upplýsingar sem teljast nauðsynlegar fyrir skólagöngu barns í grunnskóla og stuðlað geta að því að grunnskóli geti mætt þörfum þess. Segir og í skýringum að markmið miðlunarinnar sé að tryggja að byggt sé á fyrri námi og reynslu leikskólabarna þegar þau koma í grunnskóla. Er því lagt til að í stað orðanna „að gagni geta komið“ komi orðin „nauðsynlegar eru“.

Virðingarfyllt

Rakel Jónsdóttir

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. jan. 2008

Stjórn Prestafélags Íslands (PÍ) hefur skoðað fjögur frumvörp menntamálaráðherra um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og kennaramenntun. Frumvörpin bera vitni um metnað og framsýni og mörg nýmæli ættu að styrkja skólakerfið og bæta námslega stöðu íslenskra barna og ungmenna í samanburði við aðrar þjóðir. Stjórn PÍ dregur þó fram eftirfarandi atriði um einstök frumvörp:

#### 1. Frumvarp til laga um leikskóla, þskj. 321

Í 2. gr. c stendur að markmið skólastarfsins sé „að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra“ en kristilegt siðgæði er látið falla niður. Það er rökstutt með því að sífellt fleiri börn af erlendu bergi brotin séu við nám í leikskólum, sem hafi annað móðurmál en íslensku. Einnig er breytingin rökstödd með því að sífellt fleiri séu utan þjóðkirkju eða ástundi önnur trúarbrögð og því sé þetta eðlileg breyting í ljósi breyttra aðstæðna í samfélaginu. Sá skilningur nefndarinnar er hins vegar áréttáður í skýringum með frumvarpinu að þær dyggðir sem sérstaklega eru taldar upp; „umburðarlyndi, víðsýni og öflug siðferðisvitund“ séu vissulega kristilegar dyggðir. Auk þess er það skilningur nefndarinnar að það sé jafnframt kristin dyggð að einstaklingar í samfélaginu sýni af sér „ábyrgð“ sem jafnframt er eitt af markmiðum leikskólastarfsins sbr. 2. gr. d.

Mikilvægt er að ígrunda vel afleiðingar þess ef hugtakið „kristilegt siðgæði“ fellur út úr lögum. Það er auðvitað alveg ljóst að íslensk menning hefur allt til þessa verið kristin menning. Siðferði kristinnar hefur mótað íslenskt samfélag, siðferðisvitund Íslendinga og hefur haft djúpstæð áhrif á lagasetningu í landinu. Um 90% þjóðarinnar eru kristinnar trúar og þess vegna er merkilegt ef það er orðið mikið feimnismál að nota orðið „kristilegt“ upphátt eða á prenti! Við megum ekki afneita uppruna okkar. Til forna sögðu heimspekingarnir: Maður þekktu sjálfan þig! Ef íslensk þjóð veit ekki af hvaða rótum hún er sprottin og þekkir ekki þann arf sem hún fékk í vöggugjöf; hvernig á hún þá að vita hver hún er? Sú sjálfsvitund er forsenda þess að vera heilbrigður einstaklingur/heilbrigð þjóð. Um þessar mundir er afstæðishyggja mjög ráðandi, það viðhorf að allar skoðanir séu jafn rétháar og rétt og rangt sé ekki til nema sem smekksatriði. Er það ekki í sjálfu sér dæmi um mjög vafasama skoðun sem við ættum að berjast gegn? Afleiðing slíkrar afstæðishyggju í siðferðisefnum er firring. Firrt þjóð er óheilbrigð og óhamingjusöm þjóð! Orðalagið „kristið siðgæði“ leggur áherslu á sjálfstæða tilvist siðgæðisins, óháð manningum og tímanlegum skoðunum hans.

Við hljótum að geta sýnt fólki af öðrum uppruna virðingu sem og trú þess og arfi enda þótt við köstum ekki okkar eigin fyrir róða. Raunar er spurning hvort við séum ekki einmitt færari um að sýna öðrum virðingu óháð kynferði, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðernisuppruna, kynþætti, litarhætti o. fl. ef okkur hefur verið miðlað „kristilegt siðgæði“.



## 2. Frumvarp til laga um grunnskóla, þskj. 319

Stjórn Prestafélags Íslands gerir athugasemd við 2. gr. og telur afar mikilvægt að fella ekki „kristilegt siðgæði“ niður úr upptalningu um starfshætti grunnskóla. Við tókum undir þau markmið 2. gr. að grunnskóli skuli stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, og bendum á að það er einmitt kristinn siður í þúsund ár, sem gegnsýrir söguna og íslenskt samfélag. Fyrir kristilegu siðgæði og ofantöldum markmiðum má færa samfélagsleg, menningarleg, þekkingarleg og siðgæðisleg rök. U. þ. b. 90% þjóðarinnar tilheyra kristnum kirkjudeildum. Það eykur víðsýni og umburðarlyndi að þekkja eigin trúararf og vera læs á menningu þjóðarinnar. Kristilegt siðgæði stendur þannig með djúpar rætur í menningu og sögu þjóðarinnar og lýsir vel þeim siðgæðisgrundvelli sem skólastarf á Íslandi hefur, án þess að kastað sé rýrð á upptalningu þeirra gilda, sem í frumvarpinu eru.

Stjórn PÍ gerir einnig alvarlegar athugasemdir við 25.gr., að kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði flokkist undir samfélagsgreinar. Best væri að fá inn í aðalnámskrá sérákvæði um trúarbragðafræði, siðfræði og kristinfræði, í stað þess að fella þessar greinar (kristinfræði) undir samfélagsgreinar eins og gert var við gerð námskrárinnar árið 1999. Það samrýmist ekki þeim veigamiklu samfélagslegu, menningarlegu, þekkingarlegu og siðgæðislegu rökum, sem færa má fyrir mikilvægi þessara greina.

Stjórn PÍ fagnar því að nám í opinberum grunnskólum skuli áfram veitt nemendum að kostnaðarlausu. Enn fremur ber að fagna mörgum nýjungum sem rýmka um leyfi til foreldra og sveitarfélaga eða annarra til að kenna heima eða stofna skóla.

## 3. Frumvarp til laga um framhaldsskóla, þskj. 320

Það frumvarp sem hér er lagt fyrir boðar miklar umbreytingar í skipulagi náms í framhaldsskólum hér á landi. Kjarna þeirra breytinga er að finna í V. kafla gr. 21 og gr. 23. Þar stendur:

*Aðalnámskrá framhaldsskóla, er ráðherra setur, kveður á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs – 21. gr.*

*Framhaldsskólar setja sér námsbrautarlýsingar og leggja þær fyrir ráðherra til staðfestingar. – 23. gr.*

Þetta er síðan skýrt þannig í athugasemdum:

*Samkvæmt frumvarpinu færast gerð námsbrautarlýsinga frá ráðuneytinu til framhaldsskólanna. Það þýðir að skólunum er falin eiginleg tillögugerð um fyrirkomulag, samhengi og inntak náms (Athugasemdir bls.19).*

Með þessu er í raun hverjum skóla falið að leggja þær áherslur í námsframboði sínu sem hann kys. Einu mörkin sem sett eru varða íslensku, ensku og stærðfræði. Þannig skal nám til stúdentsprófs vera opið svo fremi það skili því markmiði ... ”að undirbúa nemendur undir nám á háskólastigi” (18. gr.). Þó skulu nemendur hafa lokið 45 einingum í íslensku, ensku og stærðfræði (Athugasemdir bls.23).

Kostur þessa er augljóslega aukin samkeppni og fjölbreytni í skólastarfi. Gallinn er aftur á móti sá að þessi skipan kemur niður á námsgreinum sem til þessa hafa ekki notið vinsælda eða kynningar og eru ekki líklegar til að hraða námsframvindu í skólunum. Í 43. gr. kemur fram að fjárveitingar til skóla fari *m.a. eftir fjölda nemenda-* og þar af leiðandi líklega einnig vinsældum námsframboðs.

Þar sem hraði og samkeppni einkennir frumvarpið er vandséð hvernig koma megi að nýjum greinum eða greinum sem kenndar eru t.d. á Norðurlöndunum en hafa ekki verið kenndar hér að ráði í framhaldsskóla og eru því í raun óþekktar.

*Trúarbragðafræði* er gott dæmi um slíka námsgrein Trúarbragðafræðin hefur verið hornreka í íslenskum framhaldsskólum og einungis kennd sem valgrein ef áhugi er fyrir hendi. Á Norðurlöndunum er hún skyldugrein til stúdentsprófs, en hér eiga aðeins íslenska, enska og stærðfræði að heyra undir þá skilgreiningu eins og fyrir segir. Úr því að ráðuneytið leggur ekki línurnar nema almennt mun trúarbragðafræðin án efa sitja áfram á hakanum.

Þetta er í raun í andstöðu við 2.gr. frumvarpsins þar sem stendur:

*Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi ...*

Með vaxandi fjölmenningu og fjölgun íslenskra ríkisborgara sem eru af erlendu bergi brotnir eykst nauðsyn þess að brjóta niður múra á milli menningarheilda og trúarhópa og auka þar með umburðarlyndið. Slíkt er best gert með meðal annars almennri fræðslu um trúarbrögð heimsins og þar með menningu og siði þjóða og þjóðarbrotta. Til að slík fræðsla verði að gagni og nái að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi þarf hún að ná til allra, hvort sem nemendur stunda nám til framhaldsskólaprófs, stúdentsprófs eða starfsréttindaprófs.

Aðeins með ákvörðun frá ráðuneytinu er það mögulegt. Slík ákvörðun þyrfti því að fylgja þessum lögum.

#### **4. Frumvarp til laga um menntun kennara, þskj. 322**

Kennarar landsins sinna því mikilvæga starfi að sjá um menntun, umönnun og að hluta til uppeldi barna og ungmenna í íslensku samfélagi. Framtíð einstaklings og samfélags byggir á því að þetta hlutverk sé vel af hendi leyst.

Leikskólakennarar, grunnskólakennarar, framhaldsskólakennarar ásamt stjórnendum menntastofnana hafa því mikil og varanleg áhrif á börn og ungmenni. Því er nauðsynlegt fyrir heill einstaklinga og samfélags að staðið sé á sem faglegastan hátt að menntun þeirra og þeim séu búin þau starfsskilyrði sem best eru. Það er með öllu óásættanlegt að ráðið sé í störf þessa fagfólks af ófaglærðu fólki.

Þá er þeim tilmælum beint til þeirra er vinna munu að endurskipulagi náms leikskólakennara, grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjórnenda, að það verði hluti af faglegum og nauðsynlegum undirbúningi þessarra hópa er starfa munu í fjölmenningarlegu samfélagi, að kynna sér trúarbrögð og þau mikilvægu áhrif sem trúarbrögð og menning hafa á þroska og sjálfsmynd hvers einstaklings. Bent er í því sambandi á undirbúning og menntun sömu stétta í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við (t.d. Norðurlöndin og Bretland).

Prestafélagið lýsir ánægju sinni með áherslur í lagafrumvarpi þessu á faglega menntun, lögverndun fagfólks í starfi og endurskoðun menntunar í breyttu samfélagi.

Virðingarfyllst,  
f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,

  
sr. Ólafur Jóhannsson, formaður

**Menntamálanefnd Alþingis**  
**Alþingi**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 25. febrúar 2008

Meðfylgjandi er umsögn Rauða kross Íslands vegna frumvarps um breytingu á lögum um leikskóla, 287. mál

Virðingarfyllt,  
f.h. Rauða kross Íslands



Kristján Sturluson  
framkvæmdastjóri

**UMSÖGN RAUÐA KROSS ÍSLANDS**  
um  
**frumvarp til laga um breytingu á lögum um leikskóla**

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008)

Í frumvarpinu eru nokkur atriði sem Rauði krossinn vill vekja athygli menntamálanefndar á. Þau snúa fyrst og fremst að málefnum barna með annað móðurmál en íslensku.

Í frumvarpinu er hvergi minnst á stuðning við börn af erlendum uppruna og foreldra þeirra. Rauði krossinn telur nauðsynlegt að í lögum sé sérstaklega kveðið á um stuðning við börn af erlendum uppruna sem eru að hefja leikskólagöngu. Stuðningurinn felist meðal annars í ráðgjöf og aðgengi að upplýsingum um skólastarf, móttökuáætlun, túlkabjónustu, talþjálfun sem og andlegum og félagslegum stuðningi við upphaf skólagöngu.

Rauði krossinn leggur til að foreldrar erlendra barna sem eru að stíga sín fyrstu skref í leikskóla fái greiðan aðgang að túlki. Þá leggur félagið til að börnin fái leiðbeinanda sem fylgi þeim fyrstu skrefin í skólanum og auðveldi þeim aðlögun.

188. fundur fræðsluráðs Reykjanesbæjar haldinn mánudaginn 21, janúar 2008, kl.16.00 að Tjarnargötu 12. Vinnufundur um frumvörp til leik- og grunnskólalaga

Mættir voru: Garðar K. Vilhjálmsson, Guðný Ester Aðalsteinsdóttir, Einar Þ. Magnússon, og Brynja Lind Sævarsdóttir. Eiríkur Hermannsson fræðslustjóri ritaði fundargerð.

## Dagskrá

## ## ## ## ##

### 1. Leikskólafrumvarp *-287. mál*

Fræðsluráð Reykjanesbæjar fagnar framkomnu frumvarpi og telur það til bóta um flest. Þó vill ráðið leggja áherslu á að dregið verði úr þeim kröfum sem gerðar eru um mat og eftirlit með leikskólum, sbr. 17.-20. gr. Fræðsluráð telur að með gerð skólastefnu, skýrslna um innra mat og símenntunar starfsfólks, auk áætlanagerðar bæjarfélagsins sé nóg að gert við mat á skólastarfinu. Einnig er lagt til að samræmis verði gætt milli leik- og grunnskóla um kröfur sem gerðar eru til sérfræðipjónustu. Fagnað er ákvæðum um samrekstur leik- grunn- og tónlistarskóla í einni stofnun undir stjórn eins skólastjóra.

### 2. Grunnskólafrumvarp

Fræðsluráð Reykjanesbæjar telur margt jákvætt við framkomið frumvarp en álitur það þó of stýrandi og ítarlegt um margt. Nauðsynlegt er að tryggja sveitarfélögum meira svigrúm um framkvæmd skólastarfs. Þá er hvergi í frumvarpinu vikið að þeim kostnaði sem af því hlýst fyrir sveitarfélögin.

Ráðið vill sérstaklega gera athugasemdir við tvennt.

#### Um 8. gr.

Fræðsluráð Reykjanesbæjar telur framkomnar hugmyndir um skólaráð um margt skarast við hlutverk skólanefndar. Ætla má að erfitt verði að manna slík ráð öðruvísi en að um launuð störf verði að ræða.

#### Um 31. gr.

Ekki er lagst gegn því að vettvangsferðir skuli að meginstefnu til vera gjaldfrjálssar sem hluti af skyldunámi en ákvæðið eins og það er fram sett stendur fjölbreytni í starfsemi skólanna fyrir þrifum. Greinin er of heftandi t.d. þegar kemur að kostnaðarsömum ferðum eða jafnvel nemendasamskiptum við nágrannalönd. Hana þarf að umorða þannig að skólanum sé heimilt í fullu samráði við foreldra að standa fyrir fjáröflun eða kostnaðarþátttöku foreldra innan hóflegra marka enda sé tryggt að enginn verði undanskilinn sökum knapps efnahags. Annars er hætt við að útivistar- og náttúruskoðunarferðir verði víða lagðar af og skólar verði af tækifærum til að byggja upp samstöðu og samkennd nemenda.

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30*

*Garðar K. Vilhjálmsson formaður*

*Einar Þ. Magnússon*

*Guðný Ester Aðalsteinsdóttir*

*Brynja Lind Sævarsdóttir*



Borgarstjórnin í Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/1235**  
**komudagur 25.1.2008**

Reykjavík, 24. janúar 2008

R07120081

175

ÓKH/jb

Alþingi - Menntamálanefnd

150 REYKJAVÍK

***Frumvarp til laga um leikskóla - umsögn***

Á fundi borgarráðs í dag var samþykkt umsögn borgarlögmanns frá 22. þ.m. um frumvarp til laga um leikskóla.

Umsögnin, sem fylgir í ljósriti, er hér með send menntamálanefnd Alþingis.

Ólafur Kr. Hjörleifsson  
e.u.

Hjálagt:  
Borgarlögmaður



Reykjavík, 22. janúar 2008  
R07120081  
175  
KST/

Borgarráð

### ***Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um leikskóla.***

Með bréfi, dags. 12. desember sl. sendi menntamálanefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um leikskóla. Frestur til að skila umsögn um frumvarpið var til 22. janúar sl. en undirrituð óskaði eftir framlengdum fresti til 25. janúar. Í erindi menntamálanefndar var mælt til þess að frumvörpin yrðu sérstaklega kynnt fyrir foreldrafélögum og/eða nemendafélögum. Vegna skamms frests til að vinna umsögnina sem að stórum hluta lenti inni í jólafríi skólanna reyndist ómögulegt að verði við þeirri málaleitan. Undirrituð hefur yfirfarið frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir:

#### ***Almennt um frumvarpið***

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum sveigjanleika, fjölbreytni og samfelli í skólastarfi og ber að fagna því. Verður að telja að frumvarpið, verði það að lögum, myndi vandaðri ramma um leikskólastarf en gildandi lög. Í einstökum atriðum er gengið of langt í breytingum eins og nánar verður rakið í athugasemdum við einstök ákvæði frumvarpsins. Verður að gera þá kröfu til nýrrar löggjafar að gætt sé hófs við setningu krafna sem íþyngjandi eru fyrir það stjórnsýslustig sem falin er framkvæmd laganna og að breytingarnar þjóni skýrum tilgangi.

Frumvarpið fjallar nokkuð ítarlega um hlutverk og skyldur sveitarfélaga, leikskólastjóra og foreldra þótt skyldur foreldra taki að sjálfsögðu mið af því að leikskóli er val en ekki skylda eins og grunnskólanám. Því vekur athygli að hvergi er minnst á skyldur leikskólakennara sem er ætlað að vera burðarstykkið í starfsemi leikskólanna.

#### **Um 1. gr.**

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að markmiðskaflanum hafi verið breytt frá gildandi lögum og séu breytingarnar til að undirstrika þátt kennslu og náms í leikskólastarfi til jafns við umönnun og uppeldi. Engar athugasemdir eru gerðar við þær breytingar enda í fullu samræmi við þá þróun sem orðið hefur í leikskólastarfi. Engur að síður má þáttur umönnunar leikskólabarna vera sýnilegri enda mikilvægur þáttur í starfsemi leikskólans, ekki síst yngri barnanna. Því er lagt til að 2. mál. 1. mgr. hljóði svo:

*„Leikskóli annast að ósk foreldra umönnun, uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi.“*

#### Um 4. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um að leikskólastjórar, leikskólakennarar og foreldrar kjósi hver úr sínum hópi fulltrúa til setu á fundum leikskólanefndar. Lagt er til að talað verði um *fulltrúa starfsfólks leikskóla*, ekki bara leikskólakennara enda leikskólakennarar aðeins hluti af starfsmönnum leikskóla og mikilvægt að horft sé á starfsfólk leikskóla sem einn hóp. Ákvæði 2. mál. 2. mgr. verði því svohljóðandi:

*„Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.“*

#### Um 6. gr.

Ákvæðið fjallar um starfslið leikskóla og ber millifyrirsögnina starfslið. Sömu leiðis heitir III. kafli laganna Starfslið leikskóla. Lagt er til að í stað þess að tala um starfslið verði rætt um starfsfólk og að það orðalag verði almennt í frumvarpinu.

Í leikskólum starfa auk leikskólakennara starfsmenn með fjölbreytta menntun, svo sem þroskaþjálfar, starfsmenn með menntun í uppeldisgreinum á háskólastigi, og starfsmenn sem lokið hafa styttra sérhæfðu starfsnámi fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum skv. aðalnámsskrá framhaldsskóla. Þessir starfsmenn gegna mikilvægu hlutverki í starfsemi skólanna. Því er lagt til að nýr málslíður bætist aftan við 2. mál. 2. mgr. sem hljóði svo:

*„Við leikskóla skal auk leikskólakennara ráða starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn og menntun, sem nýtist í starfi leikskóla.“*

Alvarleg athugasemd við fyrirætlanir um að kveða í reglugerð á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara gagnvart öðru starfsfólki leikskóla. Hér er um að ræða alvarlegt inngrip í sjálfstjórnarrétt sveitarfélaganna og stjórnunarétt leikskólastjóra að skipa starfsemi í leikskóla með þeim hætti sem hann telur henta best hverju sinni.

Í 3. mgr. er lagt bann við því að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hafi refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Í nýsamþykktum æskulýðslögum nr. 70/2007 er að finna sambærilegt ákvæði. Lagt er til að ákvæði 3. mgr. taki mið af því ákvæði enda óheppilegt og örðugt í framkvæmd að fylgja ákvæðum laga sem gilda um starf með börnum sem eru ekki að öllu leyti samhljóða. Þá skarast gildissvið ákvæðanna því 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga tiltekur yfirmenn leikskóla. Til viðbótar þessu er vert að vekja athygli á því að ákvæði samhljóða því sem hér um ræðir er að finna í frumvarpi til laga um grunnskóla. Þrátt fyrir það er ekki samræmi milli athugasemda við frumvarpsákvæðin. Þannig segir í athugasemd við 11. gr. frumvarps til grunnskólalaga að um sé að ræða nýtt ákvæði en í frumvarpi til leikskólalaga segir um 6. gr. að fyrirmyndina sé að finna í æskulýðslögum sem aftur eigi sér fyrirmynd í 2. mál. 36. gr. barnaverndarlaga. Þetta mun þannig ekki aðeins valda „praktískum“ vandræðum í framkvæmd eins og áður er rakið heldur einnig við túlkun ákvæðanna. Varað er sterklega er við því að svo mismunandi ákvæði gildi um starfsmenn sem vinna með börnum og því eindregið lagt til að fyrirmynd ákvæðis 3. mgr. 11. gr. verði ákvæði æskulýðslaga og það verði því svohljóðandi:



*„Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við leikskóla sem hlotið hefur refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsíðóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 á síðastliðnum fimm árum. Skólastjóri á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um starf, hefur hlotið dóm vegna brota sem ákvæðið tekur til, að fengnu samþykki hans.“*

#### Um 7. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þagnarskyldu starfsfólks leikskóla. Vakin er athygli á því að í frumvarpi til laga um grunnskóla er ekki að finna sambærilegt ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna við grunnskóla. Kemur fram að það þyki ekki nauðsynlegt sbr. það sem segir í athugasemdum við 11. gr. frumvarps til laga um grunnskóla: „...Mikilvægt ákvæði er í 2. mgr. ákvæðisins (innsk.: 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga) þar sem fjallað er um þagnarskyldu starfsliðs sveitarfélaga. .... Rétt er að undirstrika að þagnarskylda samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum nær ekki til tilvika sem starfsfólki grunnskóla ber að tilkynna um lögum samkvæmt, sérstaklega á grundvelli barnaverndarlaga og enn fremur skv. 19. gr. frumvarpsins.“

#### Um 8. gr.

Lagst er gegn því að í lögum um leikskóla sé fjallað um rétt starfsliðs leikskóla til símenntunar. Engin dæmi eru fyrir því að í sérlögum sé fjallað um símenntunarrétt einstakra fagstétta sem viðkomandi lög ná til. Verður ekki séð hvaða rök kalla á að farið sé með þessum hætti inn á svið sem almennt er leitt til lykta í starfsmannastefnum sveitarfélaga og í kjarasamningum sveitarfélaga og viðsejenda þeirra. Slíkt gildir ekki um félagsráðgjafa, sálfræðinga og aðra starfsmenn sem starfa við félagsþjónustu sveitarfélaganna, heilbrigðisfulltrúa, bókasafnsfræðinga, byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, barnaverndarstarfsmenn o.s.frv. Og hvað með annað starfsfólk við leikskóla, s.s. námsráðgjafa, sálfræðinga og þroskaþjálfara. Í öllum framanröktum tilvikum er þörf á vel menntuðu fagfólki sem viðheldur menntun sinni. Því er lagt til að ákvæðið í heild falli brott.

#### Um 9. gr.

Lagt er til að 2. og 3. ml. 1. mgr. 9. gr. verði sameinaðir og upphafsorð 3. ml. „... Þeim er skylt að...“ verði felld niður og stað þeirra komi „...og.“. Ákvæði 2. ml. verði því svohljóðandi:

*„Þeir skulu hafa náði samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólustarfið og velferð barna.“*

Í lokamálslið 1. mgr. er kveðið á um rétt foreldra á upplýsingum um skólustarfið og skólagöngu barna sinna. Vakin er athygli á því að ákvæðið nær aðeins til þess foreldris sem fer með forsjá barnsins ekki til forsjárlaus foreldris en foreldrar eru samkvæmt 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins þeir sem fara með forsjá barna. Þótt forsjárlaus foreldri séu tryggðar munnlegar upplýsingar um dvöl barns á leikskóla samkvæmt 52. gr. barnalaga nr. 76/2003 er óheppilegt að ekki sé í neinu minnst á þennan rétt til upplýsinga í ákvæði sem fjallar um upplýsingarétt foreldra.

Jafnframt er bent að að fyrirsjáanlegt er að verulega aukinn kostnaður vegna túlkajónustu mun fylgja þessu ákvæði.

### Um 11. gr.

Ákvæðið fjallar um að foreldraráð skuli vera við hvern leikskóla. Samkvæmt núgildandi lögum er ekki skylt að hafa foreldraráð við leikskóla. Enda þótt foreldraráð séu nú starfandi við nokkra leikskóla í Reykjavík gildir það ekki um alla og mun þetta ákvæði því hafa í för með sér aukna vinnu og þar af leiðandi kostnaðarauka frá því sem nú er. Þá er bent á að erfitt gæti reynst að fá foreldra til starfa í foreldraráðum leikskólanna þar sem leikskólarnir eru tiltölulega fámennir og starf foreldraráðsins nokkuð tímafrekt. Umhverfi leikskólanna er þannig ekki það sama og grunnskólanna.

### Um 12. gr.

Hér er fjallað um húsnæði og aðbúnað barna í leikskólum. Í lok 2. mgr. eru talin upp ýmis atriði sem stuðla eiga að vellíðan og öryggi nemenda í skólanum. Óheppilegt er að taka út nokkra þá þætti sem samkvæmt lögum ber að uppfylla við hönnun og útbúnað húsnæðis. Þess í stað er lagt til að í lok 2. mgr. fari út eftirfarandi: „...svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu“. Þess í stað komi ný setning svo hljóðandi:

*„Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks“.*

Fagna ber sérstaklega að horfið er frá viðmiðum um barngildi á rými og að þess í stað skuli aðstæður á hverjum stað ráða.

Við blasir þó að rými fyrir sérfræðipjónustu inni á leikskólum og vinnuaðstöðu starfsfólks mun kalla á aukinn kostnað og í einhverjum tilvikum hugsanlega þýða fækkun barna svo hægt verði að mæta þessum rýmiskröfum.

### Um 14. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um að leikskólanefnd skuli að fenginni umsögn foreldraráðs staðfesta skólanámsskrá og starfsáætlun. Ekki gætir samræmis milli þessa frumvarps og frumvarps til laga um grunnskóla. Þannig er skólanefnd, sem fer af hálfu sveitarstjórnar með eftirlit með grunnskólum, falið að staðfesta áætlun skóla ár hvert auk þess sem nefndin skal *fylgjast með gerð skólanámsskrár*. Ekki aðeins er leikskólanefnd falið meira hlutverk en skólanefnd skal gagnvart grunnskólum heldur blasir við að þessar nýju skyldur munu hafa í för með sér töluverðan kostnaðarauka enda fer leikskólaráð Reykjavíkurborgar með eftirlit með tæplega 80 leikskólum í borginni. Má velta fyrir sér þörfinni á því að leikskólanefnd staðfesti starfsáætlanir og skólanámsskrár einstakra leikskóla og hvort ekki dugi að starfsáætlanir leikskóla sem og skólanámsskrár séu lagðar fyrir leikskólanefnd til kynningar svo nefndin geti sinnt hlutverki sínu sem er að fara með málefni leikskóla sbr. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

### Um 16. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir persónuupplýsingar sem fyrir liggja um einstakt barn í leikskóla og að gagni geta komið fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla skuli fylgja barninu og skal foreldrum gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun. Nokkri hópa hafa á undanförunum árum unnið að sveigjanlegum skilum milli leik- og grunnskóla og eins samstarfi milli skólastiganna. Í þeirri vinnu hefur ítrekað komið fram að upplýsingar um börn með greiningu eigi að fylgja þeim frá leikskóla upp í grunnskóla. Eðlilegt er hins vegar að leyfi foreldra þurfi fyrir því að aðrar upplýsingar, sem byggja ekki á hlutlægum greiningum heldur huglægu mati starfsfólks, fylgi barninu.

### Um 18. gr., 19. gr. og 20. gr.

Það eftirlit og sú stjórnýsla sem ákvæðið gerir ráð fyrir er flókið og viðamikilið verk sem mun hafa í för með sér verulegan kostnað fyrir sveitarfélögin. Sambærileg ákvæði er að finna í frumvarpi til laga um grunnskóla. Þótt Reykjavíkurborg sé þeirrar skoðunar að mat á gæðum leikskólastarfs sé mikilvægt liggur í hlutarins eðli að matsaðferðir hljóta að vera mismunandi eftir skólastigum. Verður að telja að þær kröfur sem hér eru gerðar til sveitarfélaganna um að framkvæma bæði innra og ytra mat á starfsemi leikskólanna séu allt of miklar. Ætla verður sveitarfélögum ráðrúm til að ákveða sjálf fyrirkomulagið á mati og eftirliti með starfsemi leikskólanna og í því sambandi minnt á að leikskólinn er val, ekki skylda. Miklu skiptir því að ráðherra gæti hófs í miðstýringu við setningu reglugerðar um innra og ytra mat sveitarfélaga sbr. 20. gr. Þá er vandséð að þörf sé á árlegri upplýsingagjöf til ráðuneytis svo það geti sinnt eftirliti sínu og má raunar draga í efa að ráðuneytið gæti unnið úr slíku magni upplýsinga árlega. Ætla verður að nægja myndi að ráðuneytinu væru láttnar upplýsingarnar í té á þriggja ára fresti.

Lagt er til að 1. mgr. 18. gr. verði svohljóðandi:

*„Í hverjum leikskóla fer stöðugt fram með kerfisbundnum hætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsfólks, barna og foreldra eftir því sem við á.“*

Lagt til að 1. mgr. 19. gr. hljóði svo:

*„Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur á þriggja ára fresti.“*

Þá er lagt til að í 2. mgr. 19. gr. falli brott orðalagið „...leitast við að...“ og að málsgreinin verði svohljóðandi:

*„Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“*

### Um 22. gr.

Gerð er athugasemd við orðalag ákvæðisins sem ekki getur talist nægilega skýrt. Skýringar með ákvæðinu virðast einnig vera á nokkrum misskilningi byggðar, m.a. um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Bent er á að 15. gr. leikskólalaga, sem inniheldur sambærilegt orðalag og 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins hefur ekki verið skilin svo að á grundvelli hennar eigi fötluð börn rétt á að leikskóli útvegi t.d. þjónustu sjúkraþjálfara enda er sértæk þjónusta við fatlaða einstaklinga á ábyrgð ríkisins. Í 21. gr. frumvarpsins er hins vegar sagt að stuðlað skuli að því að sérfræðiþjónusta verði veitt innan leikskólans og er markmið þess ákvæðis að auðvelda aðgengi að þeirri þjónustu sem einstök börn þurfa á að halda og draga jafnframt úr álagi á foreldra.

Í 1. mgr. 22. gr. þarf að koma fram að tilgangurinn með sérstakri aðstoð og þjálfun er að tryggja barni leikskólamenntun og að barn fái notið leikskóladvalar. Eins og ákvæðið er orðað er hægt að túlka skyldur sveitarfélaga á mjög víðtækan hátt þannig að skylt sé að útvega barni alla þjónustu sem það kann hugsanlega að þarfnast. Því hljóta hins vegar að vera takmörk sett hvaða sérfræðiþjónustu menntastofnunum á borð við leikskóla er mögulegt að veita. Þeirri ábyrgð sem leikskólastjóra er falin skv. 2. mgr. 22. gr. hljóta einnig að vera einhver takmörk sett og er eðlilegt að

Samræming leikskólastjóra á störfum þeirra sem sjá um málefni einstakra barna takmarkist við það starf sem fram fer innan leikskólans. Nauðsynlegt er að í nefndarálitum sé þetta skýrt nánar, s.s. hvaða takmörkum ábyrgð leikskólastjóra eðli máls sæti.

Að ósekju hefði mátt hafa meiri hliðsjón af orðalagi 17. og 40. gr. frumvarps til laga um grunnskóla við gerð frumvarps til laga um leikskóla. Í 2. mgr. 40. gr. kemur skýrt fram að tilgangur skimunar og athugana á nemendum er að tryggja þeim kennslu og námsaðstoð við hæfi. Sérfræðiþjónusta sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur, sbr. 3. mgr. 40. gr. Nemendur eiga síðan rétt á að komið sé til móts við námslegar þarfir þeirra, sbr. 1. mgr. 17. gr. og rétt á sérstökum stuðningi í samræmi við metnar sérþarfir, sbr. 2. mgr. 17. gr. Skólastjóri skal samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Jafnframt skal stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra nemenda eftir því sem þurfa þykir, sbr. 4. mgr. 40. gr.

#### Um 25. gr.

Reykjavíkurborg hefur haft þann hátt á að gera þjónustusamning við einkarekna leikskóla þar sem kveðið er á um samskipti, eftirlit, styrkfjárhæðir, hámarksgjald í gjaldskrá og skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu. Ákvæði 25. gr. gerir ráð fyrir að um þessi atriði verði fjallað í rekstrarleyfum sem sveitarfélögin gefa út. Af ákvæðinu verður ráðið að sveitarfélögum er ekki ætlað að hafa nein áhrif á gjaldtöku hinna einkarekna leikskóla. Reykjavíkurborg getur ekki fellt sig við það fyrirkomulag og telur mikilvægt að einhver takmörk séu á því hversu hátt gjald einkareknir leikskólar innheimta vegna dvalar barna þar. Í þjónustusamningum sem Reykjavíkurborg hefur gert við einkarekna leikskóla er gert ráð fyrir að gjaldskrá einkarekinna leikskóla geti að hámarki verið 15% hærri en gjaldskrá leikskóla Reykjavíkur. Allar greiðslur Reykjavíkurborgar til einkarekinna leikskóla taka mið af þeirri gjaldskrárstýringu. Mikilvægt er að þessi réttur til að semja við einkarekna leikskóla sé tryggður. Því er lagt til að við 2. mgr. bætist svohljóðandi málsliður:

*„Sveitarstjórnnum er heimilt að gera samning við viðkomandi skóla um fyrirkomulag þjónustu og gjaldtöku.“*

#### Um 27. gr.

Í ákvæðinu er að finna heimild til gjaldtöku fyrir barn í leikskóla. Er með ákvæðinu staðfestur venjuhelgaður réttur sveitarfélaganna til að innheimta þetta gjald.

Með vísan til athugasemda við 25. gr. er lagt til að við 2. mgr. bætist eftirfarandi: „...nema kveðið sé á um slíkt í þjónustusamningi“. Ákvæði 2. mgr. verði því svohljóðandi:

*„Ákvæði þessarar greinar taka ekki til leikskóla sem fengið hafa rekstrarleyfi skv. 25. gr. nema kveðið sé á um slíkt í þjónustusamningi“.*



Kristbjörg Stephensen

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/1164**  
**komudagur 23.1.2008**

s a f n a r á ð

the museum  
council  
of iceland

laufásvegi 12  
101 reykjavík  
sími: 515 9605  
fax: 515 9601

www.safnarad.is  
safnarad@safnarad.is


Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík


Reykjavík 21. janúar 2008  
*Tilvísun: 0801213alp.leikskoli*

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál (heildarlög)**

Á fundi Safnaráðs 15. janúar sl. var fjallað um ofanefnt frumvarp til leikskólalaga. Safnaráð hefur engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Hins vegar leggur Safnaráð áherslu á að mikilvægi menntunarlutverks safna og þá óþrjótandi möguleika sem söfn hafa til þess að „*stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,*“ auk þess sem söfn „*leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífellri þróun*“ svo vísað sé til markmiða leikskólans skv. 2. gr. frumvarps til laga um leikskóla.

f.h. Safnaráðs,

  
Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir,  
starfandi framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 135/1288  
komudagur 30.1.2008

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 28. janúar 2008

0712422SA GB/-  
Tilv.: 346

### **Efni: Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um leikskóla**

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi dags. 14. desember 2007. Um er að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga um leikskóla. Sambandið leggur áherslu á að breytingar verði gerðar á VII. og VIII. kafla frumvarpsins eins og nánari grein verður gerð fyrir í umsögn þessari.

#### **1. Meginbreytingar sem felast í frumvarpinu**

Allmörg nýmæli eru í frumvarpinu. Má nefna ákvæði 7. gr. um þagnarskyldu starfsmanna leikskóla, 8. gr. um símenntun, 11. gr. um foreldraráð, 14. gr. um skólanámskrá og starfsáætlun, 15. gr. um Sprotasjóð skóla, 17.–20. gr. um mat og eftirlit, 27. gr. um gjaldtöku, 28. gr. um samrekstur skóla og 30. gr. um málskotsrétt. Einnig eru allmargar greinar ítarlegri en áður og má þar nefna 4. gr. um sveitarfélög, 6. gr. um starfslið leikskóla, 9. gr. um foreldra, 16. gr. um tengsl leikskóla og grunnskóla, 21.–22. gr. um skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu og 25. gr. um leyfi til reksturs leikskóla.

Margar framangreindra breytinga eru til þess ætlaðar að stuðla að auknum sveigjanleika, fjölbreytni og samfellu í skólastarfi og auknum tengslum við foreldra. Er það álit sambandsins að í meginatriðum muni frumvarpið, verði það að lögum, mynda vandaðri ramma um leikskólastarf heldur en gildandi lög. Í einstökum greinum frumvarpsins er þó gengið of langt í breytingum eins og nánar er vikið að í athugasemdum við einstakar greinar þess. Verður að gera þá kröfu til nýrrar löggjafar að breytingar sem eru íþyngjandi fyrir það stjórnábyrgð sem falið er að annast framkvæmd laganna þjóni skýrum tilgangi og gangi ekki lengra en þörf krefur. Af sambandsins hálfu er jafnframt lögð á það áhersla að löggin verði rammalöggjöf og að standa beri vörð um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga til að ákveða skipulag skólalahalds í hverju sveitarfélagi.

Samband íslenskra sveitarfélaga átti tvo fulltrúa í nefnd sem skilaði tillögu að frumvarpi til menntamálaráðherra í apríl 2007. Vegna mikillar umræðu í fjölmiðlum undanfarið um orðalag í 2. gr. frumvarpsins skal tekið fram að fulltrúar sambandsins töldu ekki ástæðu til að leggjast gegn þeirri breytingu að fella brott orðin „kristilegt siðgæði“ og taka þess í stað upp orðið siðferðisvitund, sbr. c-lið 2. mgr. 2.gr. frumvarpsins.

#### **2. Athugasemdir við einstakar greinar eða kafla**

**Um 4. gr.** Í greininni er gerð ítarlegri grein fyrir hlutverki og ábyrgð sveitarfélaga í leikskólalögum en í gildandi lögum og m.a. kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að setja almenna stefnu um leikskólalahald og kynna fyrir íbúum. Allmargar sveitarstjórnir hafa þegar sett sér slíka stefnu, stundum



sem þátt í almennri skólafélagi sveitarfélaga. Sambandið gerir ekki athugasemd við greinina og telur að í henni felist ekki að öðru leyti nýjar skyldur fyrir sveitarfélögin.

**Um 6. gr.** Lagt er til að í fyrirsögn III. kafla og í fyrirsögn og texta 6. gr. komi orðið *starfsfólk* í stað orðsins „starfslið“. Einnig er vakin athygli á því að í umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarpið er kallað eftir betra samræmi við ákvæði æskulýðslaga og barnaverndarlaga. Tekur sambandið eindregið undir þau sjónarmið og breytingartillögu borgarinnar við 3. mgr. 6. gr.

Meira samræmis hefði mátt gæta í ákvæðum um starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla, sbr. 6. gr. þessa frumvarps, III. kafla frumvarps til laga um grunnskóla, 8. gr. frumvarp til laga um framhaldsskóla. Hið sama má segja um menntunarkröfur til skólastjórnenda, sem nánar er vikið að í umsögn um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þá telur sambandið með öllu óþarft að setja reglugerð um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara gagnvart öðru starfsliði leikskóla, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins, en sambærileg ákvæði eru ekki í hinum frumvörpunum.

**Um 8. gr.** Sambandið telur ástæðulaust að kveða í lögum á um símenntun tiltekinna starfsstétta eins og gert er í greininni, en meginreglan er sú að um slík réttindi er samið í kjarasamningum. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum um leikskóla og leggur sambandið til að 2. mgr. 8. gr. falli brott.

**Um 12. gr.** Allmiklar orðalagsbreytingar koma fram í greininni en þar er m.a. fallið frá ákvæði um svonefnd barngildi, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 225/1995 en þess í stað verði settar í reglugerð lágmarkskröfur um húsnæði og aðbúnað leikskóla. Tilgangur breytingarinnar er þó ekki að fjölga nemendum en m.a. er lögð áhersla á að tekið verði tillit til aldursdreifingar, sérþarfa og dvalartíma barna sem og fjölda starfsfólks. Í lokamálslið 1. mgr. 12. gr. kemur fram ný krafa um að gert verði sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuástöðu starfsfólks en sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Þessi breyting er líkleg til að leiða til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin en hve mikil kostnaðaraukningin verður ræðst af því hvaða kröfur verða gerðar í reglugerð sem menntamálaráðherra setur. Við setningu reglugerðar þarf meðal annars að taka tillit til eldra leikskólahúsnæðis sem ekki uppfyllir kröfur sem gerðar kunna að verða.

**Um 16. gr.** Sambandið telur að 2. mgr. 16. gr. feli í sér mikilvægt nýmæli sem muni draga úr óvissu við meðferð persónuupplýsinga sem máli skipta þegar barn flyst úr leikskóla í grunnskóla. Er jafnframt eðlilegt að foreldrar séu upplýstir um miðlun slíkra upplýsinga milli skólastiga. Í reglugerð sem ráðherra verður heimilt að setja skv. 3. mgr. 16. gr. mætti þó einnig kveða á um hvenær heimilt er að eyða upplýsingum um nemendur. Leggur sambandið til orðalagsbreytingu þannig að reglugerðarheimild í 3. mgr. verði „*um meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga milli skólastiga*“. Er ljóst að mörg sveitarfélög og skólar telja þörf fyrir skýrari reglur um þessi atriði.

**Um VII. kafla.** Í 17.–20. gr. er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs og er um nýmæli að ræða. Sambærileg ákvæði eru í frumvarpi til laga um grunnskóla. Sambandið telur alltof miklar kröfur gerðar í frumvarpinu með því að kveða á um skyldu sveitarfélaga til að framkvæma



innra og ytra mat. Vinna við slíkt mat er bæði flókin og tímafrek og líkleg til að útheimta mikinn tíma hjá stjórnendum leikskóla og sérfræðingum sveitarfélaga í leikskólamállum. Líklegt er að minni sveitarfélög neyðist til þess að fá utanaðkomandi aðila til að framkvæma slíkt mat og verða fyrir miklum kostnaði af þeim sökum. Ef ætlunin er að leggja þessar skyldur á sveitarfélögin er brýn nauðsyn á því að menntamálaráðuneytið gefi út leiðbeiningar eða handbók um matsaðferðir til að auðvelda framkvæmd mats. Sambandið er þeirrar skoðunar að matsaðferðir hljóti að vera mismunandi eftir skólastigum enda er starfsemi leikskóla og grunnskóla um margt ólík. Til dæmis er umönnun stór þáttur í starfi leikskóla og er beinlínis gert ráð fyrir því að nám leikskólabarna fari að stórum hluta fram í leik.

Bent skal á að aukið mat á leikskólastarfi mun ekki eitt og sér ná þeim markmiðum sem fram koma í 17. gr. um að auka gæði eða tryggja réttindi leikskólabarna. Niðurstöður mats geta hins vegar verið mikilvægt tæki sem hafa má hliðsjón af við stefnumótun og getur lagt grunninn að ákvörðunum um þróun skólastarfs. Þörf fyrir árlega upplýsingagjöf til ráðuneytisins mætti vera betur rökstudd og mætti kanna hvort unnt sé að draga úr þeirri skyldu. Til að gera ákvæði kaflans minna íþyngjandi fyrir sveitarfélögin leggur sambandið til að 18. og 19. gr. frumvarpsins falli brott en að kaflinn verði svohljóðandi:

*17. gr. Mat á leikskólastarfi.*

*Sveitarfélög skulu reglulega meta starfsemi leikskóla með tilliti til gæða og árangurs. Markmið mats er að stuðla að auknum gæðum leikskólastarfs og leiða í ljós hvort starfsemi leikskóla uppfylli ákvæði laga, reglugerða, aðalnámskrár og skólastefnu sveitarfélags.*

*Á grundvelli niðurstaðna mats skal nefnd skv. 4. gr. meta þörf fyrir úrbætur og hlutast til um að þær séu gerðar. Haft skal samráð við hlutaðeigandi leikskólastjóra, starfsfólk og foreldra um gerð umbótaáætlana.*

*Sveitarfélög skulu árlega láta menntamálaráðuneytinu í té upplýsingar um framkvæmd skólahlalds, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.*

*20. gr. (verður 18. gr.) Eftirlit menntamálaráðuneytis.*

*Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um starf leikskóla á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 17. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.*

*Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara, aðalnámskrár leikskóla og aðra þætti skólastarfs.*

*Ráðherra setur reglugerð um matsaðferðir sbr. 17. gr. og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.*

**Um VIII. kafla.** Í 21.–23. gr. er fjallað um skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu og eru ákvæðin umtalsvert ítarlegri en ákvæði gildandi laga. Þær breytingar sem þar koma fram eru almennt til bóta og til þess fallnar að bæta þjónustu við þau leikskólabörn sem þurfa á sérfræðipjónustu að halda. Meðal annars er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að sameinast um rekstur sérfræðipjónustu.





Sambandið telur hins vegar mikilvægt að orðalag 22. gr. verði skýrara og að þar verði tekið tillit til þess að hluti sérfræðipjónustu við leikskólabörn er á forræði annarra aðila en sveitarfélaga, svo sem sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talkennsla. Skýringar með greininni virðast einnig vera á nokkrum misskilningi byggðar, m.a. varðandi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Sambandið bendir einnig á að 15. gr. leikskólalaga, sem inniheldur svipað orðalag og 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins hefur ekki verið skilin svo að á grundvelli hennar eigi fötluð börn rétt á að leikskóli útvegi t.d. þjónustu sjúkraþjálfara enda er sértæk þjónusta við fatlaða einstaklinga á ábyrgð ríkisins. Til þess að þau metnaðarfullu markmið náist sem að er stefnt um samþættingu þjónustu við nemendur er þörf á náinni samvinnu við stofnanir ríkisins og sjálfstætt starfandi sérfræðinga en einnig er um mjög íþyngjandi skyldur að ræða fyrir sveitarfélögin. Því hljóta jafnframt að vera takmörk sett hve mikil ábyrgð verður lögð á starfsfólk sveitarfélaga og stjórnendur leikskóla ef samvinna allra aðila gengur ekki sem skyldi.

Í 1. mgr. 22. gr. þarf að koma fram að tilgangurinn með sérstakri aðstoð og þjálfun er að tryggja barni leikskólamenntun og að barn fái notið leikskóladvalar. Eins og ákvæðið er orðað er hægt að túlka skyldur sveitarfélaga á mjög víðtækan hátt þannig að skylt sé að útvega barni alla þjónustu sem það kann hugsanlega að þarfnast. Því hljóta hins vegar að vera takmörk sett hvaða sérfræðipjónustu menntastofnunum á borð við leikskóla er mögulegt að veita. Þeirri ábyrgð sem leikskólastjóra er falin skv. 2. mgr. 22. gr. hljóta einnig að vera einhver takmörk sett og er eðlilegt að samræming skólastjóra á störfum þeirra sem sjá um málefni einstakra barna takmarkist við það starf sem fram fer innan leikskólans. Sambandið telur því ástæðu til að gera athugasemd við það orðalag sem fram kemur í skýringum við 22. gr.

**Um IX. kafla.** Í 24.-29. gr. er fjallað um stofnun og rekstur leikskóla. Er um verulegar breytingar að ræða miðað við ákvæði gildandi laga og almennt til mikilla bóta. Má nefna að í 27. gr. er ákvæði um gjaldtöku en slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum þótt sveitarfélög hafi talið sér heimilt að innheimta slíkt gjald. Ljóst er að gjaldtaka stendur aðeins undir hluta þess kostnaðar sem sveitarfélög bera vegna reksturs leikskóla og eru litlar líkur á að breyting verði þar á vegna þessa ákvæðis.

Með frumvarpinu er skapaður mun skýrari rammi um einkarekna leikskóla en skv. gildandi lögum. Í 25. gr. er ítarlegt ákvæði um heimild sveitarstjórna til að veita einkaaðilum leyfi til reksturs leikskóla og er heimilt að binda leyfi sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda barna. Ef slíkir leikskólar njóta rekstrarframlags frá sveitarfélagi taka reglur sveitarfélags um innritun leikskólabarna, sbr. 26. gr., einnig til einkarekinna leikskóla. Jafnframt getur sveitarstjórn ákveðið að ákvarðanir einkarekinna leikskóla sæti endurskoðun á grundvelli 30. gr.

Mikilvægt nýmæli er í 28. gr. þar sem kveðið er á um samrekstur skóla. Þar er meðal annars opnað á að sveitarfélög reki í einni stofnun, og undir stjórn eins skólastjóra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Einnig eru ítarleg ákvæði um samvinnu sveitarfélaga um rekstur leikskóla. Loks er í 29. gr. nýtt ákvæði um þróunarleikskóla sem er til þess fallið að ýta undir fjölbreytni í leikskólastarfi.



**Um 30. gr.** Í greininni er kveðið á um málskotsrétt til menntamálaráðherra vegna ákvarðana um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, sbr. 22. gr., um aðgang að leikskóla, sbr. 4. og 26. gr., og um gjaldtöku, sbr. 27. gr. Aðrar ákvarðanir verða því ekki kærnanlegar. Í 3. mgr. er menntamálaráðherra heimilað að kveða á um að viðkomandi sveitarfélag skuli breyta kærðri ákvörðun ef hún er ekki talin vera í samræmi við lög. Er hér um nýmæli að ræða sem sambandið telur ekki ástæðu til að leggja gegn. Þá gerir sambandið ekki athugasemd við reglu sem fram kemur í 2. mgr. 30. gr. en þar er sveitarstjórn heimilað að ákveða í samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélags að tiltekna ákvarðanir skuli sæta málskoti til nefndar sem fer með málefni leikskóla áður en ákvörðun verði skotið til menntamálaráðherra. Með því móti má að líkindum leysa úr ýmsum deilumálum á vettvangi sveitarstjórnarstigsins án málskots til ráðherra. Að öðru leyti vísast um þetta nýmæli til athugasemda sambandsins við 47. gr. frumvarps til laga um grunnskóla.


### 3. Kostnaðaráhrif fyrir sveitarfélögin

Eins og fram kemur í fylgiskjali II við frumvarpið hafa menntamálaráðuneytið og Samband Íslenskra sveitarfélaga ákveðið að vinna sameiginlega að því að meta kostnaðaráhrif þeirra lagabreytinga sem frumvarpið hefur í för með sér. Eins og þar kemur fram eru bein kostnaðaráhrif óljós og að verulegu leyti háð aðstæðum og útfærslu mismunandi ákvæða í hverju sveitarfélagi. Niðurstöðu greiningar á hugsanlegri útgjaldaaukningu sveitarfélaga vegna laga-breytinganna verður vísað til úrlausnar á grundvelli samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga eftir því sem tilefni gefst til. Væntir sambandið þess að eiga gott samstarf við menntamálaráðuneytið um þetta mikilvæga verkefni.

Að álit sambandsins gæti framkvæmd innra og ytra mats, sbr. VIII. kafla, reynst sveitarfélögum mjög íþyngjandi og valdið þeim verulegum kostnaði. Kostnaður vegna aukinna verkefna við sérfræðipjónustu, sbr. athugasemdir við 22. gr. frumvarpsins, gæti einnig vaxið mikið ef ákvæðið verður lögfest óbreytt. Fleiri ákvæði frumvarpsins gætu leitt til aukins kostnaðar. Má þar nefna ákvæði 9. gr. um túlkupjónustu við foreldra leikskólabarna og 12. gr. um húsnæði leikskóla. Einnig er mögulegt að einstök ákvæði frumvarpsins geti leitt til hagræðingar í skólahaldi.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögræðisviðs



## Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. \* 710 Seyðisfirði \* Sími 472 1690 \* Fax 472 1691 \* Netfang ssa@ssa.is \* www.ssa.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík .

Seyðisfirði 21. janúar 2008

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/1099**  
**komudagur 22.1.2008**

**Efni : Umsögn SSA til menntamálanefndar Alþingis .**

*Frumvarp : Grunnskólar 285. mál.*

*Frumvarp : Framhaldsskólar 286. mál.*

*Frumvarp : Leikskólar : 287 mál*

*Frumvarp : Menntun og ráðnig kennara 288. mál.*

Stjórn SSA tók fyrir frumvörpin á fundi sínum 18. janúar sl. á Egilsstöðum. Á sama tíma fjallaði stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga einnig um frumvörpin á Egilsstöðum.

Stjórn SSA telur að í heildina eigi frumvörpin það sameiginlegt að bæta skólastarfið á öllum stigum gera það markvissara og auka gæði kennslunnar með þeirri nálgun að menntun allra barna verði sambærileg við það besta sem þekkist í nágrennalöndunum.

Rétt er að benda á að með samþykkt þeirra má ætla að allnokkur kostnaðarauki verði þeim fylgjandi hjá sveitarfélögunum .

Þar má nefna t.d. lengingu kennaranámsins . *Nauðsynlegt er því að fyrir liggja kostnaðarmat á frumvarpi um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda.*

Varðandi Framhaldsskólana , sem eru á hendi ríkisins , og stofnkostnað þeim fylgjandi er það margítrekuð krafa frá sveitarfélögunum að þau verði *leyst undan greiðsluþátttöku í stofnkostnaði framhaldsskólanna .*

*Einnig sú krafa að þau láta af hendi lóðir án endurgjalds.*

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga á að vera skýr og eyða ber öllum gráum svæðum.

**Stjórn SSA gerir ekki athugasemdir við einstaka greinar í frumvörpunum en vísar til ítarlegrar , innsendrar , umsagnar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi frumvörpin 4.**

Virðingarfyllst  
f.h. stjórnar SSA

-----  
Þorvaldur Jóhannsson  
framkvæmdastjóri

## Athugasemd við Frumvarp til laga um leikskóla frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra

Í íslenskum rétti og daglegu lífi er litið á íslenskuna sem sjálfsagðan hlut og sem móðurmál Íslendinga. Íslenska er hins vegar mál sem heyrnarlaus börn hafa ekki aðgang að eða hafa lélegan aðgang að á máltökualdri.

Í hæstaréttardómi (H.1999:390) um inntak skyldna opinberra aðila, á grundvelli laganna um málefni fatlaðra og mannréttinda og jafnræðisreglna, kemur fram að það eru lögfestar skyldur opinberra aðila að stuðla að jafnrétti fatlaðra og varða þær skyldur heyrnarlausra eins og aðra fatlaða. Heyrnarlaus og heyrnarskert börn þurfa að hafa aðgang að máli til þess að þau geti búið við jafnrétti í leikskóla og grunnskóla. Í öðrum dómi (H.1999:2015) um inntak kosningaréttarins kemur fram tímamótaniðurstaða um viðurkenningu íslenska táknmálsins. Þar gengur Hæstiréttur út frá því að íslenska táknmálið sé móðurmál heyrnarlausra. Við þessa ályktun er enginn fyrirvari settur í dómnum. Þarna viðurkennir Hæstiréttur í raun að íslenska móðurmálið er ekki eitt heldur tvö. Það er að segja íslenska annars vegar og íslenska táknmálið hins vegar. Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla hefur verið lýst kennslu barna sem tala táknmál. Þar er litið svo á að þau séu tvítyngd og móðurmál þeirra séu íslenskt táknmál og íslenska.

Í lögum um leikskóla skortir á að réttur heyrnarlausra leikskólabarna til máls sé tryggður. Reynslan sýnir að almenn vísun til fatlaðra eða langveikra tryggir alls ekki að máltaka heyrnarlausra verði hnökralaus. Benda má á að markmið 2. gr. laga um leikskóla ná ekki til heyrnarlausra og alvarlega heyrnarskertra barna nema að fjallað sé sérstaklega um málréttindi þeirra. Í IV. kafla grunnskólalaga er fjallað um rétt nemenda. Það er athyglisvert að ekki er fjallað um hann í Frumvarpi til laga um leikskóla en vel mætti hugsa sér að þar væri tryggður réttur heyrnarlausra og heyrnarskertra barna til máls. Ráðstafanir til að tryggja hnökralausa máltöku barnanna verða að koma til á máltökuskeiði þeirra og það er ekki nóg að vísa til þess að hugsanlega verði sett sérlög til að tryggja máltöku sbr. *Um 2. gr. leikskólalaga bls 16 „...að ekki væri rétt að ákvæði um réttindi ákveðinna hópa umfram aðra væru sett inn í rammalöggjöf fyrir leikskóla, heldur ætti að kveða á um slík réttindi í þar til gerðum sérlögum.“* og er þarna m.a. átt við „börn sem nota táknmál“.

Þess ber að geta að staða barna sem tala táknmál og eiga það sem sitt fyrsta mál / móðurmál er afar ólík stöðu allra annarra barna og mikil hættu er á að máltaka þeirra verði veik ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir og að réttur þeirra til máls sé skýlaust tryggður. Börnin, sem um ræðir, eiga t.d. í flestum tilvikum ekki foreldra eða fjölskyldu sem tala mál sem þau hafa aðgang að. Það er þess vegna mikilvægt að lög tryggi að þau eignist móðurmál. Þá er ekki verið að tala um „réttindi umfram aðra“ heldur lágmarks réttindi. Eins og fyrr segir er þessi réttur ekki tryggður nú og reynslan sýnir að heyrnarlaus og heyrnarskert börn hafa í mörgum tilvikum alls ekki náð eðlilegum málþroska við upphaf grunnskóla. Í greinargerð um Frumvarp til laga um leikskóla er talað um „börn sem nota táknmál“ í sömu andrá og langveik börn. Það er einmitt útbreitt og almennt viðhorf að heyrnarleysi sé læknisfræðilegt vandamál og að táknmál sé aðferð

eða hjálpartæki til að fást við það. Einmitt þetta viðhorf kemur í veg fyrir að táknmál og menning heyrnarlausra njóti viðurkenningar og að heyrnarlaus og heyrnarskert börn nái þeim þroska sem leikskólinn á að tryggja þeim.

Við upphaf grunnskóla er gert ráð fyrir að börn hafi náð ákveðinni færni í táknmáli og námsskrá grunnskólans byggir á því að börnin hafi fengið eðlilega málþróun á leikskólaaldrinum. Í grunnskóla er táknmál kennslumál barna. Gæta þarf þess að tryggja máltöku og málþroska barnanna í leikskólanum og að sköpuð sé samfella í lögum um leik- og grunnskóla.

Valgerður Stefánsdóttir forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra



Alþingi  
Nefndasvið

150 Reykjavík

GSE/ag

Reykjavík 22. 01. 2008

**Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarp um leikskóla og grunnskóla og frumvarp um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.**

Samtök atvinnulífsins telja ofangreind frumvörp almennt talið horfa til framfara í skólastarfi. Miklar kröfur eru gerðar til menntastofnana samfélagsins um að þær skili velmenntuðum og þroskuðum einstaklingum með margs konar færni til að takast á við áskoranir í starfi og einkalífi. Með frumvörpunum er m.a. settur rammi um starf í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, tengsl og gagnvirkt samstarf skólastiganna skýrt, jafnframt því sem lögð er aukin áhersla á mikilvægi eftirlits og mats á gæðum skólastarfs. Samtök atvinnulífsins telja frumvörpin í meginatriðum í samræmi stefnumótunar atvinnulífsins í menntamálum en þar segir m.a.

Menntakerfið, skólar og fræðslufyrirtæki, er mikilvægt þjónustutæki til að byggja upp og viðhalda þekkingu sem nýtist í atvinnulífinu. Öll skólastig skipta máli.

Á leikskólastigi og í yngri bekkjum grunnskóla er æskilegt að efla vitneskju um atvinnulífið og leggja grunn að viðhorfi jafnt drengja sem stúlkna til þeirra tækifæra sem bjóðast í atvinnulífi.

Í grunnskólum er eðlilegt að fræðsla um atvinnulífið sé þáttur í lífsleikni. Kannanir sýna að frumkvöðlaeðlið er ríkt í íslensku þjóðinni og mikilvægt er að hlúa að þeirri sérstöðu, verðlauna framtakssemi og árangur og hvetja nemendur til dáða.

Halda þarf áfram að innleiða hugsunarhátt samkeppni um þjónustu, gæði og velferð nemenda. Hraðfara hnattvæðing gerir kröfur um sveigjanlegt og viðbragðsfljótt menntakerfi. Gera þarf einstökum skólum kleift að bera sig saman við aðra skóla með velferð nemenda að leiðarljósi. Skólar eiga að veita sem besta þjónustu og starfsemi þeirra þarf í auknum mæli að miðast við ólíkar þarfir nemenda. Möguleiki þarf að vera fyrir hendi til að umbuna framsæknum og þjónustumiðuðum skólum og kennurum. Eðlilegt er að árangur kennara verði metinn ekki síður en nemenda.

Með gæði, þjónustu og velferð einstaklinga að leiðarljósi ber stjórnvöldum að kaupa þjónustu á sviði fræðslu og menntunar af þeim fræðslufyrirtækjum sem neytendur þjónustunnar helst kjósa. Rekstrarform slíkra fyrirtækja getur verið með ýmsu móti, en stjórnvöld setji reglur um starfsemi skóla og veiti þeim aðhald og eftirlit. Auka þarf stjórnunarrétt og ábyrgð stjórnenda í skólum og öðrum menntafyrirtækjum sem nú eru í opinberum rekstri.

Sjá nánar á vef SA í kaflanum um málefni.



Í þessari umsögn eru ekki gerðar athugasemdir við einstakar greinar einstakra frumvarps eins og í umsögn um frumvarp um framhaldsskóla. Athugasemdir við þessi frumvörp lúta að þrennu:

1. Samtök atvinnulífsins hafa efasemdir um réttmæti þess að binda afdráttalaust í lög menntunarskilyrði fyrir ráðningu leiksskólastjóra, aðstoðarleiksskólastjóra, grunnskólastjóra, aðstoðarskólastjóra grunnskóla, og stjórnendur framhaldsskóla samanber umsögn samtakanna um frumvarp til laga um framhaldsskóla. Samtökin eru andvíg því að binda hendur þeirra sem bera ábyrgð á því að reka skólana með þessu hætti. Þeim á að treysta til að velja hæfasta einstaklinginn til starfans hverju sinni. Skólastjórnun er oftast að stærstum hluta rekstur og ekki ástæða er til að takmarka með lögum hverjir geti orðið skólastjórar.
2. Samtök atvinnulífsins telja það skipta máli að í lögum um þetta efni sé sveigjanleiki þannig að skólstjórnendum sé unnt að ráða og halda lengur en ár í senn í fólk með margskonar menntun og fjölbreytilega reynslu sem nýtist til kennslustarfa þótt hún jafngildi ekki meistaraprófi eða öðrum viðmiðum sem kveðið er á um m.a. í 3., 4. og 5. grein frumvarpsins um menntun og ráðningu kennara og skólstjórnenda.
3. Samtök atvinnulífsins telja fráleitt að ákvæði stjórnsýslulaga gildi um viðurlög við brotum á skólareglum eins og skilja má 14. gr og 47. grein frumvarps til laga um grunnskóla. Gerð er athugasemd við ákvæði þessa veru í 33. grein framhaldsskólafrumvarpsins og dregið í efa að það sé vilji löggjafans að viðlög við brotum á skólareglum þurfi að fela í sér slíka skriffinnsku og takmörkun á boðvaldi stjórnenda skóla. Þær athugasemdir eiga við um ofangreindar greinar grunnskólafrumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Guðrún S. Eyjólfisdóttir verkefnastjóri

**Aðsetur:**  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

**Sími:**  
591 00 00

**Bréfasími:**  
591 00 50

**Netfang:**  
sa@sa.is

**Veffang:**  
www.sa.is





Til Alþingis

Umsögn um frumvörp

**... um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda  
... um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla**


Stjórn Samtaka áhugafólks um skólaþróun fagnar tækifæri til að veita umsögn um frumvörpin. Stjórnarmenn eru sammála um að í heild marki þessi löggjöf mörg jákvæð skref fram á við. Sem dæmi má nefna ákvæði um samrekstur leik- og grunnskóla, foreldraráð við leikskóla, skólaráð við grunnskóla og aukið sjálfstæði framhaldsskólanna til að móta námskrár sínar. Þá eru mikilvæg ný ákvæði um fræðsluskyldu til 18 ára aldurs og um sveigjanleg skil á milli skólastiga.

Stjórnin lýsir sérstökum stuðningi við ákvæði um sprotasjóð skóla, en leggur um leið áherslu á að sjóðnum verði tryggðar fjárveitingar sem dugi til að styðja við veigamikil þróunarverkefni. Því miður hafa þróunarsjóðir skólastiganna til þessa haft yfir mjög takmörkuðu fjármagni á ráða, og styrkir verið allt of litlir.

Efasemdir stjórnarmanna beinast helst að óljósum ákvæðum um framkvæmd ytra mats. Þau ákvæði þarf að skerpa. Þá bendir stjórnin á að það kunnist að hamlar þróun grunnskólastarfs að binda í lög í hvaða greinum og árgöngum samræmd próf séu haldin. Eðlilegra er að fela Námsmatsstofnun, eða öðrum aðila sem ráðherra ákveður, að taka ákvörðun um þetta í samráði við menntamálaráðuneytið.

Reykjavík 18. janúar 2008,

f.h. Samtaka áhugafólks um skólaþróun,

  
Ingvar Sigurgeirsson  
ritari





## SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

*Alþingi*

*Erindi nr. P 135/1198*

*komudagur 24.1.2008*

Selfossi, 22. janúar 2008

0710005SA ÞH

Nefndasvið Alþingis  
Menntamálanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

### **Efni: Umsögn um frumvarp til leikskóla, 287. mál**

Hér á eftir fer umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um leikskóla 287. mál, skv. beiðni menntamálanefndar Alþingis, sbr. bréf dags. 14. desember 2007.

### **Almennt um frumvörp til laga um grunn- og leikskóla**

Það er fagnaðarefni að í frumvörpunum er gert ráð fyrir auknu sjálfstæði og frelsi sveitarfélaga varðandi skólarekstur. Einnig er ánægjulegt að stjórnunarábyrgð skólastjóra er aukin og hlutverk þeirra fært nær stjórnunarhlutverki annarra stjórnenda stofnana.

Möguleikinn á samrekstri leik-, grunn- og tónlistarskóla er mál sem sveitarfélögin hafa lengi óskað eftir og getur það þýtt hagræðingu og sparnað fyrir sveitarfélögin, ekki síst þau minni, og eykur verulega sveigjanleika í rekstrarformi skólaeininga, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. (16. gr. um leikskóla og 45. gr. um grunnskóla). Þar er einnig kveðið á um heimild sveitarfélaga til að standa saman að rekstri skóla.

Lagagreinar um hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga varðandi ytra mat á skólastarfi eru nýjar af nálinni. Þar gæti verið um umtalsverðan kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin að ræða og þarf að gefa sérstakan gaum að því að hlutverk sveitarfélaga sé vel skilgreint, sem og þau verkefni sem felast í þessum greinum og að þeim fylgi fjármagn sem nemur kostnaði. Ytra mat var áður á hendi menntamálaráðuneytis. Sveitarfélögin hafa gagnrýnt að menntamálaráðuneytið hafi ekki staðið sig hvað varðar eftirlit með skólastarfi og nauðsynlega eftirfylgd. Þetta verkefni ætti því ekki að vera verr komið á höndum sveitarfélaga ef því fylgir nauðsynlegt fjármagn. Nauðsynlegt er þó að hafa í huga að minni sveitarfélög hafa ekki endilega stofnanir eða



sérfræðinga til að sinna þessu hlutverki og þurfa þau sveitarfélög að bregðast skjótt við verði frumvarpið að lögum.

Sprotasjóður sem styðja á við þróun og nýjungar í skólastarfi verður sameiginlegur fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hann getur orðið góður stuðningur við skóla vegna nýbreytni og þróunar, ekki síst hvað varðar skóla í tekjulitlum sveitarfélögum. Sprotasjóður tekur við af Próunarsjóði grunnskóla sem eingöngu var fyrir grunnskóla.

Í frumvörpunum er kveðið sérstaklega á að stjórnendur og kennarar skuli njóta símenntunar. Símenntun er orðin sjálfsgættur hluti af starfsmannastefnu hvers sveitarfélags nær til allra starfsmanna sveitarfélaganna. Þessi ákvæði ættu að vera óþörf.

### ***Leikskólafrumvarpið***

11. gr. um stofnun foreldraráðs er einkennileg í ljósi þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir möguleika á samrekstri skóla og því nauðsynlegt að samræma þau ráð og nefndir sem standa að, eða aðild að, skólastarfi. Í grunnskólafrumvarpinu er gert ráð fyrir stofnun skólaráðs sem leysir af hólmi bæði kennararáð og foreldraráð og hefði verið eðlilegt að hafa sams konar skólaráð í leikskólanum.

Í 12. gr. eru reglur um skólahúsnæði og aðstöðu gerðar opnari en áður var og er það vel. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að felld verði út í reglugerð ákvæði um barngildisútreikninga og er það í samræmi við aukið sjálfstæði og sjálfsforræði sveitarfélaga í skólamálum. Ekki er þó gert ráð fyrir fjölgun barna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknu rými fyrir sérfræðipjónustu og aukinni vinnuástöðu starfsfólks sem getur kallað á aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin. Gæta verður hófs í ákvæðum um þessi mál við setningu reglugerðar og mikilvægt að tekið sé tillit til eldra skólahúsnæðis þar sem erfitt er að uppfylla þessar kröfur. (Þetta er ekki alvarlegt vandamál á Suðurlandi þar sem sérfræðipjónustan hefur verið veitt inni í skólunum frá upphafi og því gert ráð fyrir að hægt sé að sinna henni þar í flestum skólum).

7. gr. um þagnarskyldu, 9. gr. um foreldra og 16. gr. um tengsl leikskóla og grunnskóla gera ráð fyrir ríkri skyldu allra þeirra sem að uppeldi og skólagöngu barna koma til að hafa hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og gera þeim skylt að sjá til þess að þær upplýsingar sem hafa þýðingu varðandi skólagöngu og velferð barns fylgi því til og milli skólastiga og lögð er rík áhersla á þagnarskyldu og trúnað starfsmanna. Upplýsingagjöf um hagi barns er öllum aðilum til hagsbóta sé trúnaðar og tillitsemi gætt.

23. gr. um sérfræðipjónustu gerir sveitarfélögum skylt að veita leikskólum, börnum þar og starfsfólki sérfræðipjónustu við hæfi og sinna eftirliti með



starfsemi leikskóla. Þetta er mikilvægt atriði og ekki vert að mótmæla því. Þó ber að athuga að ekki hafa öll sveitarfélög sérfræðinga til að sinna slíkri þjónustu og þurfa þau að bregðast við því. Þessi grein getur haft talsverðan kostnaðarauka í för með sér fyrir sveitarfélögin, þó svo að mörg þeirra sinni þegar þessari þjónustu. (Sérfræðiþjónusta á starfssvæði Skólaskrifstofu Suðurlands er þegar rekin með þessum hætti, þ.e. þjónustunni er sinnt í leikskólunum, en SKS hefur ekki stjórnsýsluvald til að sinna eftirliti og fylgja eftir að ráðgjöf sérfræðinga sé sinnt).


25. gr. fjallar um leyfi til rekstur leikskóla. Í greininni er kveðið á um heimild til að reksturs einkarekinna leikskóla og þeim settur skýr rammi. Þetta ákvæði er tímabært enda víða reknir einkareknir leikskólar.

27. gr. fjallar um gjaldtöku og er nú kveðið skýrt á um heimild sveitarstjórnar til að ákveða gjaldtöku fyrir barn í leikskóla. Þetta er til bóta og færir lögin nær þeim veruleika sem þegar er fyrir hendi í sveitarfélögunum.

30. gr. fjallar um málskotsrétt. Þar er kveðið á um að málskotsréttur til menntamálaráðherra sé vegna ákvarðana um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, sbr. 22. gr., um aðgang að leikskóla, sbr. 4. og 26. gr. og um gjaldtöku sbr. 27. gr. Aðrar ákvarðanir verða því ekki kærnanlegar til ráðuneytisins, nema þeir séu ekki taldar vera í samræmi við lög. Hins vegar er gert ráð fyrir málskotsrétti til nefndar sem fjallar um leikskólamála og sveitarstjórnarstiginu. Hér er verið að skýra hlutverk aðila og er það vel.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri



SELTJARNARNESBÆR

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1162  
komudagur 23. 2008

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Seltjarnarnes, 22. janúar 2008  
Tilvísun 2007120043/220

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál.

Til menntamálanefndar Alþingis:

Almennt: Seltjarnarneskaupstaður fagnar framkomnu frumvarpi til laga um leikskóla og teiur það bæði til mikilla bóta ásamt því að skapa ný tækifæri til að efla menntun nemenda í íslenskum skólum. Hinn aukni sveigjanleiki og flæði milli skólastiga sem í frumvarpinu má finna er í senn ánægjuleg áskorun spennandi úrlausnarefni fyrir alla þá er að leik-, grunn- og framhaldsskólastarfi koma. Sú viðleitni í frumvarpinu að samræma lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla að nokkru leyti er til bóta en þar hefði hugsanlega mátt ganga enn lengra á mörgum sviðum. Seltjarnarneskaupstaður bendir á að ýmsir þættir í frumvarpinu gefa tilefni til að verkefna- og tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð á gagnrýninn hátt.

11.gr.: Bent er á að æskilegt væri að kveðið væri á um sams konar fyrirkomulag varðandi aðkomu foreldra á öllum skólastigum, þ.e. annað hvort foreldraráð eða skólaráð.

12. gr.: Í greininni er gert ráð fyrir rými vegna sérfræðiþjónustu og vinnuaðstöðu starfsfólks en slík ákvæði hafa ekki verið í lögum um leikskóla hingað til. Við gerð reglugerðar þarf að meta kostnað sem af þessu skapast fyrir sveitarfélög m.t.t. eldri leikskólabygginga sem hugsanlega uppfylla ekki þessi ákvæði.

14. gr.: Bent er á að æskilegt væri að samræmi væri í orðalagi á milli skólastiga, þ.e. að sá hluti 14. gr. leikskólalaga, 29. greinar grunnskólalaga og 22. greinar framhaldsskólalaga er fjalla um skólanámskrá, starfsáætlun og umsagnar- og staðfestingarferli þeirra væri eins á öllum skólastigum.

17. og 18. gr.: Jákvætt er að skerpt skuli á mikilvægi mats á skólastarfi. Framkvæmd á vönduðu innra- og ytra mati á skólastarfi er vandasöm og getur leitt til umtalsverðs kostnaðarauka fyrir sveitarfélög. Við útfærslu reglugerðar þarf að huga vandlega að því að mælt verði fyrir um raunhæfar útfærslur og leitast verði við að skapa gegnsætt, skilvirkt kerfi.

Virðingarfyllst

Óskar J. Sandholt

framkvæmdastjóri fræðslu-, menningar- og þróunarsviðs



## SIÐMENNT Félag siðrænna húmanista á Íslandi

Umsögn um frumvörp til laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Siðmennt félag siðrænna húmanista á Íslandi fagnar sérstaklega eftirfarandi breytingum á lögum um leikskóla og grunnskóla:

X

Í frumvarpi til laga um leikskóla er í 2. gr. Gert ráð fyrir að orðið “siðferðisvitund” verði notað í stað orðalagsins “kristilegt siðgæði”.

Í frumvarpi til laga um grunnskóla er gerð tillaga um breytt orðalag þannig að í stað orðalagsins “kristilegs siðgæðis” í núverandi lögum verði: “Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.”

**Siðmennt styður þessar breytingar og eru helstu rök félagsins eftirfarandi:**  
Skólar eru og eiga að vera veraldlegar stofnanir. Í landinu er skólaskylda og það getur því hvorki verið rétt né sanngjarnt að starfshættir skóla skuli taka mið af siðferðisgildum eins trúar- eða lífsskoðanahóps. Slíkt brýtur að mati félagsins í bága við mannréttindi. Siðmennt ítrekar þá afstöðu sína að það er mannréttindamál að skólastarf skuli mótast af almennu góðu siðgæði en ekki kristilegu og breytir engu þar um hvort í skólum landsins séu eingöngu íslendingar eða aukinn fjöldi nemenda af erlendum uppruna sem aðhyllist önnur trúarbrögð en kristni.

Fagnar Siðmennt því í frumvarpi til laga um grunnskóla 15. gr. að þátttaka í starfi trúar- eða lífsskoðanafélögum s.s. með ferðalögum, sbr. fermingarferðalögum er ekki talin gild ástæða til þess að fá leyfi frá skólasókn.

Fagnar Siðmennt jafnframt eftirfarandi orðum í 24. gr.: “Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.”

Reykjavík 18. janúar 2008  
F.h. stjórnar Siðmenntar

Jóhann Björnsson

**SIÐMENNT ER AÐILI AÐ EFTIRFARANDI SAMTÖKUM:**

IHEU – International Humanist and Ethical Union

EHF – European Humanist Federation

MRSÍ – Mannréttindaskrifstofu Íslands

Alþingi  
b.t. menntamálanefndar  
Austurstræti 8 – 10  
101 Reykjavík

Efni:

Umsögn Skólanefndar Snæfellsbæjar um frumvarp til laga um leikskóla

1. Skólanefnd Snæfellsbæjar hefur skoðað frumvarpið og vill gera athugasemdir við nokkra þætti.  
Skólanefnd lýsir yfir stuðningi við þá athugasemd sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur þegar gefið út þar sem segir:

*Margar framangreindra breytinga eru til þess ætlaðar að stuðla að auknum sveigjanleika, fjölbreytni og samfelli í skólastarfi og auknum tengslum við foreldra. Er það álit sambandsins að í meginatriðum muni frumvarpið, verði það að lögum, mynda vandaðri ramma um leikskólastarf heldur en gildandi lög. Í einstökum greinum frumvarpsins er þó gengið of langt í breytingum eins og nánar er vikið að í athugasemdum við einstakar greinar þess. Verður að gera þá kröfu til nýrrar löggjafar að breytingar sem eru íþyngjandi fyrir það stjórnarsýslustig sem falið er að annast framkvæmd laganna þjóni skýrum tilgangi og gangi ekki lengra en þörf krefur. Af sambandsins hálfu er jafnframt lögð á það áhersla að lögin verði rammalöggjöf og að standa beri vörð um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga til að ákveða skipulag skólalalds í hverju sveitarfélagi.*

Sérstaklega gerir skólanefnd athugasemdir við þá þætti frumvarpsins sem bera með sér aukin útgjöld fyrir sveitarfélögin.

Skólanefnd telur að lögin verði að vera rammalöggjöf sem verði að hafa í sér sveigjanleika fyrir sveitarfélögin enda eru aðstæður lítilla sveitarfélaga algerlega ósambærilegar við stóru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Ýmsir þættir geta vissulega verið til bóta fyrir stærri og flóknari sveitarfélög, en á sama tíma flækt stjórnarsýslu og verið íþyngjandi fyrir minni einingar víða um land.

Skólanefnd átti fundi með stjórnendum beggja leikskóla sveitarfélagsins og fylgja athugasemdir þeirra með skjali þessu.

2. Athugasemdir skólanefndar við einstakar greinar eða kafla:

**6.grein:**

Skólanefnd lýsir yfir áhyggjum sínum yfir auknum menntunarkröfum leik- og grunnskólakennara sem tengjast þessu frumvarpi. Skólanefnd telur að þrátt fyrir háleit markmið um menntun í samræmi við störf og ábyrgð komi sú löggjöf ekki til með að ná markmiðum sínum og sennilega verða til skaða þegar allt komi til alls. Þegar farið er að

krefjast meistaraþrófs til að mega nota starfsheitið leikskólakennari er búið að lengja námið verulega, með óhjákvæmilegum kostnaði. Þetta telur skólanefnd að muni fækka þeim sem leggja námið fyrir sig og minnka stórlega framboð viðurkenndra leikskólakennara. Afleiðingar þess verða að leikskólana verður að reka með hærri hlutfalli ófaglærðra leiðbeinenda og þá hefur umrædd löggjöf þveröfug áhrif en til var ætlast. Auk þessara afleiðinga mun það verða til óþæginda að þetta mun hækka hlutfall lausráðinna starfsmanna, með tilheyrandi óvissu fyrir bæði starfsfólk, foreldra og stjórnendur leikskólanna.

Skólanefnd telur með öllu óþarft að setja reglugerð um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara gagnvart öðru starfsliði leikskóla, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni með síðustu málsgrein 6. greinar.

### **8. grein, símenntun:**

Skólanefnd tekur undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að lítil ástæða sé til að kveða á í lögum um símenntun einstakra starfsstétta enda er samið um slík réttindi í kjarasamningum. Hins vegar telur skólanefnd að ef úr verður þá þurfi að kveða skýrt á um framlag á fjárlögum til símenntunar leik/grunnskólakennara. Hér er um að ræða kostnaðarauka sem er íþyngjandi fyrir sveitarfélögin, enda þótt gagnlegur kunni að verða fyrir leikskólastarfið.

### **11. grein. Foreldraráð**

Hér telur skólanefnd að verið sé að miða eingöngu við stærri og flóknari sveitarfélög og kallar eftir ákvæði sem býður upp á meiri sveigjanleika í framkvæmd. Skólanefnd leggur til möguleika á að stjórn foreldrafélags eða skólanefndar geti tekið að sér hlutverk foreldraráðs, að beiðni leikskólastjóra og sveitastjórna.

Þættir sem eru til einföldunar og aukinnar skilvirkni í stærri sveitarfélögum geta leitt til hins gagnstæða í hinum minni.

### **12. grein. Skólahúsnæði og aðstaða í leikskólum**

Þessi breyting er líkleg til að leiða til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin en hve mikil kostnaðaraukningin verður ræðst af því hvaða kröfur verða gerðar í reglugerð sem menntamálaráðherra setur. Skólanefnd er mótfallin slíkum breytingum nema skýrt sé kveðið á um að fjármagn til endurbóta komi úr ríkissjóði.

### **Um VII kafla: Mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs.**

Skólanefnd tekur heils hugar undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga en í atugasemd þaðan segir:

*Um VII. kafla. Í 17.–20. gr. er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs og er um nýmæli að ræða. Sambærileg ákvæði eru í frumvarpi til laga um grunnskóla. Sambandið telur alltof miklar kröfur gerðar í frumvarpinu með því að kveða á um skyldu sveitarfélaga til að framkvæma innra og ytra mat. Vinna við slíkt mat er bæði flókin og tímafrek og líkleg til*

*að útheimta mikinn tíma hjá stjórnendum leikskóla og sérfræðingum sveitarfélaga í leikskólamállum. Líklegt er að minni sveitarfélög neyðist til þess að fá utanaðkomandi aðila til að framkvæma slíkt mat og verða fyrir miklum kostnaði af þeim sökum. Ef ætlunin er að leggja þessar skyldur á sveitarfélögin er brýn nauðsyn á því að menntamálaráðuneytið gefi út leiðbeiningar eða handbók um matsaðferðir til að auðvelda framkvæmd mats. Sambandið er þeirrar skoðunar að matsaðferðir hljóti að vera mismunandi eftir skólastigum enda er starfsemi leikskóla og grunnskóla um margt ólík. Til dæmis er umönnun stór þáttur í starfi leikskóla og er beinlínis gert ráð fyrir því að nám leikskólabarna fari að stórum hluta fram í leik.*

*Bent skal á að aukið mat á leikskólastarfi mun ekki eitt og sér ná þeim markmiðum sem fram koma í 17. gr. um að auka gæði eða tryggja réttindi leikskólabarna. Niðurstöður mats geta hins vegar verið mikilvægt tæki sem hafa má hliðsjón af við stefnumótun og getur lagt grunninn að ákvörðunum um þróun skólastarfs. Þörf fyrir árlega upplýsingagjöf til ráðuneytisins mætti vera betur rökstudd og mætti kanna hvort unnt sé að draga úr þeirri skyldu.*

Skólanefnd Snæfellsbæjar tekur heilshugar undir þetta og gerir þar með þessa athugasemd að sinni.

#### **22. - 23. grein. Sérfræðipjónusta og Sérfræðingar í skólamállum:**

Þær breytingar sem hér koma fram eru almennt til bóta og til þess fallnar að bæta þjónustu við þau leikskólaborn sem þurfa á sérfræðipjónustu að halda. Meðal annars er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að sameinast um rekstur sérfræðipjónustu.

Skólanefnd telur hins vegar mikilvægt að orðalag 22. gr. verði skýrara og að þar verði tekið tillit til þess að hluti sérfræðipjónustu við leikskólaborn er á forræði annarra aðila en sveitarfélaga, svo sem sjúkrahjálfun, iðjuþjálfun og talkennsla.

Í 23. grein er kveðið á um sérfræðing sem skólanefnd telur að verði að hafa sérfræðipækkingu bæði á leikskóla og grunnskólamállum.

Augljóst er að þessar greinar munu hafa mikinn kostnaðarauka í för með sér fyrir sveitarfélögin og kallar skólanefnd eftir því að gerð verði grein fyrir því hvaðan fjármagnið kemur. Sérfræðipjónusta þessi þarf að mati skólanefndar að verða greidd úr ríkissjóði, verði greinar þessar samþykktar óbreyttar. Aðstæður á höfuðborgarsvæðinu gera það að verkum að þessi sérfræðipjónusta mun verða mun ódýrari þar en í dreifbýlinu þar sem vegalengdir og samgöngur eru erfiðari, sem gerir þjónustuna dýrari þar þrátt fyrir að sveitarfélög sameinist um reksturinn.

**Aðrar athugasemdir gerir skólanefnd ekki við frumvarpið. Athugasemdir leikskólastjórnenda eru á næstu síðum.**

**F.h. skólanefndar  
Örvar Már Marteinsson**



Frumvarp til laga um starfsemi leikskóla.

Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar á Krílakoti og Kríubóli lásu þetta yfir og gerðu eftirfarandi athugasemdir:

1. gr. Gildissvið.  
Skólaskylda þarf í raun elsta árganginn í leikskólanum, fyrst leikskólinn á að teljast fyrsta skólastigið – kæmi sér betur fyrir sveitarfélögin. Einn grunntími- eitt grunngjald sem væri gjaldfrjálst fyrir elsta árganginn.
- 4.gr. Sveitafélög.  
Góð grein. Sveitarfélög þurfa að móta sér stefnu um leikskólalagd – mjög þarft.
- 8.gr. Símenntun.  
Stór auka þarf símenntunarkvótann inn á leikskólunum
11. gr. Foreldraráð.  
Skýrt verður að vera að Leikskólaráð á að hafa umsjón með að farið sé eftir gildandi lögum og reglum um leikskóla – ekki leiðunum sem eru valdar.
- 12.gr. Skólahúsnæði og aðstaða í leikskólum.  
Skoða þarf hvern skóla fyrir sig og skoða aðstöðu til sérkennslunar og starfsmannahalds. Vantar reglugerðina til nánari útskýringar.
- 21.gr. Skipulag sérfræðipjónustu.  
kveðið er á um “ en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskólans”  
Ath. fyrir leikskóla líka, þessi aðili verður að hafa skilning á sérfræðipjónustu fyrir leikskóla.
- 23.gr. Sérfræðingar í skólamálum.  
Góð grein. – Starfandi verður að vera leikskólafulltrúi, þ.a.s. hafa grunn sem leikskólakennari og þar með þekkingu og reynslu um starfsemi leikskóla.
- 26.gr. Leikskóladvöl.  
Snæfellsbær þarf að setja sér reglum um úthlun á plássum er umsóknir berast frá öðrum sveitafélögum.

Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar á Krílakoti og Kríubóli lásu þetta yfir og gerðu eftirfarandi athugasemdir:

9. gr. Að lágmarki skulu 2/3 hlutar stöðugilda hvers leikskóla teljast til leikskólakennara. Gott en bennt er á að lágmarki. Mæti í raun bara vera að stöðugildin við leikskólana ættu að vera mönnum leikskólakennurum. En ef þeir fást ekki þá má ráða ófaglært starfsfólk í ár í senn, taka út (2/3).
  
20. gr. Góð grein - Sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikslólakennarastarf, leikskólastjórarstarf eða aðstoðarleikskólastarf er heimilt að lausráða í starfið, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem er ekki leikskólakennari.

Steinunn Ingibjörnsdóttir, Brynja Mjöll Ólafsdóttir,  
Ingigerður Stefánsdóttir og Hermína K. Lárusdóttir



### **Frumvarp til laga um leikskóla, þskj. 321 - 287. Mál - Umsögn**

21.gr., 3. málsg.: Mikilvægt er að í reglugerð sé tekið tillit til sérþarfa langveikra barna og barna sem búa við síðbúnar afleiðingar af völdum krabbameins í æsku. Sama á við um systkin þessara einstaklinga sem eru á leikskólastigi. Hugað skal að forvörnum ekki síður en þjónustu vegna viðvarandi ástands.

22.gr., 1. málsg.: Ekki á að þurfa "viðurkennda greiningaraðila" til að skera úr um hvort börn með krabbamein og börn sem búa við síðbúnar afleiðingar af völdum krabbameins eigi rétt á sérstakri aðstoð og þjálfun. Rétturinn þarf að vera sjálfgefinn og það þarf að koma skýrt fram í þessari grein eða annars staðar í frumvarpinu. Þetta þarf einnig að eiga við um systkin á leikskólaaldri einkum m.t.t. forvarna.

Í athugasemdum um 22.gr. er tekið fram að réttur barna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar feli ekki í sér annað viðhorf en gert hefur verið ráð fyrir áður skv. lögum um málefni fatlaðra og lögum um almannatryggingar. Þessi athugasemd verður að teljast með ólíkindum í ljósi baráttu foreldrasamtaka langveikra barna á síðustu tveimur áratugum fyrir auknum réttindum í stjórnkerfinu þ.m.t. menntakerfinu. Það er einnig athyglivert í þessu tilliti að skoða stefnu þáverandi ríkisstjórnar í málefnum langveikra barna sem kynnt var formlega í febrúar árið 2000 og eðlilegt að spurt sé hvað varð um þau fðgru fyrirheit sem gefin voru.

26.gr.: Systkin barna með krabbamein þurfa að hafa forgang hvað leikskólavist varðar þar sem umönnun hins alvarlega sjúka barns er foreldrunum mjög tímafrek.

27.gr.: Heimili barna sem fá krabbamein lenda gjarna í fjárhagslegum hremmingum vegna aukins kostnaðar og launasamdráttar af augljósum ástæðum. Hér á því að kveða skýrt á um að gjaldtaka í umræddum tilfellum bæði hvað varðar sjúka barnið og systkin sé óheimil. Þar sem um mjög fáa einstaklinga er að ræða kæmi slík ákvörðun varla niður á rekstri leikskólans.



Alþingi  
Erindi nr. P 135/1228  
komudagur 25.1.2008


Selfossi, 24. janúar 2008  
0712058

Alþingi - menntamálanefnd


Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til leikskólalaga, 287. mál

Hjálagt fylgir umsögn Sveitarfélagsins Árborgar um frumvarp til laga um leikskóla. Leikskólanefnd fjallaði sérstaklega um frumvarpið á fundi þar sem fulltrúi foreldra átti sæti.

  
Sveitarfélagið  
ÁRBORG  
Ragnheiður Thorlacius  
Framkvæmdastjóri Fjölskyldumiðstöðvar

Virðingarfyllst,

  
Bæjarritari  
Árborg  
Asta Stefánsdóttir  
Bæjarritari

Selfossi, 24. janúar 2008  
0712058 RT

**Efni: Umsögn Sveitarfélagsins Árborgar um frumvarp til laga um leikskóla, þskj. - 287. mál, lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008**

Málið barst Sveitarfélaginu Árborg til umsagnar með bréfi menntamálanefndar Alþingis, dags. 12. desember 2007. Leikskólanefnd Árborgar hefur fjallað um frumvarpið.

**1. Almennar athugasemdir**

*a. Áhersluatriði Sambands íslenskra sveitarfélaga*

Sveitarfélagið Árborgar harmar að ekki hafa öll áhersluatriði Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem fram koma í fylgiskjali 4 á bls. 73-74 í skólaskýrslu sambandsins 2007, náð fram að ganga við endurskoðun leikskólalaga. Í því sambandi skulu sérstaklega nefnd eftirfarandi atriði:

- Leikskólalögin verði rammalöggjöf og hvert einstakt sveitarfélag hafi frelsi og ákvörðunarvald til útfærslu á leikskólastarfi í samræmi við stefnu sveitarfélagsins í leikskólamállum. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að rekstur leikskóla er þjónustutilboð fyrir börn og foreldra en ekki skylda eins og grunnskólanám.
- Hlutverk og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga vegna leikskólabarna sem búa við fötlun, sjúkdóma og aðrar sérstakar aðstæður verði skýrt
- Að endurskoðun leiði ekki til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin

*b. Gildistaka, samráð og reglugerðarsmíði*

Í gildistökuákvæði frumvarpsins kemur fram að lögunum er ætlað að öðlast gildi þann 1. júlí 2008 og er væntanlega miðað við að málið verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Sveitarfélagið Árborg harmar að vegna mikils hraða, sem var á starfi nefndar sem vann að heildarendurskoðun leikskólalaga og samningu frumvarps til nýrra leikskólalaga undir lok nefndarstarfsins, áttu fulltrúar sambandsins í nefndinni ekki möguleika á samráði við sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga áður en frumvarpið var lagt fram.

Vegna reglugerðarsmíði og annarra fyrirmæla á grundvelli nýrra grunnskólalaga bendir Sveitarfélagið Árborg á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum reglugerðum og er í nokkrum tilvikum um að ræða reglugerðir og/eða fyrirmæli sem ekki eru til staðar samkvæmt núgildandi leikskólalögum auk þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir umtalsverðum breytingum á nokkrum ákvæðum frá núgildandi lögum. Það skal tekið fram að Sveitarfélagið Árborg gerir athugasemdir við nokkur eftirfarandi ákvæði og eru þær athugasemdir raktar undir lið 1c og lið 2 hér að neðan. Athygli er sérstaklega vakin á eftirtöldum ákvæðum:

- 2. mgr. 6. gr. um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara
- 3. mgr. 12. gr. um starfsumhverfi leikskóla
- 3. mgr. 16. gr. um upplýsingaöflun og miðlun milli leik- og grunnskóla
- 23. gr. um skyldu sveitarfélaga til að ráða sérfræðing í leikskólamállum
- VII. kafla um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs

*c. Kostnaðarauki sveitarfélaga*

Eins og fram kemur í fyrirvara fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í endurskoðunarnefnd leikskólalaga er fullvíst að frumvarpið mun hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Verði frumvarpið að lögum, óbreytt, má reikna með að til komi kostnaðarauki fyrir sveitarfélögin vegna nokkurra nýmæla, þegar við



gildistöku. Nauðsynlegt hefði því verið að samhliða frumvarpsgerðinni hefði verið lagt mat á kostnaðarauka sveitarfélaga og þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi hefði legið fyrir með hvaða hætti sveitarfélögum verði tryggt fjármagn til að standa undir þeim kostnaðarauka. Sveitarfélagið Árborg bendir á eftirfarandi nýmæli sem munu hafa í för með sér ófyrirséðan kostnað fyrir sveitarfélög:

- 2. mgr. 9. gr. um túlkabjónustu
- 1. mgr. 12. gr. um sérstakt rými í leikskólum fyrir sérfræðipjónustu og vinnuaðstöðu starfsmanna
- VII. kafla um innra mat skóla og ytra mat sveitarfélaga
- 30. gr. um málsskotsrétt

## 2. Athugasemdir við einstakar greinar

■ Í athugasemdum sveitarfélagsins við einstakar greinar grunnskólafrumvarpsins var vakin athygli á nauðsyn þess að í þeim lögum verði vísað til helstu skyldna starfsmanna grunnskóla varðandi samskipti við nemendur og foreldra og að slík almenn tilvísun eigi frekar að vera í grunnskólalögum en sérákvæði um símenntun starfsmanna. Í frumvarpi til leikskólalaga er sérákvæði um þagnarskyldu (1. mgr. 7. gr.) og mikilvægt ákvæði um skyldu leikskólastjóra varðandi tilkynningaskyldu til barnaverndarnefndar (2. mgr. 7. gr.) og er það vel. Mælt er með að sambærilegt ákvæði verði sett í grunnskólafrumvarpið.

■ Ekki þykir ástæða til að hafa í leikskólalögum sérákvæði um símenntun starfsmanna, sbr. 8. gr. frv.

■ Í 18. gr. frv. er kveðið á um innra mat á árangri og gæðum skólustarfs. Vakin er athygli á að erfitt mun reynast að meta árangur skólustarfs í leikskólum þar sem meginþungi starfsins snýr að umönnun og gæslu barna.

■ Samkvæmt 12. gr. eru barngildisviðmið afnumin. Óvissa um leyfilegan fjölda barna í leikskóla er áhyggjuefni og nauðsynlegt að sett verði inn ákveðin viðmið.

■ Ákvæði 22. gr. frv. um framkvæmd sérfræðipjónustu þykir leggja nokkuð víðtækar skyldur á sveitarfélög um að þjónusta börn sem þurfa aðstoð og þjálfun, sbr. athugasemdir með greininni. Þar segir að það sé skylda leikskólastjóra og sérþjónustu að afla nauðsynlegrar þjónustu fyrir barn, hvort heldur hægt er að veita þá þjónusta innan eða utan leikskólans. Þá er athygli vakin á því að mikilvægt ákvæði vantar í greinina, þ.e. að allar athuganir á barni á vegum leikskóla eða sérfræðipjónustu verði því aðeins gerðar að fyrir liggja formlegt samþykki foreldra, samráð dugar ekki, sbr. álit menntamálaráðuneytisins frá því í nóvember 1997, viðtöl starfsfólks sérfræðipjónustu við grunnskólabörn án vitund foreldra.

■ Lagt er til að kæruréttur verði tilgreindur í viðkomandi greinum, sbr. 4., 22., 26. og 27. gr., en komi ekki aðeins fram í 30. gr.

## 3. Lokaorð

Sveitarfélagið Árborg fagnar mörgum nýmælum í frumvarpinu og má þar m.a. nefna heimild til samreksturs skólastiga, stofnun foreldraráða, lögfestingu skólanámskrár, sveigjanleika milli leik – og grunnskóla. Hins vegar eru áhyggjur vegna aukins kostnaðar ítrekaðar svo og mikilvægi frekara samráðs við sveitarfélögin.



Alþingi  
Erindi nr. P 135/1244  
komudagur 28.1.2008

Menntamálanefnd Alþingis


Garði 25. janúar 2008

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga um leik- og grunnskóla.**

Skólanefnd Sveitarfélagsins Garðs fjallaði um frumvörp til laga um leik- og grunnskóla á fundi sínum þann 24. janúar 2008. Nefndarmenn voru sammála um að í heildina séu frumvörpin til bóta fyrir skólastarf. Sérstaklega ánægjulegt er að með frumvörpunum er boðaður aukinn sveigjanleiki í skólastarfi á báðum skólastigum og samfella á milli þeirra. Nemendum gerð sú leið greiðfær að færast á milli skólastiga og námshraði við hæfi hvers og eins þannig auðveldaður. Einnig er það fagnaðarefni að heimild er gefin til samreksturs skóla og skólastiga og að kennarar hafi leyfi til að kenna á fleiri en einu skólastigi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Skólanefndin telur að þó erfitt sé að meta raunkostnað vegna breytinganna fyrr en reynsla er fengin við framkvæmd þeirra, sé mikilvægt að athuga sérstaklega kostnað vegna frumvarps um grunnskóla þar sem fjallað er um skólaráð og sérfræðipjónustu. Þetta á einnig við um greinar sem fjalla um mat á skólastarfi bæði í frumvarpi um leik- og grunnskóla.

Virðingarfyllst,

  
Oddný Harðardóttir,  
formaður skólanefndar



þar sem  
ferskir  
vindar  
blása

## Umsögn við frumvörp til laga um leikskóla og grunnskóla

Eftirfarandi umsögn byggir að mestu leyti á yfirferð og umræðu um frumvörpin í skólanefnd Hornafjarðar.

### Leikskólar 287. mál.

#### Frumvarp til laga um leikskóla

4. grein, sveitarfélög. „Sveitarfélög hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds ...” Ekkert kemur fram um aldur (hvenær börn geta hafið leikskólagöngu) og hvort tryggja eigi öllum börnum leikskólavist. Annað í frumvarpinu bendir þó til þess að þessa þætti ákveði hvert sveitarfélag með sínum reglum.

6. grein, starfslið. Rétt þykir að benda á þann skort sem er á menntuðu fólki til starfa við leikskóla og að áfram þurfi að ráða ófaglærða starfsmenn í verulegum mæli. Bent er á 20. grein í frumvarpi til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla en þar er kveðið á um undanþáguheimild til að ráða ófaglært starfsfólk. Sú grein setur þó ríkari skyldur á leikskólann við ráðningu starfsfólks en gert er í dag. Tryggja þarf að reglur og undanþáguheimildir setji ekki slíkar skorður að erfitt verði að manna leikskólana. Ekki verður séð að í næstu framtíð verði nægilega margir menntaðir leikskólakennarar til að fylla störf í leikskólunum.

11. grein, foreldraráð, sem er nýmæli í leikskóla. Lýst er yfir ánægju með þetta ákvæði.

12. grein, húsnæði og fjöldi barna í leikskóla. „Greinin gerir ráð fyrir því að þær rýmis- og barngildaviðmiðanir sem eru í gildandi reglugerð um starfsemi leikskóla verði felldar á brott en í stað þess settar lágmarkskröfur um húsnæði og aðbúnað leikskóla.” Hér er um verulega breytingu að ræða og kallar væntanlega á nýtt ákvæði í reglum um hvernig fara eigi með fjölda barna í leikskóla. Einnig segir í þessari grein: „Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuástöðu starfsfólks. Þetta ákvæði getur kallað á töluverðar breytingar á eldra húsnæði og verður þannig íþyngjandi fyrir sveitarfélögin.

Þá er reglan um fjölda barngilda á starfsmann úti. Við það vaknar sú spurning hvort engin viðmið verði heldur fyrst og fremst byggt á mati stjórnenda leikskólanna. Slíkt getur leitt til deildra meininga milli sveitarstjórnar og leikskólanna um mönnun. Það er því mikilvægt að ný reglugerð um þessa þætti verði afdráttarlaus og skýr.

16. grein, tengsl leikskóla og grunnskóla. Lýst er ánægju með þessa grein. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að markmiðið sé að tryggja að byggt sé á fyrri námi og reynslu leikskólabarna þegar þau koma í grunnskóla. Starfsmenn leikskóla hafa lýst því yfir að þetta skipti verulegu máli fyrir börnin þegar þau eru komin í grunnskóla. Er undir það tekið og lögð áhersla á að grunnskólinn geti lært margt af fyrirkomulagi náms í leikskólanum.

18. gr. innra mat og 19. gr. ytra mat. Þetta ákvæði hefur í för með sér aukin útgjöld fyrir sveitarfélögin og er ekki eina atriðið sem það á við. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög fari yfir þá þætti sem kalla á aukin útgjöld og komist að niðurstöðu um hvernig á því



verði tekið. Það er ekki eðlilegt að sveitarfélögin axli ein aukinn kostnað samfara þessu frumvarpi sem og frumvarpi til laga um grunnskóla.

21. grein, skipulag sérfræðipjónustu. Tekið er undir það að stuðlað skuli að því að sérfræðipjónustan fari fram innan leikskóla. Reynolds sýnir að sú þjónustan nýtist best fari hún fram innan skólanna (leik- og grunnskóla). Það getur verið kostur að þessi þjónusta tengist sérfræðipjónustu við grunnskólana en um leið bent á að engin ástæða sé til að sveitarfélög reki fjölmenna miðstýrða sérfræðipjónustu fyrir leik- og grunnskóla.

*Bæjarráð Hornafjarðar 21. janúar 2008.*



Alþingi  
b.t. Menntamálanefndar  
Alþingishúsinu  
150 Reykjavík

Bæjarráð Ölfus hefur kynnt sér frumvarp menntamálaráðherra um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og menntun og ráðningu kennara og skólastjóra. Eftirfarandi umsögn var samþykkt í bæjarráði:

“Sveitarfélagið Ölfuss vill í eftirfarandi umsögn lýsa almennt ánægju sinni með þau frumvörp sem menntamálaráðherra hefur nú lagt fyrir á Alþingi um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Frumvörpin bera vitni um nýja og metnaðarfulla hugsun í skólamálum þar sem áhersla hefur verið lögð á að tryggja enn betur menntun, uppeldi og umönnun barna og unglunga. Hins vegar er ljóst að innleiðing frumvarpanna kemur til með að auka kostnað sveitarfélaga á ýmsum sviðum skólamála, svo sem við framkvæmd sérfræðipjónustunnar, við mat og eftirlit með skólastarfi en þar eru skyldur sveitarfélaga auknar til muna og um skyldur sveitarfélaga til að leitast við að tryggja túlkun til foreldra sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða nota táknmál. Sveitarfélagið leggur áherslu á að góð og náin samvinna milli menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga verði við að kostnaðarmeta frumvörpin, sbr. þær fyrirætlanir sem settar eru fram í fylgiskjölum með frumvörpum um leikskóla og grunnskóla. Afar mikilvægt er að góð niðurstaða fái sér til samráðsferli í þágu sveitarfélaga og skiptir það sköpum við innleiðingu frumvarpanna að svo verði til að frumvörpin og markmið þeirra skili þeim árangri sem af þeim er ætlast.

Sveitarfélagið Ölfuss fagnar því viðtæka samráði sem haft var við hagsmunaaðila leik- og grunnskólamála meðan á samningu frumvarpanna stóð. Mikilvægt er að sem viðtækust sátt ríki um nýja löggjöf jafn mikilvægs málaflokks og menntamál eru.

Efnislega bera frumvörpin með sér að leitast hefur verið við að búa til löggjöf til hagsbóta fyrir þá sem njóta þjónustu skólanna, þ.e.a.s. nemendur og forráðamenn þeirra. Nánar og skýrar er kveðið á um réttindi og skyldur þessara aðila og búnað til leiðir til handa forráðamönnum til að gæta betur hagsmuna barna sinna. Þá sýna ýmis ákvæði frumvarpanna að í auknum mæli hefur einnig verið horft til hagsmuna starfsfólks skólanna, sérstaklega leikskólastigsins, og möguleikar einstakra sveitarfélaga til að móta eigið skólastarf með hliðsjón af aðstæðum heima fyrir auknir til muna frá því sem er í gildandi löggjöfum um skólastigin.

Leik- og grunnskólafrumvarpið fela í sér skilgreiningu á hugtakinu foreldri sem vísar til þeirra aðila sem fara með forsjá barns í skilningi gildandi barnalaga. Sveitarfélagið telur það gefa


tilefni til að skoðað verði með hvaða hætti unnt sé að auka réttarstöðu forsjárlausra foreldra í barnalögum og í væntanlegri löggjöf um skólastigin þrjú sem hér um ræðir. Má benda á það ef frumvarpið fer svona í gegn þá geta forsjárlausir foreldra t.d. ekki setið í stjórn foreldrafélags og ef þeir þurfa á túlkapjónustu að halda eiga þeir ekki rétt á henni.


Sveitarfélagið vill að lokum taka undir þau markmið sem endurspeglast í frumvarpi um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda og lúta að því að kennaramenntun er lengd og sérstaklega því að sambærilegar kröfur eru gerðar um lengd menntunar þeirra aðila sem hyggjast leggja fyrir sig kennslu á mismunandi skólastigum. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og hafa rannsóknir sýnt að tími mótunar og þroska sé mikill þegar börn eru á leikskólaaldri. Gera þarf þ.a.l. kröfur til þess að fagmenntun þess starfsfólks sem í leikskólum starfar sé síst minni en þeirra sem starfa á öðrum skólastigum. Áhersla á mikilvægi samfellu og samstarfs milli einstakra skólastiga endurspeglast jafnframt í þeirri kröfu að gera sambærilegar kröfur til kennara á öllum skólastigum. Leyfisbréf kennara eru útvíkkuð þannig að þau geta skarast milli skólastiga og er það vel.

Að öðru leyti leyfir sveitarfélagið sér að taka undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem nú þegar hefur verið send menntamálanefnd Alþingis.”

Þorlákshöfn 11. apríl 2008,

Virðingarfyllst,

  
Ólafur Áki Ragnarsson  
bæjarstjóri



Afrit: Menntamálaráðherra

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1193  
komudagur 24.1.2008



Menntamálanefnd

Alþingi

150 Reykjavík

Táknafirði 23.janúar 2008.

Varðar : Beiðni Menntamálanefndar í bréfum dags. 12. desember 2007, umsagnir um frumvörp.

Grunnskólar, 285.mál (heildarlög)

Framhaldsskólar, 286.mál (heildarlög)

Leikskólar, 287.mál (heildarlög)

Menntun og ráðning kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn-, og framhaldsskóla, 288.mál

Táknafjarðarhreppur hefur tekið fyrir, rætt og kynnt þau frumvörp sem um ræðir og hefur engar efnislegar athugasemdir við umrædd mál. Táknafjarðarhreppur vísar í umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga, um umrædd frumvörp, en vill koma eftirfarandi á framfæri.

Við umfjöllun í nefndum sveitarfélagsins kom fram að nefndarfólk telur frumvörpin innihalda metnaðarfull markmið til handa skólastarfi í landinu. En jafnframt kom skýrt fram að til þess að sveitarfélög geti haldið úti metnaðarfullu skólastarfi á leik- og grunnskólastigi í anda fyrirliggjandi frumvarpa þá verður að fylgja með aukin fjárframlög ríkisins til handa sveitarfélögum landsins. Það er staðreynd að brostin er á flótti réttindakennara út úr grunnskólum og illa hefur tekist til með mönnun leikskóla þ.a. aukið fé þarf fyrst og fremst til þess að hækka laun þessa starfsfólks, sem sinnir þessum mikilvægu störfum þ.e. menntun barna okkar. Því er mjög mikilvægt að við meðferð þessara frumvarpa verði heildarmyndin skoðuð til enda þ.a. markmiðið um eltt besta skólakerfi í heimi verði náð.


Virðingarfyllt

f.h. Táknafjarðarhrepps



Oddviti Táknafjarðarhrepps

Eyrlín Ingibjörg Sigþórsdóttir



Alþingi  
Erindi nr. P 135/1208  
komudagur 24.1.2008

## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis

menntamálanefnd

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík

Reykjavík, 22. janúar 2008

**Efni: Frumvarp til laga til leikskólalaga, 287. mál, heildarlög.**

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dagsett 14. desember 2007, þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Umboðsmaður barna fagnar framkomnu frumvarpi til leikskólalaga og telur að í því felist mikil réttarbót fyrir börn, enda hefur í frumvarpinu verið tekið mið af mörgum athugasemdum umboðsmanns á fyrri stigum. Umboðsmaður barna vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

**1. gr. Gildissvið**

Þar sem skóli án aðgreiningar er opinber skólastefna hér á landi sem tekur jafnt til leikskólans sem annarra skólastiga eiga öll börn rétt á að sækja leikskóla, án tillits til líkamlegs og andlegs atgervis þeirra. Til að taka af allan vafa um þetta atriði telur umboðsmaður barna rétt að bæta inn orðinu *öllum* í aðra setningu fyrstu greinarinnar þannig að hún verði: „Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir *öllum* börn undir skólaskyldualdri.“

**2. gr. Markmið**

Til að taka tillit til mismunandi þarfa einstaklinga og til að undirstrika mikilvægi einstaklingsmiðaðrar nálgunar telur umboðsmaður rétt að í greininni sé tekið fram að í leikskólanum skuli velferð og hagur *hvers og eins barns* hafður að leiðarljósi í öllu starfi, frekar en að tala um börn sem heild.

**4. gr. Sveitarfélög**

Til að jafna stöðu barna á landinu og með hliðsjón af 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, hefði umboðsmaður barna kosið að fastar væri að orði kveðið um *skyldu* sveitarfélaga til að bjóða *öllum* börnum upp á leikskóladvöl.



#### **6. gr. Starfslið**

Umboðsmaður barna fagnar því að auknar kröfur verði gerðar til starfsliðs leikskóla. Umboðsmaður hefði þó viljað sjá enn ríkari kröfu gerðar til starfsliðs leikskólanna um að það hefði einnig ekki gerst brotlegt við XXI., XXIII. svo og XXIV. kafla almennu hegningarlagna nr. 19/1940. Umboðsmaður telur mikilvægt að sveitarfélög og/eða leikskólar setji sér verklagsreglur um hvernig taka beri á málum þegar grunur leikur á að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi.

Rétt væri einnig að kveða á um skyldu starfsmanna að vinna í fyllsta samræmi við líkamlegar og andlegar þarfir barnanna og að taka það sérstaklega fram að ekki megi beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum eða þvingunum.

Þá má nefna mikilvægi þess að það starfsfólk leikskólanna sem ekki hefur leikskólakennaramenntun hafi fjölbreytta menntun og þekkingu á langvinnnum sjúkdómum og fötlunum sem hafa áhrif á leikskólagöngu barna.

#### **9. gr. Foreldrar**

Umboðsmaður vill benda á 52. gr. barnalaga nr. 76/2003 um réttindi forsjárlaus foreldris um upplýsingar um barn, en gæta skal samræmis við það ákvæði svo og 9. gr. frumvarpsins.

#### **11. gr. Foreldraráð**

Að lögbinda hlutverk og starfsemi foreldraráða við leikskóla er mikil réttarbót að mati umboðsmanns barna. En í því sambandi væri þó hægt að ganga skrefinu lengra og tryggja fjárhagslegan stuðning sveitarfélaga við starf foreldraráða.

#### **12. gr. Skólahúsnæði og aðstaða í leikskólanum**

Í reglugerð um starfsumhverfi í leikskóla ætti að koma fram að sveitarfélög væru skuldbundin til að setja öryggisreglur fyrir leikskóla þar sem m.a. er kveðið á um ferli mála ef slys ber að höndum. Einnig ætti að gera ráð fyrir að rekstaráðilum leikskóla væri skylt að gera sérstakt mat á öryggismálum þeirra og að foreldrar geti krafist úrbóta ef þeir telja aðbúnað eða öryggi barna ábótavant.

#### **19. gr. Ytra mat sveitarfélaga**

Við mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs ætti að leitast við að ná fram afstöðu og upplifun leikskólabarna sbr. 12. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Umboðsmaður er hlynntari fyrri tillögu um útfærslu þessarar greinar sem gengur lengra en frumvarpið.

#### **22. gr. Framkvæmd sérfræðipjónustu**

Í 1. mgr. er talað um að til þess að börn eigi rétt á sérstakri aðstoð og þjálfun þurfi að koma til mat *viðurkendra greiningaraðila*. Í framkvæmd hafa biðlistar myndast og því finnst umboðsmanni orðalagið of þröngt. Á biðtíma eftir greiningu hefur stundum tapast möguleiki á snemmtækri íhlutun þegar um er að ræða þroskafrávik, fötlun eða aðra erfiðleika sem sérfræðingar gætu byrjað að vinna með strax ef



þeir álíta að ekki sé allt með felldu. Að þessu sögðu bendir umboðsmaður á að hægt væri að bæta inn í málsgreinina *eða annarra sérfræðinga* þannig að hún verði: „Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila *eða annarra sérfræðinga*, eiga rétt á slíkri þjónustu.“

### **30. gr. Málsskotsréttur**

Umboðsmaður barna hefur bent á gæti verið bót í því að stofnuð væri sérstök úrskurðarnefnd leikskóla/skólamála líkt og eru til staðar varðandi ýmsa aðra málaflokka.

Einnig vill umboðsmaður vill koma á framfæri við menntamálanefnd mikilvægi samstarfs leikskólans, heilsugæslunnar og barnaverndar. Barnavernd og heilsugæslan gegna mikilvægu hlutverki í því að hlúa að uppeldi, þroska og heilsufari barna. Mismunandi er hversu mikla þörf börn hafa á þjónustu þessara mikilvægu stofnanna en þegar um þroskafrávik, veikindi eða erfiðar aðstæður í fjölskyldum er að ræða getur skipt sköpum að góð samvinna sé á milli þessara stofnanna og leikskólans. Til að skjóta styrkari stoðum undir t.d. snemmtæka íhlutun væri mikill styrkur fyrir börn og fjölskyldur þeirra ef ákvæði um samstarf leikskóla við heilsugæslu og barnaverndar væru sett inn í lög um leikskóla.

Að lokum má geta að umboðsmaður barna tekur undir álit nefndarinnar sem vann frumvarpið um mikilvægi þess að gera nýjar reglugerðir við gildistöku laganna.

Virðingarfyllt

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna



## UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1793  
komudagur 12.3.2008

27. september 2006

### Minnisblað vegna fundar með nefnd sem endurskoðar leikskólalög

Minnisblað umboðsmanns barna vegna fundar þann 27. september 2006 með nefnd sem endurskoðar lög um leikskóla nr. 78/1994.

Umboðsmaður barna skoðar málefni leikskóla út frá rétti og hagsmunum þeirra barna sem þá sækja og þá fyrst og fremst út frá lögfræðilegum sjónarhóli.

#### Löggjöf – ítarleg eða rammalöggjöf?

Þegar núgildandi lög eru skoðuð vekur athygli hversu fáorð þau eru um réttindi þeirra barna sem leikskólum er ætlað að sinna. Á því þarf að ráða bót. Deila má um hversu ítarleg lög sjálf eiga að vera, en að mati undirritaðrar er ótækt að gera ráð fyrir að kveðið sé á um grundvallarréttindi í reglugerð eins og nú er. Mikilvægt er að öllum börnum sé tryggð sambærileg þjónusta - hvar sem þau búa á landinu. Í reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995 er kveðið á um ýmsa þætti sem telja má grunnforsendur fyrir því að uppeldismarkmiðum laganna verði náð og því eiga mörg þeirra ákvæða, sem þar er að finna, heima í lagatextanum sjálfum.

Rekstur leikskóla er eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga og í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að tryggja framboð á leikskólarýmum “eftir föngum”. Í 7. gr. laga um leikskóla segir að þeim sé skylt að hafa forystu um að tryggja börnum dvöl í góðum leikskóla. Sá réttur sem íbúum sveitarfélaga er tryggður með lögum þessum er almenns eðlis og útfærsla hans í einstökum tilvikum er á forræði hvers sveitarfélags. Sjálfsforræði sveitarfélaga er stjórnarskrárbundið og getur ríkisvaldið ekki hlutast til um starfsemi þeirra nema sú íhlutun byggist á lagaheimild. Því er mikilvægt að í lögum um leikskóla séu hagsmunir barna- sem einstaklinga og hóps- vel tryggðir. Rammalöggjöf sem byggir á sjálfsforræði sveitarfélaga gerir auknar kröfur til löggjafans, sveitarstjórnarmanna og starfsmanna um að tryggja réttaröryggi og jafnan rétt landsmanna til þjónustu, sbr. ath.semdir með frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar segir jafnframt að þó pólitísk samstaða sé um að varðveita sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga við framkvæmd félagsþjónustu sé jafnframt höfuðatriði að öllum íbúum landsins sé tryggð sambærileg félagsþjónusta.

#### Breytingar á starfsemi og eðli leikskóla frá 1994

Frá því að lög nr.78/1994 voru sett hafa orðið nokkrar breytingar á starfsemi leikskóla:

Samkvæmt 1. gr. núgildandi laga er leikskólinn fyrsta stigið í skólakerfinu sem annast að ósk foreldra uppeldi og menntun barna. Æ ríkari áhersla hefur verið lögð á menntunarpátt leikskólans hin síðari ár, sbr. m.a. aðalnámskrá fyrir leikskóla frá 1999. Nú er litið svo á að eitt af hlutverkum leikskólans sé að undirbúa börn undir grunnskólann.

Hlutfall barna sem sækja leikskóla hér á landi er með því hæsta sem gerist innan OECD. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu ern um 90 % allra tveggja ára barna á leikskólum og um 94 % þriggja til fimm ára barna.

#### 2005

Á fyrsta ári 28 / 4320      0,65 %



1 árs	1279 / 4292	29,8 %	<b>0-2 ára</b>
2 ára	3759 / 4232	88,8 %	5066 / 12844 <b>39,4 %</b>
3 ára	3837 / 4101	93,6 %	
4 ára	3913 / 4128	94,8 %	<b>3-5 ára</b>
5 ára	4048 / 4330	93,5 %	11798 / 12559 <b>93,94 %</b>

Dvalartími barna á leikskólum hefur lengst verulega á undanförunum árum. Hagstofan gefur út upplýsingar um viðverutíma barna á leikskólum og samkvæmt þeim lengist hann ár frá ári. Ath. þessar upplýsingar taka mið af þeirri þjónustu sem greitt er fyrir -þarf ekki að vera fullnýtt alltaf.

Árið 2005 voru alls 16.864 börn á leikskólum landsins. 71 % þeirra dvöldu 8 klst eða lengur dag hvern á leikskólum. 79,5 % þeirra dvöldu lengur en 7 klst. dag hvern.

Fjöldi barna	Vistunartími	Hlutfall barna	2005	2004
5594	9 klst eða lengur	33,2 %		33 %
6389	8	37,8 %	71 %	69 %
1442	7	8,5 %	79,5 %	76 %
1551	6	9,2 %		
886	5	5,2 %		
1002	4	5,9 %		

Samkvæmt framangreindu er vinnudagur barna almennt mjög langur. Hafa má í huga að um 50% (49,6) alls starfsfólks á leikskólum er í fullu starfi. Þegar einungis eru taldir þeir starfsmenn sem vinna við uppeldi og menntun þá er hlutfallið aðeins hærra.

Samsetning barnahópsins hefur breyst nokkuð, meðalaldur þeirra er nú lægri en áður var og börn með sérþarfir eru fleiri (ath. þó síðustu ár) sem og börn af erlendum uppruna (nú 7,4 %, voru 6,9 % 2004). Kem frekar að þessu síðar.

Ljóst er að þessi atriði munu ekki ganga til baka í nánustu framtíð. Til viðbótar má benda á að mikil umræða hefur verið um gjaldfrjálsan leikskóla og vera kann að breytingar í þá vörn geti haft í för með sér breytingar.

Umönnun og uppeldi barna er samkvæmt framansögðu að nokkru leyti að færast yfir á leikskóla og sú staðreynd hlýtur að kalla á breytingar á lögunum. Spurning er hvort tala megi um “eðlisbreytingu” á leikskólanum sem slíkum.

Þessar breytingar hljóta að hafa áhrif á ákvæði laga um markmið og inntak starfsemi leikskólanna. Jafnframt þarf að skilgreina rétt, ábyrgð og skyldur allra þeirra aðila, er koma að málefnum leikskóla, enn betur en gert er í núgildandi lögum.

#### **Gildissvið og markmið**

Áréttað skal að umboðsmaður barna skoðar málefni leikskóla út frá rétti og hagsmunum þeirra barna sem þá sækja og þá fyrst og fremst út frá lögfræðilegum sjónarhóli. Almenn er undirrituð sátt við þau markmið sem tilgreind eru í 2. gr. núgildandi laga. Rauði þráðurinn í lögum um leikskóla á að vera það sem barni er fyrir bestu, sbr. 3. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Mikilvægt er að þessi grundvallarregla komi fram í allri löggjöf er varðar börn og því er rétt að setja hana inn í 1. eða 2. gr. laganna.

*3. gr. BSSP:*

*“Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.*

*Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.*

*Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón.”*

Samkvæmt 2. gr. laga um leikskóla er eitt af meginmarkmiðum með starfsemi leikskóla að jafna uppeldisaðstöðu barna í hvívetna. Ljóst að leikskólinn veitir okkur einstakt tækifæri til að jafna uppeldisaðstöðu barna - sem er ómetanlegt- gera mætti meira úr þessu markmiði. Unnt er að veita þeim börnum sem standa höllum fæti félagslega eða heilsufarslega viðeigandi umönnun og atlæti án tillits til fjárhagsaðstæðna foreldra. Jafnframt er hægt að greina hvers konar misþroska barna snemma og veita sérstakan stuðning.

### **Ábyrgt, hlutverk og skyldur**

Hlutverk menntamálaráðuneytisins er um margt vel skilgreint í 3.- 7. gr. nógildandi laga.

3. gr. Fer með yfirstjórn- gætir þess að farið sé eftir lögnum og reglugerð.
4. gr. Mótar uppeldisstefnu, sinnir þróunar- og tilraunastarfi, mat á uppeldisstarfi og er stjórnendum leikskóla til ráðuneytis um starfsemina. Setur og gefur út aðalnámskrá og endurskoðar hana.
5. gr. Stuðlar að þróunar- og tilraunastarfi- þróunarsjóður.
6. gr Setur reglugerðir að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.
7. gr. Tilkynna skal menntamálaráðuneytinu um stofnun nýs leikskóla . Sveitarstjórnir skulu árlega senda ráðuneytinu ársskýrslu um starfsemi leikskóla.

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995: Sjá 14. – 16. gr. Ráðuneyti aflar upplýsinga um starfsemi leikskóla.

Huga þyrfti betur að eftirlitshlutverki ráðuneytisins (skv. 3. gr.) og skilgreina í hverju það er almennt fólgið. Jafnframt þarf að huga að hvernig unnt er að leita réttar barna innan kerfisins. Tryggja þarf jafnræði allra barna - hvar sem þau búa á landinu - ekki síst ef gert er ráð fyrir að leikskólinn sé fyrsta skólástigið og undirbúningur fyrir grunnskólann. Spurning er hvort til ætti að vera samskonar úrskurðarnefnd og starfar skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Kæruleiðir og málsmeðferðarreglur þarf að skýra til að tryggja jafnræði barna - innan sveitarfélags og á landsvísu. Hafa ber í huga að sveitarfélög eru ábyrg fyrir rekstri ýmissa þeirra stofnana, sem hafa eftirlit með aðbúnaði í leikskólum. Mál er varða daggæslu barna heyra undir a.m.k. 3 ráðuneyti. Starfsemi leikskóla heyrir undir menntamálaráðuneyti, daggæsla í heimahúsum undir félagsmálaráðuneyti og eftirlit með öryggi leikvallatækja og leiksvæða barna undir umhverfisráðuneyti. Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga skulu sveitarfélög tryggja framboð á leikskólarými eftir fongum. Litið er á dagvistarmál sem hluta af félagsþjónustu en í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga sagði að að fallist hafi verið á að fagleg umsjón með uppeldisstarfi leikskóla heyri undir menntamálaráðuneyti.

Kveða þarf skýrar á um skyldur sveitarfélaga - almennt til að reka leikskóla og í einstökum eignum og jafnframt gagnvart börnum og foreldrum.

Í eldri sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 kom fram í 6. gr. að rekstur leikskóla væri meðal (lögbundinna) verkefna sveitarfélaga. (sbr. 6. mgr.: ”Meðal verkefna sveitarfélaga eru: 1. Félagsmál, þar á meðal framfærslumál, aðstoð við aldraða og fatlaða, barnaverndarmál, varnir gegn notkun vímugjafa, rekstur dagvista fyrir börn, rekstur dvalarheimila aldraðra, rekstur heimilishjálpar, varnir gegn slysum.”)

Í núgildandi sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 eru skyldur sveitarfélaga í þessu efni orðaðar með almennari hætti, sbr. :

*“7. gr. Almennar skyldur sveitarfélaga*

*1. mgr. Skyld er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.*

*2. mgr. Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.”*

Samkvæmt 33. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 ber sveitarfélagi að tryggja framboð á leikskólarými: *“Sveitarstjórnir skulu eftir föngum tryggja framboð á leikskólarými. Til þess að sú þjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir barna í sveitarfélaginu skal það láta fara fram mat á þörfinni eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.”* Í athugasemdum með frumvarpinu sagði: *“Í greininni er kveðið á um að sveitarfélög skuli eftir föngum reka leikskóla fyrir börn þar sem þeirra er þörf. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eru dagvistarmál eitt af lögbundnum verkefnum sveitarstjórna. Því telst eðlilegt að skylda sveitarfélög til að bjóða upp á leikskóla fyrir börn.....Greinin kveður á um skyldur sveitarfélaga til að koma til móts við þarfir í þessum efnunum eftir því sem fjárhagslegt bolmagn leyfir og mat á þörfinni segir til um....”* (Ath. sett í tíð eldri svstj.laga)

Í leikskólalögum nr. 78/1994 segir í 7. gr. *“Bygging og rekstur leikskóla skal vera á kostnað og í umsjón sveitarstjórna og sjá þær um framkvæmd þessara laga, hver í sínu sveitarfélagi, þeim er skylt að hafa forystu um að tryggja börnum dvöl í góðum leikskóla.....”*

Ástæða er til að hnykkja betur á skyldu sveitarfélaga í þessum efnunum.

Einnig þarf að fjalla ítarlegar um einkarekstur leikskóla, skilyrði leyfa, eftirlit o.fl. - sjá í þessu sambandi ákvæði grunnskólalaga nr. 66/1995 og breytingar sem gerðar voru á þeim s.l. vor með lögum nr. 98/2006.

Það eina sem segir í núgildandi leikskólalögum er í 7. gr.: *“Heimilt er öðrum aðilum að reka leikskóla að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórna.”*

Þá er rétt að fjalla um skyldur foreldra í lögum um leikskóla. Þær breytingar sem orðið hafa á síðustu árum fela í sér að umönnun og uppeldi barna er að nokkru leyti að færast yfir á leikskóla. Það kallar á að sérstaklega sé hugað að skyldum foreldra. Hafa ber í huga að mikið er að gerast í þroska barna á þessum tíma. Einnig má nefna tengslamyndun og félagsmótun og mikilvægi stöðugleika í lífi barna. Því þarf að kveða á um formlega ábyrgð foreldra, gagnvart barni, leikskólanum og varðandi samskipti þeirra við leikskólann. Jafnvel mætti huga að því að skylda foreldra til samstarfs við leikskóla og foreldra til samstarfs innbyrðis. Í þessu sambandi má benda á VIII. kafla reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum sem fjallar um ábyrgð og skyldur foreldra.

Þá þarf að veita foreldrum möguleika á að hafa áhrif á mótun innra starfs leikskóla. Sjá einnig hér að neðan.

**Í lögum um leikskóla þarf jafnframt að kveða skýrar á um eftirtalin atriði:**

**Samstarf leikskóla og foreldra.** Rétt væri að gera skylt að foreldrafélög starfi við hvern leikskóla og jafnvel að sveitarfélög styðji þau fjárhagslega. Ákvæði svipað og í 12. gr. reglugerðar um starfsemi leikskóla ætti að koma inn í lögina. Rétt væri einnig að veita foreldrafélögum aukið vægi og aukin áhrif líkt og gert er í grunnskólalögum. Nefna má að eðlilegt væri að þau komi að mótun innra starfs leikskóla, t.d. að gerð skólanámskrár. Allir aðilar hafa hag af góðu samstarfi foreldra og leikskóla -

ekki síst börnin.

**Kröfur um mönnun, húsnæði og aðbúnað í leikskólum.** Dvalartími barna í leikskólum hefur lengst eins og áður er að vikið og er nú svo komið að þau dvelja drjúgan hluta vökutíma síns í leikskólanum virka daga. Sú staðreynd gerir enn ríkari kröfur til þess að húsnæði taki mið af þörfum barna og má þar m.a. nefna stærð, búnað, hljóðvist etc. Engin ákvæði eru í lögum sem tryggja leikskólabörnum rétt til góðs og öruggs (vinnu)umhverfis - sambærileg þeim sem tryggja starfsmönnum leikskóla öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sbr. lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Síðastliðið vor voru gerðar breytingar á 18. og 35. gr. grunnskólalaga í þessa veru, sbr. lög nr. 98/2006 og er rétt að sambærileg ákvæði sé að finna í lögum um leikskóla. Einnig má í þessu sambandi benda á ný dönsk lög - lov om børnemiljø i dagtilbud nr. 485/2006. Brýnt er að bæta hér úr.

Nefna má sem dæmi hljóðvist. Börn eru viðkvæmari en fullorðnir fyrir hávaða, og næmari fyrir skaðsemi hans auk þess sem hann getur haft hamlandi áhrif á málproska barna. Við skoðun á leikskólum á Akureyri vorið 2005 kom í ljós að nýjasti leikskólinn kom verst út í könnun á hljóðvist ! Lengri viðvera barna gerir einnig auknar kröfur varðandi hvíldaraðstöðu barnanna og máltíðir. Stærð rýma skiptir máli. Leikskólastjóri í Kópavogi hefur bent á að deildir séu of stórar á sumum leikskólum. Huga þarf sérstaklega að því að foreldrar geti komið á framfæri athugasemdum og óskað úrbóta og kveða þarf á um kæruleiðir - bregðist rekstraraðili ekki við.

**Öryggismál.** Í núgildandi lögum um leikskóla er gert ráð fyrir því í 6. gr. að í reglugerð verði m.a. kveðið á um öryggi barna. Í reglugerð nr. 225/1995 er hvergi vikið að þessu atriði nema í framhjálaupi í næstsíðustu grein hennar. Úr þessu þarf að bæta og má benda á þær breytingar sem gerðar voru á 20. gr. grunnskólalaga s.l. vor. Kveða þarf á um að setja skuli sérstaka reglugerð um slysavarnir og öryggismál í leikskólahúsnæði og lóðum - eftir atvikum í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Rétt er að geta þess að til er reglugerð - nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæði og eftirlit með þeim.

Jafnframt ætti að skylda sveitarfélög til að setja öryggisreglur fyrir leikskóla þar sem m.a. er kveðið á um ferli mála ef slys ber að höndum. Að auki mætti gera ráð fyrir að rekstraraðilum leikskóla væri skylt að gera sérstakt mat á öryggismálum þeirra á þriggja ára fresti. Jafnframt þarf að tryggja að foreldrar geti krafist úrbóta, telji þeir aðbúnaði eða öryggi barna sé ábótavant.

Landlæknisembættið hefur daglega umsjón með Slysaskrá Íslands og birtir á vef sínum ákveðnar grundvallarupplýsingar úr henni. Athyglisverðar tölur sem þar birtast sem eru flokkaðar eftir aldri barns og tegund slyss. Þar kemur fram að skólaslys - í aldursþópnum 0-4 ára voru árið 2004 skráð samtals 394 (222 drengir /172 telpur) og 2005 334 (202/132). Ég hef óskað eftir nánari upplýsingum – sundurgreiningu eftir skólastigum og nákvæmar hvar þau verða.

**Skilgreina þarf betur rétt leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar.** Samkvæmt 2. gr. og 13. gr. núgildandi laga er hverjum leikskóla ætlað að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns (“efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins”, “velferð hvers barns”). Börn eiga rétt á sérstakri aðstoð og þjálfun innan leikskólans samkvæmt 15. gr., sbr. og reglugerð. Skóli án aðgreiningar er opinber skólastefna hér á landi og tekur hún til leikskólans jafnt og annarra skólastiga, sbr. aðalnámskrá leikskóla. Í henni felst að börn eiga rétt á að sækja leikskóla án tillits til líkamlegs og andlegs atgervis þeirra. Kveða þarf skýrar á um þennan rétt barna í lögnum sjálfum, inntak hans, skyldur sveitarfélaga og hvernig foreldrar geta leitað réttar barna sinna í þessu efni. Sérstaklega er þess getið í 17 gr. leikskólalaga að leikskólar skuli þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt fötluðum börnum. Rétt er að útfæra þessa grein þannig að börn með langvinnan heilsuvanda njóti jafnræðis.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu nutu 907 börn sérstaks stuðnings vegna fötlunar og/eða félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika árið 2005 eða 5,4 % allra leikskólabarna (613 drengir- 67,5 % og 294 telpur).

Eftirtektarvert er að samkvæmt upplýsingum Hagstofu hefur börnum sem njóta sérstaks stuðnings á leikskólum fækkað um 16,1 % á síðastliðnum 2 árum. Skoða þarf hverju það sæti. Er um að ræða

raunverulega fækkun barna sem eiga við slíkan vanda að stríða, er þeim sinnt með öðrum hætti (þ.e. utan leikskóla) eða er þjónusta við þau að minnka?

Mikilvægi snemmtækrar íhlutunar. Ekki þarf að hafa mörg orð um hagsmuni barna og foreldra í því efni - og augljóst má vera að það er þjóðhagslega hagkvæmt að taka á vanda barna sem fyrst. Það gæti m.a. sparað sveitarfélögum útgjöld í grunnskólum. Á Íslandi eru einstakar aðstæður til að taka á þessu m.a. þegar haft er í huga hve hátt hlutfall barna er í leikskólum og að heilsugæsla og ungbarnavernd er með því besta sem gerist í heiminum. Okkur ber að nýta þær. Setja ætti inn í löginn ákvæði um samstarf leikskóla við heilsugæslu og barnaverndina.

Sú staðreynd að Ísland er fjölmenningsarsamfélag þarf einnig að endurspeglast í lögnum. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu voru börn með annað móðurmál en íslensku 1250 í leikskólum landsins árið 2005 eða 7,4 % allra leikskólabarna (voru 7% árið 2004). Ótvírætt er að þeim mun enn fjölga á næstu árum. Börn af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur voru 667 þann 31.12.2005 eða 10% allra leikskólabarna (þar af 239 báðir foreldrar af erlendum uppruna en 437 annað foreldrið). Um er að ræða 81 þjóðerni og a.m.k. 60 ólík tungumál. Atriði sem huga þarf að í þessu sambandi eru m.a. sérkennsla (íslenska), samskipti við foreldra, einelti og heilsugæsla (skv. upplýsingum Miðstöðvar heilsuverndar barna eru þessi börn meira frá í grunnskólum vegna veikinda).

**Kröfur til starfsfólks.** Þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi leikskóla undanfarin ár og áður er vikið að, hafa í för með sér að fjalla þarf frekar um hvaða kröfur gera þurfi til þeirra, sem starfa á leikskólum. Í núgildandi lögum er vikið að menntunarkröfum en eflaust þarf að skoða þær betur. Ef leikskólinn er að þróast meira í skóla þá þarf að efla menntun starfsfólks og skoða einnig aukinn fjölbreytileika í menntun. Með stefnunni um skóla án aðgreiningar verður að gera ráð fyrir meiri sérþekkingu inni í leikskólunum; s.s. sérkennurum, þroskaþjálfum etc. Þá þarf að auka þekkingu leikskólakennara og annarra starfsmanna á langvinnum sjúkdómum sem hafa áhrif á leikskólagöngu barna. Ánægjulegt er að skv. upplýsingum Hagstofu voru starfsmenn, sem lokið hafa uppeldismenntun fleiri á leikskólum árið 2005 en nokkru sinni frá árinu 1998 eða 33 % starfsmanna. Á móti kemur að starfsmannavelta er mikil á leikskólum hér á landi og er það sérstakt áhyggjuefni. Aukið brottfall, 25,8 % milli 2004 og 2005, er þó ýfið lægra ef eingöngu er lítið til þeirra starfsmanna sem vinna við uppeldi. Hafa þarf í huga í þessu sambandi mikilvægi stöðugleika fyrir ung börn. Tæp 50 % (49,6) starfsmanna voru í fullu starfi eða meira 2005- en 41,5 % 1998.

Rétt er að setja í löginn ákvæði um að afla skuli upplýsinga úr sakaskrá áður en starfsmaður er ráðinn á leikskóla - með sama hætti og gert er í 2. mgr. 36. barnaverndarlaga nr. 80/2002. (Ekki er nóg að 3. mgr. 36. gr. veiti heimild til þess). Hér er átt við að afla skuli upplýsinga skv. IV. kafla reglugerðar nr. 569/1999 um sakaskrá ríkisins. Rétt væri að miða við að viðkomandi hafi ekki gerst sekur um brot gegn ákvæðum eftirtalinnna kafla hegningarlaga nr. 19/1940: XXI. kafla (sifskaparbrott), XXII. kalfa (kynferðisbrott) XXIII. kafla (manndráp og líkamsmeiðingar) og XXIV. kafla (brott gegn frjálsræði manna). Rétt er að sveitarfélög og eða leikskólar setji sér verklagsreglur um hvernig taka beri á málum þegar grunur leikur á að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Rétt er einnig að kveða á um aðrar skyldur starfsmanna - svo sem að þeim beri að vinna í fyllsta samræmi við líkamlegar og andlegar þarfir barnanna og að þeir skuli gæta trúnaðar um hagi barns og foreldra og annað það sem þeir kunna að fá upplýsingar um í starfi sínu. Taka ber fram að ekki megi beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum eða þvingunum.

**Gæðamat.** Í 4. og 6. gr. núgildandi laga er vikið að mati á uppeldisstarfi leikskóla sem og í 25. og 26. gr. reglugerðar um starfsemi leikskóla. Í aðalnámskrá er fjallað ítarlegar um slíkt gæðamat, innra og ytra mat. Nauðsynlegt er að kveða skýrar á um gæðamat í lögnum sjálfum. Gera þarf ráð fyrir sjálfsmati leikskólanna sjálfra og tryggja aðkomu foreldra að því (og jafnvel barnanna sjálfra, sbr. rannsókn dr. Jóhönnu Einarsdóttur, KHÍ). Skylda þarf sveitarfélögin til að gera með reglubundnum hætti mat á starfsemi leikskólanna og kynna það opinberlega. Loks þarf að efla skipulegt ytra mat menntamálaráðuneytisins, m.a. til að tryggja að íslensk börn njóti jafnræðis óháð búsetu. Það er með öllu ótækt að í reglugerð er aðeins gert ráð fyrir að láta fara fram mat á a.m.k. einum leikskóla á ári. Það mun raunar vera gert á fleirum í reynd - ca. 5 - en það er of lítið (262 leikskólar á landinu í árslok

2005).

**Námskrár í hverjum skóla.** Kveða þarf á um í lögunum og hvað þar þurfi að koma fram - sbr. 31. gr. grunnskólalaga. Í aðalnámskrá fyrir leikskóla er nefnt að námskrá skuli vera í hverjum leikskóla - þar sem gerð skuli uppeldis- og námsáætlun til lengri eða skemmri tíma. Slík skólanámskrá sé grundvöllur þess að hægt sé að leggja mat á uppeldisstarfið í leikskóla eins og lög standi til. Tryggja þarf aðkomu foreldrafélaga að gerð hennar, sbr. framangreint.

Rétt er að vekja athygli á sérstæðu ákvæði í 18. gr. laga um leikskóla en þar segir: “Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1991. Lög þessi raska ekki gildi ákvæða laga nr. 112/1976 sem lúta að skóladagheimilum.” Lög nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn voru á sínum tíma felld úr gildi með lögum nr. 48/1991 um leikskóla að öðru leyti en því er lýtur að skóladagheimilum.

Í reynd má segja að óvissa ríki um hvaða lagaákvæði taki til þeirrar þjónustu er sveitarfélög veita grunnskólabörnum utan skólatíma -áður skóladagheimila, nú frístundaheimila. Úr því þarf að bæta og er þeirri ábendingu hér með komið á framfæri við menntamálaráðuneytið.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir nokkrum þeim atriðum, sem umboðsmaður barna telur að taka þurfi til sérstakrar athugunar við endurskoðun laga um leikskóla. Ekki er um tæmandi talningu að ræða- langt því frá. Þess ber og að gæta að um er að ræða minnispunkta undirritaðrar fyrir fund, sbr. fyrirsögn skjals þessa.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Rafnar

Til baka

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/1166**  
**komudagur 23.1.2008**

Menntamálanefnd Alþingis  
150 Reykjavík

Reykjavík 22. jan.2008

Umsögn Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum um eftirtalin frumvörp til laga um:

Grunnskóla, 285. mál.

Framhaldsskóla, 286. mál.

~~Leikskóla, 287. mál.~~

Menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288. mál.

Félagið gerir eftirfarandi athugasemdir um frumvörp þessi.

X **Frumvarp til laga um leikskóla.**

Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum fagnar nýjum áherslum í frumvarpi þessu. Félagið vill þó benda á mikilvægi þess að sérfræðipjónustan sé aðlöguð að þörfum fjölskyldunnar. Það er einnig mjög mikilvægt að við framkvæmd sérfræðipjónustu skuli sveitafélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla og grunnskóla með samfellu í skólastarfi að leiðarsljósi.

F.h. Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum,  
Ragna Marinósdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1097  
komudagur 22.1.2008



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 21. janúar 2008

Landssamtökin Proskahjálp þakka fyrir að fá til umsagnar: Frumvarp til laga um leiksskóla 287. mál.

Samtökin gera eftirfarandi athugasemdir við áðurgreint frumvarp.

### **Frumvarp til laga um leiksskóla 287. mál.**

Samtökin telja að á leikskólastiginu hafi orðið miklar breytingar á síðustu árum. Nánast má segja að öll fötluð börn gangi nú í almenna leiksskóla og langflest í sínu hverfi. Leikskólastigið er því í raun skóli án aðgreiningar og er ástæða til að fagna því sérstaklega.

Samtökin fagna eftirfarandi ákvæði í 12. gr. frumvarpsins; “Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir” þar sem horft er til mikilvægis þess aðstaða barna með sérþarfir sé í samræmi við þarfir þeirra.

Samtökin leggja áherslu á að öll þjónusta og þjálfun við börn með sérþarfir fari fram í leikskólanum, hinu eðlilega umhverfi barna, fremur en á sérstofnunum. Færa má rök fyrir því að þjónusta og þjálfun sem veitt er í umhverfi barnsins nýtist því betur í leik og starfi og til aukins þroska.


Í 21. grein hins nýja frumvarps til laga um leiksskóla stendur: “Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðipjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leiksskóla”.


Í 15. grein núgildandi laga um leiksskóla frá 1994 stendur: “Börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.”

Mun skýrar er kveðið á um rétt barna til sérþjónustu innan leikskólans í núgildandi lögum en í hinu nýja frumvarpi þó andi þess feli í sér að stefnt skuli að því að þjálfun og sérþjónusta fari fram að mestu leiti innan leikskólans. Samtökin lýsa áhyggjum sínum af því að með orðalagi frumvarpsins sé réttur barna til að fá þjónustu innan leikskólans minnkaður og hvetja til þess að um þetta sé fjallað með meira afgerandi hætti en gert er í frumvarpinu og tryggt að börn með sérþarfir njóti allrar nauðsynlegrar þjónustu inni á leikskólanum sjálfum óski foreldrar þess.

Virðingarfyllt

f.h. Landssamtakanna Proskahjálpar

  
Gerður A. Arnadóttir, formaður

  
Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri





Proskapjálfafélag Íslands

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1227  
komudagur 25.1.2008

Reykjavík 24.1.2008

Umsögn Proskapjálfafélags Íslands:

**Bingskjal 321 – 287. mál. Frumvarp til laga um leikskóla**

Proskapjálfafélag Íslands lýsir yfir ánægu sinni með markmiðum frumvarpsins og styrkingu þess við leikskólastigið sem fyrsta skólastig í skólakerfinu.

III. KAFLI.

**Starfslið leikskóla**

**6.gr. Starfslið**

Við aðra málsgrein bætist setning sem skilgreinir stöðu *proskapjálfa*. Málsgreinin verður svohljóðandi: *Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skulu hafa menntun leikskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu kennari og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Proskapjálfi skal hafa menntun proskapjálfa sbr. lög um proskapjálfa nr. 18/1978.* Við aðra setningu málsgreinarinnar bætist starfsheitið *proskapjálfi*. Setningin verður þá svo hljóðandi: *Kveða má á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara og proskapjálfa gagnvart öðru starfsliði leikskóla í reglugerð.*

**Rökstuðningur:**

Proskapjálfar eru sérstaklega menntaðir til að veita börnum með sérþarfir nauðsynlega þjónustu til efla alhliða þroska þeirra. Proskapjálfun er lögverndað starfheiti sbr. lög nr. 18/1978. Þeir eru ráðnir til að vera hluti af daglegu starfi leikskóla og sinna þar mikilvægu hlutverki í þjónustu við börn með sérþarfir. Þeir starfa faglega sjálfstætt. Proskapjálfar hafa sérstöðu miðað við aðra sérfræðinga sem falla undir sérfræðiþjónustu þar sem þjónusta þeirra er að fullu samofin þjónustu leikskólans. Til að tryggja leikskólabörnum með sérþarfir þjónustu proskapjálfa verður að skilgreina stöður þeirra innan leikskólanna.

**8. gr. Símenntun**

Við aðra málsgrein bætist: *proskapjálfar*. Greinin verður þá svohljóðandi: *Leikskólastjórar, leikskólakennara og proskapjálfar skulu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgagni að efla starfshæfni sína, kynnast nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstarf.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Proskapjálfafélags Íslands

*Salome Þórisdóttir*  
Salome Þórisdóttir, formaður



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. janúar 2008

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla.**


Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um leikskóla ÖBÍ fagnar þeim breytingum sem gerðar eru á lögnum og þeim áherslum sem þar koma fram um réttindi og velferð barna. Hins vegar eru gerðar athugasemdir við eftirfarandi atriði.

Eins og fram kemur í athugasemd við lagafrumvarpið er frumvarpinu ætlað að skapa stutta og hnitmiðaða rammalöggjöf með samhljóm við önnur skólastig. Athygli vekur að ekki er að finna sérstakan kafla í frumvarpi til leikskólalaga sem fjallar um réttindi nemenda á leikskóla, t.d. nemendur með sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku. Í frumvarpi til laga um grunnskóla er sérstakur kafla um réttindi og skyldur nemenda, sbr. IV. kafla frumvarpsins. Er ekki síður mikilvægt að réttindi nemenda á leikskóla séu vel skilgreind í lögnum um leikskóla, sbr. réttindi nemenda í grunnskóla, og að tryggja þann samhljóm í lögnum eins og stefnt er að með frumvarpinu. Um mikilvægi þess að sérstaklega sé fjallað um réttindi nemenda í lögnum um leikskóla má nefna sem dæmi réttindi heyrnarlausra barna sem tala táknmál og eiga það sem fyrsta mál/móðurmál. Í lögnum um leikskóla þarf að tryggja réttindi þessara barna þannig að þeim verði tryggður réttur til máls. Tryggja verður heyrnarlausum börnum málumhverfi (táknmál) á leikskóla svo þau fái notið þeirrar menntunar og leikskilyðra sem leikskólinn hefur upp á að bjóða sbr. 2. gr. frumvarpsins. Miðað við þá reynslu sem er af núgildandi lögnum og aðalnámskrá leikskóla þá tryggja þau ekki rétt heyrnarlausra barna til máls og hefur málþroski þeirra á táknmáli ekki náð að uppfylla það viðmið sem gengið er út frá að heyrnarlausir nemendur hafi náð við upphaf skólagöngu í grunnskóla og fram kemur í aðalnámskrá grunnskóla.

Réttindi barna með sérþarfir ættu einnig að eiga heima í sérstökum kafla um réttindi nemenda í leikskóla þar sem fjallað væri um rétt þeirra til að komið sé á móts við námsþarfir þeirra sbr. 17. gr. laga um grunnskóla.

Í 2. mgr. 9. gr. frumvapsins er fjallað um foreldra sem ekki tala íslensku eða nota táknmál. Þar segir að skólinn skuli leitast við að tryggja foreldrum túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Að mati ÖBÍ er ástæða til að breyta þessu ákvæði á þá leið að skólanum sé **skylt** að tryggja foreldrum sem nota táknmál túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Í þessu sambandi er vísað í Héraðsdóm Reykjavíkur frá nóvember 2005 en niðurstaða dómsins fól í sér skyldu Reykjavíkurborgar til að ábyrgjast túlkapjónstu í foreldraviðtölum í grunnskóla fyrir foreldra sem nota táknmál.

Virðingarfyllt,  
f.h. ÖBÍ

  
Hafdis Gísladóttir  
framkvæmdastjóri